

Sögu vera skrill



Mér hefur verið neitað um að hringja í ástvini og lögmann, án skýringa. Þetta er svo mikil valdbeiting.

segir Elinborg Harpa Ölundardóttir aktivisti sem lýsir reynslu sinni af því að liðsinna hælisleitendum og vinnubrögðum lögreglu. Olivia Bockob er fædd í Kamerún og fékk vernd á Íslandi eftir nærri tveggja ára baráttu og lýsir erfiðri reynslu sinni. ➔ 26



Þú vinnur fyrir mig eða deyrð. Ég hélt þetta væri bara ömurlegur brandari.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Skrímslabarnið

Erna og Saga gáfu út um 400 síðna bókverk. ➔ 32, 52



Þetta hefur aldrei sést áður

Útskriftarsýning nemenda LHÍ á Kjarvalsstöðum. ➔ 22



Lyf geta stöðvað HIV-smit

Baráttan við HIV ein mesta árangurssaga læknisfræðinnar.

➔ 8

nettó

Á NETINU

VERSLAÐU
Á NETINU

FLJÓTLEGT - EINFALT - ÞÆGILEGT



Lægra verð - léttari innkaup

OPNUNARTILBOÐ 30%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM
1.-5. MAÍ, NÝ OG ENDURBÆTT
VERSLUN Á SMÁRATORGI

30%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM
VÖRUM

KÓDI Í NETVERSLUN:
SUMAR

Lin
DESIGN

SMÁRATORGI | KRINGLAN | GLERÁRTORGI | LINDESIGN.IS

Veður



Vestan 5-10 m/s í dag, skýjað með köflum og yfirleitt þurrt. Gengur í norðvestan 10-15 um landið norðaustanvert með dálitilli vætu. Hiti 3 til 12 stig yfir daginn, hlýjast á Suðausturlandi. **SJÁ SÍÐU 42**



Valur Lýðsson dæmdur í fjórtán ára fangelsi. FRÉTTABLAÐID/EYÞÓR

Landsréttur þyngdi dóminn um sjö ár

DÓMSMÁL Landsréttur þyngdi í gær dóm yfir Val Lýðssyni, bónda að Gýgjarhóli II í Biskupstungum, úr sjö ára fangelsi í fjórtán. Valur var sakfelldur fyrir að hafa banað bróður sínum, Ragnari Lýðssyni, að kvöldi föstudagsins langa í fyrra. Héraðsdómur Suðurlands hafði áður dæmt Val í sjö ára fangelsi fyrir stórfellda líkamsárás sem varð Ragnari að bana. Ákærvaldið áfrýjaði dómnum til Landsréttar og krafðist sextán ára fangelsis. Niðurstaða Landsréttar var fjórtán ár sem fyrr segir.

Auk þess er Valur dæmdur til að greiða hverju fjögurra barna Ragnars þrjár milljónir króna. Það er sama upphæð og hann var dæmdur til að greiða í héraði. Börn Ragnars hafa gagnrýnt málsmeðferðina mjög og tjáð sig opinberlega um málið.

Athygli vakti þegar Valur kaus að tjá sig ekki við aðalmeðferðina í Landsrétti. Helgi Magnús Gunnarsson, vararíkissaksóknari og fulltrúi ákærvaldsins, sagði þar að enginn vafi léki á því að Valur hefði banað bróður sínum. Ekkert hafi endilega gefið til kynna að hann hefði ætlað sér að gera það en árásin hafi hins vegar verið gróf. Hann hafi ítrekað sparkað harkalega í höfuð bróður síns með fyrrgreindum afleiðingum. – dfb

Setið í sól og blíðu



Það var milt og fallett snemmsumarveður í miðborg Reykjavíkur í gær þegar þessi hópur grunnskólabarna settist niður á Arnarhóli og snæddi þar nesti. Börnin nutu sín í sólinni innan um ferðamenn jafnt sem heimamenn sem slökuðu á í grasinu og nutu velkominna sólargeisla. FRÉTTABLAÐID/ERNIR

Álitinn hafa áreitt konur

SAMFÉLAG Úttekt óháðra sérfræðinga leiddi í ljós að fyrrverandi yfirmaður sjúkraflutninga hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands hefði áreitt minnst fjórar samstarfskonur sínar kynferðislega. Brotin eru álitin gróf og niðurlægjandi. Frá þessu var greint í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gær.

Stjórnendur létu strax gera athugun í kjölfar kvartana fjögurra kvenna undan manningum. Í fréttinni kom fram að í bréfi til þolenda komi fram að það sé ótvíráð niðurstaða að brotið hafi verið á konunum fjórum.

Haft var eftir einni konunni að hún ætlaði að kæra málið til lögreglu. Heilbrigðisstofnunin hefur tilkynnt málið til Landlæknisembættisins sem hefur eftirlitshlutverk gagnvart heilbrigðisstarfsmönnum. Maðurinn lét af störfum 1. apríl síðastliðinn þegar skipunartíma hans lauk. – smj

Ömurlegur kumbaldi sem skyggir á Viðey

Nýtt hátæknivöruhús í Sundahöfn byrgir útsýni yfir Viðey. Starfsfólk annarra fyrirtækja á svæðinu er ekki ánægt. Deiliskipulagið var samþykkt árið 2017 en fór aðeins í grenndarkynningu í öðrum vöruhúsum á hafnarbakkanum.

SKIPULAGSMÁL Starfsfólk skrifstofuhúsnæðis í Sundaborg sem snýr að Viðey við Sundahöfn eru ósáttir við nýtt vöruhús sem er nú í smíðum við hafnarbakkanum.

Goði Sveinsson, sem rekur fyrirtæki sem snýr að vöruhúsinu, segir alla sem hann tali við um málið eiga það sameiginlegt að hafa óbeit á byggingunni, hún sé of há, falli ekki vel að umhverfinu og skyggi á útsýnið til Viðeyjar. „Það er verið að taka útsýnið yfir þessa fallegu perlu sem Viðey er. Og líka hluta af Esjunni. Þetta er með ólíkindum,“ segir Goði.

Vöruhúsið sem um ræðir er í Korngörðum 3 og er í eigu Dalsness ehf. sem rekur meðal annars heildverslunina Innnes. Fullbyggt mun það sameina starfsemi Innnes undir einu þaki. Um er að ræða hátæknivöruhús með búnaði sem er sá fyrsti sinnar tegundar hér á landi.

Goði er ekki einn um skoðanir sínar á vöruhúsinu. Hálfán Örylgysson tekur í sama streng. „Þetta er bara umhverfisslys. Við vorum með svo frábært útsýni yfir Viðey. Turninn við hliðina á þessu slapp alveg, en þetta er allt annað,“ segir Hálfán. „Það má ekki gleyma því að náttúran er hluti af borginni, hún skiptir máli.“

Samkvæmt deiliskipulagi frá 2006 var gert ráð fyrir 26 metra háu húsi á lóðinni. Deiliskipulaginu var breytt í borgarráði haustið 2016, fór þá hámarkshæð hússins í 35 metra. Höfðu þeir sem töldu sig hafa hagsmuna að gæta frest til loka árs 2016 til að skila inn athugasemdum.

Björn Axelsson, skipulagsfulltrúi í Reykjavík, segir ekkert hægt að gera á þessum tímum nema fara í langt og erfitt lögræðiferli



Í deiliskipulagi má byggingin vera 35 metra há. FRÉTTABLAÐID/SIGTRYGGUR ARI

Þetta var grenndarkynnt, það var sent bréf á Korngarða 1 og Skarfagarða 2 þar sem vakinn var athygli á þessum breytingum og þeim gefinn kostur á að koma með athugasemdir og ábendingar.

Björn Axelsson, skipulagsfulltrúi í Reykjavík

þar sem sýna þurfi fram á tjón. Deiliskipulagið hafi verið samþykkt fyrir tveimur árum. „Þetta var grenndarkynnt, það var sent bréf í Korngarða 1 og Skarfagarða 2 þar sem vakinn var athygli á þessum breytingum og þeim gefinn kostur

á að koma með athugasemdir og ábendingar,“ segir Björn. Um er að ræða vöruhús Elko og Banana sem liggja að lóð Korngarða 3. „Við máttum það svo að þau hefðu einhverra hagsmuna að gæta gagnvart þessu húsi. Þeir fengu bréf, síðan rann þetta út og skipulagið var samþykkt athugasemdalaust.“

Steiney Halldórsdóttir sér bygginguna þegar hún lítur út um skrifstofugluggann, hún er mjög harðorð í garð byggingarinnar. „Þetta er ömurlegur kumbaldi. Viðbjóðslegur. Við vissum ekki af þessu fyrr en þetta var komið upp, þetta var ekkert kynnt fyrir okkur.“

Ingimar Tómas Ísaksson saknar þess að sjá Viðeyjarstofu. „Við sáum fyrst súlur og grindina rísa, nú kemur þetta í veg fyrir að við sjáum Viðeyjarstofu. Ég er hissa á að þetta sé leyft,“ segir Ingimar og lítur út um gluggann. „Þetta er hvítleitt.“ arib@frettabladid.is

Sólarlandaferðir á betri verðum

Spari dagar
Heimsferða

Frá kr. **79.995**

NÁNAR Á HEIMSFERDIR.IS

595 1000

Heimsferðir

GRÆNIR DAGAR

20% * AF ÖLLUM GARÐHÚSGÖGNUM, SESSUM OG BLÓMAPOTTUM

*GILDIR ÚT 5 MAÍ



FLORA DANICA
DÚNSÆNG OG KODDI

KODDI FULLT VERÐ: 12.990

6.495

50% *



SÆNG FULLT VERÐ: 39.990

19.990

*GILDIR ÚT 7. MAÍ

ÖLL
GERVIBLÓM



25% *



*GILDIR ÚT 7. MAÍ

ÖLL
STURTUHENGI OG BAÐSLOPPAR

30% *



*GILDIR ÚT 7. MAÍ

ÖLL
ELDHÚS- OG BORDSTOFUBORÐ

20-40% *



*GILDIR ÚT 5. MAÍ

**RÚMFATA
LAGERINN**
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

TÖLUR VIKUNNAR 28.04. 2019 TIL 04.05. 2019

4 kg

af kannabis hugðist maður flytja út með Norrænu og var handtekinn fyrir vikið.



790

þúsund krónum varði Fangelismálastofnun á síðasta ári í kaup á tóbaki fyrir verslanir fanga í fangelsum landsins.





5%

kvenna sem fóru fram á nálgunarbann fengu það samþykkt á síðast ári.

25

er fjöldi útibúa Domino's á Íslandi um þessar mundir en þau voru 14 árið 2011.



600

milljónir króna eru til skiptanna til handa þeim sýknuðu í Guðmundar- og Geirfinnsmálum sem voru samanlagt 9.952 daga á bak við lás og slá.

101

barn missir að jafnaði foreldri á ári hverju samkvæmt Hagstofnunni.



Þrjú í fréttum 1. maí, endurkoma og sæstrengur

Sólveig Anna Jónsdóttir

formaður Eflingar

hélt innblásna ræðu á fjöldafundi í tilefni af 1. maí á Ingólfstorgi. Hún sagði þann tíma liðinn þar sem verkalýðurinn léti sér nægja að biða og biðja.



Ágúst Ólafur Ágústsson

þingmaður Samfylkingar

sneri aftur á þing eftir að hafa farið í leyfi vegna ósæmilegrar og niðrandi hegðunar í garð konu. Hann sótti sér aðstoð hjá SÁÁ þar sem hann segist hafa horfst í augu við vanmátt sinn gagnvart áfengi.



Skúli Magnússon

héraðsdómari og dósent við laga-deild HÍ

kom fyrir utanríkismálanefnd og ræddi 3. orkupakkann. Hann sagði það vera lögfræðilega loftfímleika að halda því fram að samþykkt hans leiddi til þess að ríkið yrði skyldað til að leggja sæstreng.



Jóhann Helgason segir ekkert óvænt í rökum mótaðilanna

Að sögn Jóhanns Helgasonar kemur honum ekkert á óvart í rökum lögmanna tónlistarfyrirtækja sem eru meðal þeirra sem tónlistarmaðurinn hefur stefnt vegna meints stuldar á laginu Söknuði. Hann vísar á bug fullyrðingum um að Söknuður og lagið You Raise Me Up byggja bæði á írsku þjóðlaginu Danny Boy.

DÓMSMÁL „Þetta er það sem við bjuggumst við. Það er ekkert annað sem þeir geta reynt að nýta sér,“ segir Jóhann Helgason tónlistarmaður um rök lögmanna stórfyrirtækja sem Jóhann hefur stefnt í Bandaríkjunum vegna meints stuldar á laginu Söknuði.

Í Fréttablaðinu í gær var vitnað í ný málsskjöl fyrir alríkisdómstóli í Los Angeles. Þar vill Jóhann fá viðurkennt að lagið You Raise Me Up eftir Norðmanninn Rolf Løvland frá árinu 2001 sé stolið úr laginu Söknuði sem Jóhann samdi og kom út á plötu 1977.

Í nýja skjalinu er að finna bæði sjónarmið lögmanna Jóhanns og rök lögmanna hluta þeirra sem hann stefnir í málinu.

Meðal annars kemur fram í umræddu skjali að lögmenn tónlistarfyrirtækja sem stefnt er segjast munu halda því fram við rekstur málsins að lögin Söknuður og You Raise Me Up séu bæði byggð á eldri lögum, sérstaklega írsku þjóðlaginu Danny Boy. Engin þau líkindi séu með lögunum tveimur sem komi nálægt því að jafngilda stuldi á Söknuði.

„Þeir eru kræfir og það er náttúrulega ákveðinn hroki og rangfærslur í ýmsu hjá þeim,“ segir Jóhann sem kveðst sjálfur aldrei hafa tengt Söknuð við Danny Boy. Það hafi fyrst verið gert er hann leitaði til norrænu höfundarréttarsamtakanna 2004. „Það hafði aldrei hvarflað að mér og það á við um marga. Tónlistargreinendur sem gert hafa mat á lögunum segja að þau sé líkari hvort öðru heldur en lík Danny Boy enda hljómar Danny Boy allt öðru vísi en þessi lög.“



Jóhann Helgason segir ekkert nýtt í rökum lögmanna andstæðinga sinna fyrir dómi í Los Angeles. FRÉTTABLAÐIÐ/EYFÓR

Það voru einmitt tilmæli frá dómáranum í upphafi að menn væru ekki með neitt svona sem tefði og byggji til kostnað en það er það sem hann er að gera.

Jóhann Helgason tónlistarmaður

Fram kom í Fréttablaðinu í gær að ekki hefði náðst að birta Rolf Løvland stefnu í málinu. Samkvæmt tónlistarmaðurinn í tvisgang endursent stefnu sem hann hefur fengið óundirritaða.

„Það voru einmitt tilmæli frá dómáranum í upphafi að menn væru ekki með neitt svona sem tefði og byggji til kostnað en það er það sem hann er að gera,“ segir Jóhann um viðbrögð Løvlands í málinu. Enn er að unnið að því að birta Løvland stefnuna.

Lögmenn tónlistarfyrirtækjanna

gera athugasemd við að Jóhann hafi „valið“ að biða í mörg ár með stefnuna. You Raise Me Up kom út 2001 og varð heimsfrægt árið 2003.

„Það er dálítið skritið því í stefnunni kemur fram að málið hafi strandað á fjármögnun á sínum tíma. Þeir vita það þannig að þeir eru að fara með rangt mál,“ svarar Jóhann þessu atriði.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær eiga lögmenn málsaðila að mæta fyrir dómara í Los Angeles næstkomandi föstudag. Þá á að ræða umgjörð og dagskrá málsins í framhaldinu. gar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.

Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á www.frettabladid.is/nyskraning. Það kostar ekkert.

NÝR RAM 3500 2019 - FRUMSÝNDUR 11. MAÍ

ramisland.is



VERÐ FRÁ: 6.967.745 KR. ÁN VSK.
VERÐ FRÁ: 8.640.000 KR. M/VSK.

ÍSABAND
ÍSLENSK-BANDARISKA EHF. BÍLAUMBOD

UMBODSADILI RAM TRUCKS Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

RAM
UMBODSADILI RAM Á ÍSLANDI



Herra
lagerinn
outlet
líka fyrir konur

BOSS
HUGO BOSS

SAND
COPENHAGEN

POLO
RALPH LAUREN

Stenströms

EMPORIO

ARMANI

eterna

gardeur

HUGO
HUGO BOSS

CORNELIANI

FINUCCI

bugatti

JACOB COHËN

TINO COSMA

MANZ
GERMANY QUALITY SHOES SINCE 1898

BARKER
ENGLISH SHOEMAKERS SINCE 1880

LLOYD

**Troðfull verislun af
merkjavöru!**

40-70%

**afsláttur
af öllum vörum**

Opið virka daga frá kl. 11 til 18
laugardaga frá kl. 11 til 17
sunnudaga frá 13 til 17
Sími 568 9512

Suðurlandsbraut 54 bláu húsin (við faxafen)

FRÉTTABLAÐIÐ

+PLÚS

Myndir frá Esjuhlaupi Crossfit-kappa má sjá +Plúsiðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**

Rannsóknasjóður

Umsóknarfrestur 20. júní

Hlutverk Rannsóknasjóðs er að styrkja vísindarannsóknir og rannsóknatengt framhaldsnám á Íslandi. Í þeim tilgangi styrkir sjóðurinn skilgreind rannsóknaverkefni einstaklinga, rannsóknahópa, háskóla, rannsóknastofnana og fyrirtækja.

Auglýst er eftir umsóknum um styrki úr Rannsóknasjóði fyrir styrkarið 2020. Umsóknarfrestur er til kl. 16:00, 20. júní 2019.

Umsækjendur eru beðnir um að kynna sér vel reglur Rannsóknasjóðs fyrir styrkarið 2020 áður en hafist er handa við gerð umsókna.

Umsóknum skal skilað rafrænt í gegnum umsóknarkerfi Rannís. Umsóknir og umsóknargögn skulu vera á ensku.

Nánari upplýsingar og aðgang að rafrænu umsóknarkerfi má nálgast á www.rannis.is



ÍSÓL

Stakar einingar úr vinnubúðum til sölu

8 nýlegar einingar, 27 fm2 með WC, sturtu og eldhúskrók, fluttar inn nýjar 2016 og voru notaðar í ca. 14 mánuði. Rúm og dýnur ásamt lausamunum fylgja.

2 einingar úr timbri, 15 fm2 með WC, sturtu og eldhúskrók. Rúm og dýnur ásamt lausamunum fylgja.

Skrifstofueining, úr timbri, 115fm. Samanstendur af 4 einingum, lítið eldhús og baðherbergi með sturtu innifalið.

Nánari upplýsingar má finna á www.isol.is eða hægt að hafa samband hjortur@isol.is

Ísól ehf. er framsækin heildsala sem hefur þjónustað iðnað á Íslandi í yfir 50 ár. Meiginstarfsemi fyrirtækisins er heildsala á verkfærum, festingum og efnavörum á fyrirtækjamarkaði.

AÐALFUNDUR HUNDARÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

VERÐUR HALDINN MIÐVIKUDAGINN 15. MAÍ 2019
Í VERSLUNARSKÓLA ÍSLANDS, BLÁA SAL OG HEFST KL. 20:00.

Dagskrá:

1. Skipan fundarstjóra, fundarritara og lögmæti fundarins kannað
2. Skýrsla stjórnar HRFÍ
3. Ársreikningar félagsins ásamt skýrslum löggilts endurskoðanda og félagskjörinna skoðunarmanna fyrir síðastliðið ár, lagðir fram til staðfestingar
4. Skýrsla um starfsemi síðanefndar
5. Starfs- og fjárhagsáætlun stjórnar samþykkt fyrir næsta starfstímabil
6. Lagabreytingar
7. Kosning formanns HRFÍ og annarra stjórnarmanna skv. 10. gr laga félagsins
8. Kosning tveggja félagskjörinna skoðunarmanna og tveggja til vara
9. Kosning síðanefndar
10. Önnur mál

Stjórn Hundaræktarfélags Íslands

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu félagsins www.hrfi.is



Ábendingahnaappinn má finna á www.barnaheill.is



Karl Schütz á blaðamannafundi um lausn Geirfinnsmálsins.

Krefja þýsk stjórnvöld svara um Geirfinnsmál

Nokkrir þýskir þingmenn hafa lagt fram ítarlega fyrirspurn um rannsókn Geirfinnsmálsins. Spyrja sérstaklega um aðkomu hins þýska Karls Schütz. Fyrirspurninni beint til þýskra stjórnvalda og lögreglu. Lásu fyrst um málið í Grapevine.

GEIRFINNSMÁL Aðdragandi þess að þýsk stjórnvöld komu Íslendingum til aðstoðar við rannsókn Geirfinnsmálsins, notkun lyfja og pyndinga við rannsóknina og fortið rannsóknarlögreglumannsins Karls Schütz er meðal efnis í ítarlegri fyrirspurn sem lögð var fram í þýska sambandsþinginu, Bundestag, síðastliðinn mánudag.

Það eru átta þingmenn þýska vinstri flokksins Die Linke sem standa að fyrirspurninni. „Við lásu bara um þennan hrylling í Grapevine,“ segir Andrej Hunko, einn þingmannanna, í samtali við Fréttablaðið og bætir við að þau hafi átt nokkur samskipti við Snorra Pál Jónsson Úlfhildarson hjá Grapevine í kjölfarið en einnig Ógmund Jónasson sem Andrej þekkir af vettvangi Evrópuráðsins.

Fyrirspurn þingmannanna er beint til þýsku ríkisstjórnarinnar en spurningum bæði beint til stjórnarinnar og alríkislögreglunnar. Í greinargerð sem fylgir fyrirspurninni er það sem vitad er um aðkomu Karls Schütz að málinu rakið og vísað til íslenskrar fjölmíðlaumfjöllunar, heimildarmyndar og ritrýndra greina eftir Gísla Guðjónsson réttarsálfræðing.

Rakin eru pólitísk vandræði Ólafs Jóhannessonar, þáverandi dómsmálaráðherra, vegna rannsóknar málsins og meint tengsl Klúbbsmanna við Framsóknarflokkinn og tilheyrandi ógn sem fall ríkisstjórnarinnar væri við náð samstarf ríkja Atlantshafsbandalagsins á þessum tíma í miðju kalda stríðinu. Þá er farið yfir það sem opinbert er um tildrög þess að Ólafur óskaði aðstoðar utan Íslands við að leysa málið og boð þýskra stjórnvalda um að senda Karl Schütz, rannsóknarlögreglumann á eftirlaunum, til Íslands.

Vikið er að ferli Schütz í Þýska-

Efni fyrirspurnar þingmannanna

- Í fyrstu þremur spurningunum er óskað upplýsinga um aðdraganda þess að þýsk stjórnvöld veittu aðstoð við rannsókn mála og Karl Schütz tók við rannsóknarteymi á Íslandi. Óskað er upplýsinga um samskipti ráðherra og ríkisstjórna landanna og hvaða embættismenn áttu samskipti við Pétur Eggertz sendiherra vegna málsins.
- Óskað er upplýsinga í tveimur liðum um framkvæmd réttarmeinarannsóknar á meintum sönnunargögnum í málinu á vegum þýsku alríkislögreglunnar; hver óskaði eftir henni, hver framkvæmdi hana og hver greiddi fyrir hana.
- Óskað er upplýsinga í þremur liðum um aðkomu nokkurra háttsettra embættismanna að málinu og er þar vísað til þáverandi forseta alríkislögreglunnar, ráðuneytisstjóra innanríkisráðuneytisins, réttarmeinafræðinga og annarra embættismanna sem forseti Íslands sámdí fálkaorðu árið 1978.
- Spurt er hvort þingmenn, vatnsþyndingar og sefjunarlyf og önnur geðlyf hafi verið þáttur í yfirheyrsluáferðum þýsku alríkislögreglunnar á sjöunda áratugnum og hvort þýsk stjórnvöld hafi upplýsingar um beitingu vatnsdrekkinga eða notkun sefjunarlyfja og annarra geðlyfja við rannsókn Guðmundar- og Geirfinnsmála að skipun eða með samþykki

Karls Schütz.

- Þá er spurt til hvaða aðgerða alríkislögreglan hafi gripið í kjölfar sýknudóms Hæstaréttar Íslands og hvort einhverja viðbragða sé að vænta við afhjúpunum um játningar sem fengnar voru undir stjórn fyrrum rannsóknarmanns stofnunarinnar með aðferðum á borð við langa einangrunarvist, þvinganir og vatnsdrekkingar.
- Óskað er upplýsinga um hvort og að hvaða marki alríkislögreglan hyggst gera opinber þau formlegu samskipti sem farið hafa á milli hennar og íslenskra stjórnvalda um málið með vísan til þeirra réttaraflapa sem framin voru undir þýskri stjórn eða með aðstoð þýskra embættismanna.
- Spurt er hvaða upplýsingar stjórnvöld hafi um skrár sem liggja eftir Schutz og aðra embættismenn um rannsóknina og hvaða gögn sé unnt að finna í gagnasöfnum alríkislögreglunnar eða þýskra stjórnvalda.
- Þá er spurt hvort stjórnvöld viti til þess að Karl Schütz hafi tilheyrt svokölluðum Charlottenburger hópi innan alríkislögreglunnar.
- Lokaspurningin er svohljóðandi: Með hvaða hætti vill og getur þýska alríkislögreglan aðstoðað við að skýra þátttöku sína við öflun falskra játninga í rannsókn á hvarfi Guðmundar Einarssonar og hvarfi Geirfinns Einarssonar?

Sendiráðið er algerlega sammála ráðuneytinu, að Karl Schütz eigi fullkomlega skilið að fá Íslensku fálkaorðuna og það stórriddarakross.

Úr bréfi sendiráðs Íslands í Bonn, febrúar 1977.

landi og aðkomu hans að lausn stórra sakamála. Þá er vísað til fregna um að Schütz hafi verið veitt fálkaorða fyrir aðstoð við íslenska ríkið auk nokkurra háttsettra þýskra embættismanna.

Áð lokum er greint frá því að nú hafi verið opinberað hvernig staðið var að rannsókn málsins, hvernig játningar voru fengnar með einangrunarvist og þvingunum og að sakfellingardómum hafi verið snúið við. Áð loknum inngangi er fyrirspurnin lögð fram í sextán liðum.

Aðspurður segir Andrej að ríkisstjórnin hafi tveir vikur til að svara fyrirspurnum þingmannanna en þegar fyrirspurnir eru ítarlegar eins og í þessu tilviki geti dregist eitthvað að svara. adalheidur@frettabladid.is

Meira svona alla daga



Tilboð gilda út 5. maí

NÝJUNG

Hagkaups pizzur 15"

Ferskar pizzur tilbúnar beint í ofninn
8 mínútur á 220°C - 5 spennandi tegundir

verð frá **1.699** kr/stk

Toppaðu pizzuna með
hvítlauksolíu frá Ítalíu



25%
afsláttur

Trufflumarineraður
nautavöðvi

2.849 kr/kg

Verð áður 3.799 kr/kg



35%
afsláttur

Lambainnrálæri

2.989 kr/kg

Verð áður 4.599 kr/kg



20%
afsláttur

Lærissneiðar,
framhryggjasneiðar og
skyndigrillsneiðar



Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP

Meira
svona
alla daga

Lyfjameðferð við HIV fyrirbyggir smit

Ný rannsókn varpar einstöku ljósi á virkni andretroveirulyfja til halda HIV í skefjum og lágmarka líkur á smiti. Lyfin virka, og nú beina vísindamenn sjónum að því að koma öllum HIV-smituðum á lyfin svo stöðva megi hnattrænan faraldur HIV.


HEILBRIGÐISVÍSINDI Andretroveirulyf hafa á ný sannað gildi sitt sem meðferð við HIV-sýkingu. Í niðurstöðum nýrrar rannsóknar, sem birtar voru í læknaritinu The Lancet í vikunni, kemur fram að ekkert nýsmít var skráð yfir sjö ára tímabil meðal tæplega eitt þúsund para samkynhneigðra karlmanna, þar sem smitaður maki tók andretroveirulyf.

„Þetta eru ekki mjög óvæntar niðurstöður, en þær eru mjög mikilvæg staðfesting á því að lyfin hafa gríðarlega mikið að segja hvað varðar smithættu,“ segir Magnús Gottfredsson, prófessor í smitsjúkdómum og forseti Samtaka sérfræðinga í smitsjúkdómum og sýklafræði á Norðurlöndum. „Þeir sem eru með ómælanlegt magn veirunnar í blóði eru raunverulega ekki smitandi við kynlíf, hvorki gagnkynhneigt kynlíf né endaparmsmök.“

Rannsóknin sem birt var í The Lancet er liður í PARTNER-rannsóknarverkefninu. Niðurstöður úr fyrri fasa þess voru kynntar árið 2016. Þar var kannað hvaða áhrif lyfin hefðu á nýgengi HIV meðal samkynhneigðra og gagnkynhneigðra para. Niðurstöðurnar þá voru þær sömu og nú en sökum þess hversu fá þör tóku þátt sem tilheyrðu mikilvægum undirhópi – samkynhneigðum karlmönnum í föstu sambandi þar sem annar aðilinn er HIV-jákvæður en hinn neikvæður – var ákveðið að einblína á hann nú.

Þessar nýju niðurstöður sýna fram á að andretroveirulyf stuðluðu að því að ekkert nýtt smit átti sér stað hjá þessum þörum, þó svo að óvarið kynlíf væri stundað um endaparm rúmlega 76 þúsund sinnum. Hins vegar voru 15 ný tilfelli af HIV skráð hjá þörum á þessu tímabili en í öllum tilfellum var um að ræða kynlíf utan sambands og með einstaklingi sem var ekki í meðferð við HIV.

Rannsóknarhöfundar komust með öðrum orðum að því að líkurnar á því að HIV-smitaður karlmaður, sem tekur andretroveirulyf



Tölvuteiknuð mynd af HIV-veirunni.

Hvað er HIV?

HIV er samheiti tveggja lentiveira sem tilheyrja flokki svokallaðra retróveira. HIV, líkt og aðrar retróveirur, einkennast af löngum meðgöngutíma áður en einkenni koma fram. HIV ræðst á og lamar ónæmiskerfi hins smitaða.

HIV er veira og líkt og allar aðrar veirur þarf hún hýsil til að fjölga sér. Líkt og ebóla og inflúensa þá er HIV ekki í jafnvægi við hýsil sinn. Þeir sjúkdómar sem mynda slíkt jafnvægi, líkt og

herpes, mislingar og kvef, eru og hafa verið í langan tíma bundnir við ákveðna tegund eða gerð hýsla.

HIV stökk tiltölulega nýlega frá einni tegund í aðra, frá öpum í menn, og hefur því ekki öðlast getu til að lifa í sátt og samlyndi við mannkyn. Enda verður það seint veiru í hag að sýkja hýsil sinn svo að hann virki ekki lengur sem slíkur.

og er með veirufjölda sem er undir 200 eintökum í millilítra, smiti frá sér eru engar (95 prósent öryggismörk).

„Andretroveirulyf hafa á síðustu árum orðið betri, áreiðanlegri, auðveldari til inntöku og mun ódýrari. Niðurstöður PARTNER-rannsóknarinnar veita enn skýrari sýn á mikilvægi þess að veita öllum tækifæri til að fara í greiningarpróf og fá í kjöl-

farið meðhöndlun reynist prófið jákvætt, svo að sem flestir fái notið góðs af andretroveirulyfjum,“ ritaði Myron S. Cohen, prófessor í veiru- og ónæmisfræði við háskólann í Norður-Karólínu, í álitni sem birt var samhliða rannsóknarniðurstöðunum.

Magnús ítrekar að tímanleg greining á HIV-smiti sé forsenda þess að hægt sé að koma böndum á útbreiðslu sjúkdómsins.

„Það skiptir eiginlega öllu máli,“ segir Magnús. Þegar við erum komin með svona öflug lyf, þá er jafnframt ljóst að þeir sem eru smitaðir og eru í meðferð eru ekki smitandi í 97 prósentum tilvika. Þannig að þessir einstaklingar eru bæði við ágæta heilsu og geta haldið fullu starfsþreki. Hinir, sem eru smitaðir en vita ekki af því, eru raunveruleg uppspretta nýsmita í samfélaginu. Ef einhver hefur mögulega verið útsettur fyrir veirunni þá ætti auðvitað að kanna það og láta prófa sig. Ef það er ekki gert þá myndast sá möguleiki að fólk gangi um smitandi árum saman og greinist síðan þegar það er komið með einkenni lokastígs sjúkdómsins. Það gerist því miður í allt of miklum mæli.

Aðeins 38 ár eru síðan HIV uppgötvaðist. Síðan þá hefur HIV, sem veldur hæggengu niðurbroti ónæmiskerfisins, dregið í kringum 40 milljónir manna til dauða. Með hjálp andretroveirulyfja geta smitaðir einstaklingar í dag lifað nær eðlilegu lífi og lífslíkur þeirra nálgast nú lífslíkur þeirra sem eru ósmitaðir.

●● Þetta eru ekki mjög óvæntar niðurstöður, en þær eru mjög mikilvæg staðfesting á því að lyfin hafa gríðarlega mikið að segja.

Magnús Gottfredsson prófessor



Samkvæmt upplýsingum frá HIV Ísland, samtökum HIV-smitaðra á Íslandi, hafa hátt í 90 manns greinst með HIV hér á landi á síðustu þremur árum og frá upphafi hafa um 450 greinst með veiruna. Magnús segir smitaða hér á landi fá sömu meðferð og þekktist í öðrum vestrænum ríkjum og árangur af notkun andretroveirulyfja hefur verið afar góður.

„Það eru vel yfir 90 prósent af þeim sem eru hjá okkur sem eru með ómælanlegt magn veiru í blóði,“ segir hann. „En því miður eru fáeinir einstaklingar sem eru með HIV og eru í virkri neyslu og ekki í lyfjameðferð. Það er mikið áhyggjuefni að ekki tekst að koma þessu fólki á meðferðir, bæði þeirra vegna og annarra.“

Þó svo að umbylting hafi orðið í meðhöndlun HIV-sýkinga með nýjum lyfjum, þá er mikið verk óunnið enda glíma milljónir manna við sjúkdóminn, þar á meðal á stöðum þar sem aðgengi að andretroveirulyfjum er takmarkað og sjálfur sjúkdómurinn jafnvel álitinn tabú.

„Þetta er ein af mestu árangursögum læknisfræðinnar. Við tókum sjúkdóm sem var alveg óþekktur í upphafi níunda áratugarins, greindum hann og þróuðum lyf, og gerðum hann að læknanlegum krónískum sjúkdómi, sjúkdómi sem hægt er að halda algerlega í skefjum,“ segir Magnús.

kjartanh@frettabladid.is



Látið okkur um rekstur húsfélagsins

Við sérhæfum okkur í umsjón með rekstri húsfélaga og bjóðum trausta og faglega þjónustu á góðu verði.

Hafðu samband og fáðu tilboð strax í dag!





TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

ELEGANS



Sýning hjá Toyota Kaupúni í dag kl. 12–16

Það geta allir verið elegant á laugardag í Kaupúni þar sem hr. Elegans verður með hálf tíma tónleika. Að skemmtun lokinni mun Páll Óskar blanda geði við gesti og bjóða aðdáendum að smella af sér myndum með poppgoðinu – áður en Páll ekur út með elegans á nýrri Toyotu í tilefni dagsins.



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

Páll Óskar skemmtir sér
og öðrum frá kl. 13:30

Stytttri vinnuvika hefur jákvæð áhrif

Niðurstöður tilrauna-
verkefnis um styttingu
vinnuvikunnar sýna
fram á jákvæð áhrif
færri vinnustunda
og eru þarft innlegg í
kjaraviðræður opinbera
vinnumarkaðsins.

ATVINNULÍF Greina má jákvæð
áhrif styttri vinnuviku hjá starfs-
fólki þeirra vinnustaða sem tóku
þátt í tilraunaverkefni Reykja-
víkurborgar um styttingu vinnu-
vikunnar. Starfsfólkið finnur bæði
fyrir aukinni starfsánægju og betri
andlegri og líkamlegri líðan. Þetta
kemur fram í skýrslu sem gefin var
út um niðurstöður verkefnisins.

Árið 2015 fór Reykjavíkurborg
af stað með tilraunaverkefni um
styttingu vinnuvikunnar í tveimur
starfsstöðvum borgarinnar. Þjón-
ustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts
og skrifstofu Barnaverndar. Vinnu-
stundum var fækkað úr 40 klukku-
stundum á viku í 35 á Þjónustumið-
stöðinni og úr 40 í 36 á skrifstofu
Barnaverndar. Verkefnið var unnið
í samvinnu við BSRB.

Niðurstöðurnar sem fram koma
í skýrslunni eru úr fyrri hluta verk-
efnisins en verkefnið er tvíþætt.
Annars vegar er um samvinnu BSRB
og Reykjavíkurborgar að ræða og
hins vegar samvinnu BSRB og ríkis-
ins.

Ekki var mælanlegur munur á við-
horfi til þjónustu og opnunartíma



Jákvæð áhrif af styttri vinnuviku var meðal niðurstaðna tilraunaverkefnis hjá Reykjavíkurborg. FRÉTTABLAÐID/VILHELM

stofnananna en veikindadögum
fækkaði og engar breytingar voru
á hreyfingum á málaskrá Barna-
verndar. Yfirvinna jókst lítillega á
báðum stöðum. Innan Barnaverndar
er yfirvinna í formi bakvakta sem
unnar eru á föstudögum en á þjón-
ustumiðstöðinni fellur hún innan
fastlaunasamninga svo launakostna-
ður eykst ekki. Ekki mátti greina
minni árangur eða skilvirkni innan
starfsstöðvanna þrátt fyrir færri
vinnustundir ásamt því að streitu-
einkenni starfsfólks drögust saman.

Ásmundur Einar Daðason
félagsmálaráðherra segir niður-
stöður verkefnisins vera innlegg
í þá vinnu sem fram undan er hjá
opinbera vinnumarkaðnum í gerð
kjarasamninga. En yfir 100 kjara-
samningar opinberra starfsmanna
eru lausir í lok maí. „Niðurstaðan af
þessu verkefni er auðvitað innlegg
í vinnuna sem fram undan er og
við höfum fundið það að opinberi
vinnumarkaðurinn hefur líkt og
sá almenni verið að leggja áherslu
á styttingu vinnuvikunnar,“ segir

Ásmundur og bætir því við að tekin
hafi verið ákvörðun í ríkisstjórn
um að framlengja verkefnið á þeim
starfsstöðvum þar sem það hefur
verið innleitt þar til samist hefur á
opinbera vinnumarkaðnum.

Formaður BSRB, Sonja Ýr Þor-
bergsdóttir, segir niðurstöðu verk-
efnisins jákvæða. „Niðurstaðan er
mjög skýr um að allir þessir nei-
kvæðu þættir sem við vildum sjá
dragast saman eru að gera það eins
og andleg og líkamleg streituein-
kenni og einkenni kulnunar. Síðan

Ávinningur fyrir
bæði starfsfólk og
atvinnurekendur.

Sonja Ýr
Þorbergsdóttir,
formaður BSRB



Ásmundur Einar
Daðason.

eru jákvæðu þættirnir að aukast
eins og starfsánægja og möguleik-
arnir til að samþætta fjölskyldulíf
og einkalíf“.

Sonja er einnig sammála félags-
málaráðherra um mikilvægi
niðurstöðunnar fyrir kjaravið-
ræður opinbera vinnumarkaðar-
ins. „Þetta er auðvitað það sem við
höfum verið að horfa til, að það sé
ávinningur fyrir bæði starfsfólk
og atvinnurekendur og þess vegna
hefur krafan verið um styttingu
vinnuvikunnar án launaskerðingar.
Við sjáum það líka að almennt er að
draga úr veikindafjarvistum bæði
í tilraunaverkefninu hjá ríkinu og
hjá Reykjavíkurborg,“ segir Sonja
og að þetta bendi til þess að stytting
vinnuvikunnar sýni fram á að hægt
sé að vinna skipulega á stuttum
tíma. birnadrofn@frettabladid.is



Mýndir af bílum gæta verið með búnaði sem er ekki í mi. í verði.
Bíll með fyrirvara um innsláttarvillur og verðbreytingar.



Touareg Offroad

Leðuráklæði, loftpúðafjöðrun,
dráttarbeisli

DÆMI UM SÚPERVERÐ!

9.850.000 kr.



Tiguan Trendline

Dráttarbeisli, dökkar rúður,
bakkmyndavél

DÆMI UM SÚPERVERÐ!

5.990.000 kr.



T-Roc Style

Fjarlægðartengdur hraðastillir,
bakkmyndavél

DÆMI UM SÚPERVERÐ!

3.990.000 kr.



Amarok Highline

3.0 V6 TDI, sjálfskiptur,
dráttarbeisli

DÆMI UM SÚPERVERÐ!

7.670.000 kr.

Ráðamenn kynni sér áföll og fíkn

Áhrif áfalla geta verið margþætt og geta þau haft í för með sér afleiðingar af ýmsu tagi. Ráðstefna um áföll og fíknisjúkdóma verður haldin í Hörpu 10. til 11. maí þar sem rædd verða áhrif áfalla á einstaklinga. Segir Donald Trump nota Twitter til að bæta líðan sína.

SAMFÉLAG „Það sem er að gerast er að við erum að fatta að það eru bara allir með stóran poka fullan af einhverjum áföllum á bakinu og fólk er ekki að leysa úr sínum málum. Ef við gerum það ekki þá förum við alltaf aftur í sama mynstrið. Að borða of mikið, drekka of mikið, sambönd endast ekki og svo framvegis.“ Þetta segir Pétur Einarsson, skipuleggjandi ráðstefnunnar iCAAD sem fer fram í Hörpu dagana 10. og 11. maí. Ráðstefnan fjallar um áföll og fíknisjúkdóma og er haldin í annað sinn á Íslandi.

Ráðstefnan er hluti af alþjóðlegri ráðstefnuseríu sem haldin er víða um heim og byggir á því að auka þekkingu og finna lausnir á andlegum og tilfinningalegum heilsufarsvandamálum.

Samkvæmt Péttri er mikilvægt að auka og betrubæta þau meðferðarúræði sem í boði eru fyrir fólk með fíknisjúkdóma. Hann segir lykilinn liggja í því að skoða grunninn og finna ástæðu þess að fólk lendi í klóm fíknar. „Vandinn getur verið eitthvert djúpstætt áfall sem viðkomandi er að burðast með og hefur jafnvel burðast með alla ævi,“ segir Pétur og bætir við að sé fólk með áfall á bakinu sem ekki hefur verið unnið úr sé líklegt að það leiti annarra leiða til að bæta líðan sína. Þær leiðir segir hann geta verið margvíslegar og tekur dæmi



Pétur Einarsson, skipuleggjandi ráðstefnunnar iCAAD. Ráðstefnan fjallar um áföll og fíknisjúkdóma og er haldin í annað sinn á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

um forseta Bandaríkjanna: „Eins og Trump, hann er á einhvern hátt að reyna að bæta líðan sína með Twitter, reyna að fixa sig á Twitter.“

Aðspurður um aðkomu sína að ráðstefnunni segist Pétur vilja gera eitthvað sem skiptir máli. „Ég er að reyna að gera eitthvað sem skiptir máli. Ég var að vinna í banka sem er auðvitað meira og minna gagnslaust og núna er ég að reyna að gera eitthvert gagn,“ segir Pétur brosandí og bætir við að hann hafi unnið mikið í 12 spora samtökum og fangelsismálum þar sem hann hafi skynjað mikla þörf fyrir breytingar í hugsunarhætti tengdum áföllum og fíkn. Hann kynntist forsvarsmönnum iCAAD þegar hann bjó í Bretlandi, heillaðist af starfi þeirra og vildi vera með.

Ráðstefnan skiptist niður á tvo daga. Á föstudeginum verður vinnustofa í áfallastreitu með Judy Crane og Tom Pecca. Markmið vinnustofunnar er að hjálpa fólki að brjótast út úr vítahring áfallastreitu en þar býr Judy yfir um 30 ára reynslu. Hún hefur bæði menntun á þessu sviði og upplifði sjálf áfall á sínum yngri árum sem leiddi hana á götur fíknarinnar. Systurnar Gunný og Vagna Magnúsdætur verða Judy og Tom innan handar en þær eru báðar menntaðar fíknifræðingar.

Á laugardeginum munu ráðstefnugestir heyra reynslusögur

einstaklinga sem lent hafa í áföllum og hvernig þeir unnu úr þeim. Fram koma Veiga Grétarsdóttir, Helga Árnadóttir og Tolli Mortens ásamt því að Bubbi bróðir hans mun mæta, taka nokkur lög og lesa upp úr nýjustu ljóðabók sinni. Í bókinni yrkir Bubbi um áfall sem hann varð fyrir í æsku. Einnig mun Sonny Hall, fyrirsæta frá Bretlandi, segja frá reynslu sinni úr fíkniefnaheiminum og hvernig hann sigraðist á fíkninni.

Pétur segir að allir hefðu gott af því að mæta á ráðstefnuna. Föstudagurinn sé tilvalinn fyrir fagfólk til að auka við þekkingu sína en sé þó opinn öllum. Á laugardeginum geta allir grætt á því að mæta, segir Pétur. „Þetta er fyrir alla, hugsaðu þér hvað það eru margir sem tengja við það að lenda í áfalli. Aðstandendur, foreldrar og börn, það eru svo margir sem eru að glíma við áföll. Ef það erum ekki við sjálf þá er það einhver sem við þekkjum,“ segir hann og bætir við að hann hvetji stjórnáamenn og valdafólk sérstaklega til þess að mæta. „Það eru oft þeir sem hafa orðið fyrir mestu áföllum sem sjá það ekki sjálfir, og skilja ekki aðstæðurnar sem þeir eru í. Maður kemst ekkert áfram ef maður er fastur. Í þessu samhengi dettur mér í hug Klaustursmálið, við öll sjáum eitthvað sem þau sjá ekki.“

birnadrofn@frettabladid.is



Fáðu meira út úr sumrinu á jeppa frá Volkswagen á súperverði!

Hjá HEKLU finnur þú úrval af Volkswagen jeppum sem henta öllum fjölskyldustærðum. Í sumar bjóðum við valda bíla á súperverði. Fylgstu með í sýningarsal nýrra bíla, www.hekla.is/superverd, þar sem súperverð dettur reglulega inn. Nærð þú að tryggja þér bíl á súperverði?

Sýningarsalurinn okkar á netinu er opinn allan sólarhringinn. Skoðaðu úrvalið!
www.hekla.is/superverd



Volkswagen

Þúsund látin en hjálparstarf í hættu

Eitt þúsund hafa nú látið lífið í ebólufaraldrinum í Austur-Kongó, þeim næstversta í sögunni. Þrátt fyrir alvöru málsins segir framkvæmdastjóri WHO að fjármagn fyrir lífsnauðsynlega hjálparstarfsemi berist ekki. Birgðastaðan orðin slæm og árásir halda áfram.

AUSTUR-KONGÓ Þúsundasti sjúkl-ingurinn lést að öllum líkindum í gær af völdum ebólufaraldursins sem geisar enn í Austur-Kongó. Frá þessu greindi Michael Ryan, stjórnandi hjá Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni (WHO) á blaðamannafundi. Faraldurinn er sá næstversti í skráðri sögu heimsins og illa gengur að ráða niðurlögum hans.

„Við búumst við því að smitum haldi áfram að fjölga. Við vorum ekki komin upp fyrir þúsund látna í morgun en við förum líklega fram úr þeirri tölu þegar við fáum nýjar tölur í kvöld,“ sagði Ryan.

Stofnunin hyggst setja af stað nýtt bólusetningaráttak í Afríkuríkinu á næstu vikum þegar nýtt bóluefni Johnson & Johnson hefur verið samþykkt. WHO notar nú þegar nýtt bóluefni á tilraunastigi úr smíðju Merck í baráttunni gegn faraldrinum.

Enn sem komið er hafa rúm hundrað þúsund verið bólusett og hefur það gefist afar vel, samkvæmt WHO. Merck-bóluefnið hefur einkum verið notað til svokallaðra hringbólusetninga. Þá eru allir aðstandendur hins sýkta bólusettir. Fyrirhugað er að bóluefnið frá Johnson & Johnson verði notað á sama hátt.

Fréttablaðið fjallaði ítarlega um stöðuna í Austur-Kongó í apríl. Þar kom fram að helstu ástæðurnar fyrir því hversu illa baráttan við



Ástandið í Austur-Kongó er grafalvarlegt og illa gengur að berjast gegn þessum erfiða faraldri. NORDICPHOTOS/AFP

faraldurinn gengur eru annars vegar vantraust íbúa í garð alþjóðlegs heilbrigðisstarfsfólks og hins vegar linnulausar árásir vopnaðra samtaka á meðferðarstöðvar og þá bæi sem hafa komið einna verst út úr faraldrinum.

Að því er Ryan greindi frá á blaðamannafundinum í gær hefur staðan ekki skánað. „Við glímum enn við alvarlegar áskoranir á sviði samfélagslegs trausts,“ sagði Ryan. Hann tók aukinheldur fram að á fimmtudag hafi verið gerð misheppnuð

árásartilraun á meðferðarstöð í Butembo.

Vegna hins erfiða ástands og árasa er birgðastaðan farin að versna sömuleiðis. Sérfræðingar WHO munu vegna þess skera úr um það á mánudag hvort það þurfi að

byrja að gefa einn skammt af bóluefni. Þannig væri hægt að bólusetja fleiri þótt bólusetningin myndi líklegast ekki virka jafnvel.

Yfirstjórn verkefnis WHO í Butembo sendi frá sér tilkynningu á þriðjudag í tilefni af heimsókn Tedros Adhanom Ghebreyesus framkvæmdastjóra og Matshidiso Moeti, æðsta stjórnanda WHO í Afríku, til borgarinnar.

Framkvæmdastjórinn sagði að nú væri þörf á miklu átaki. „WHO og samstarfsaðilar stofnunarinnar geta ekki tekist á við þessar áskoranir án þess að alþjóðasamfélagið skerist í leikinn og veiti auknu fjármagn til verkefnisins,“ var haft eftir Ghebreyesus.

Hann sagði einnig að einungis helmingur þess fjármagns sem óskað hefur verið eftir hafi borist. Það gæti leitt til þess að WHO þurfi að hætta lífsnauðsynlegri starfsemi.

Ghebreyesus sagði að auki í viðtali við Nature í vikunni að hann hafi aldrei upplifað neitt eins og þennan ebólufaraldur. „Þetta er einstakt ástand. Heimurinn hefur ekki séð neitt þessu líkt áður. Þetta er afar flókið. [...] Ég bjóst við því að stuðningsaðilar myndu ólmir vilja hjálpa en það hefur ekki reynst rétt. Ég hef mjög, mjög miklar áhyggjur. Við munum gera okkar besta en ég get ekki spáð fyrir um hvenær okkur tekst að ráða niðurlögum faraldursins.“ thorgnyr@frettabladid.is

Veglegur kaupauki fylgir öllum seldum snjalltækjum!



2 mánaða farsímaáskrift fylgir

30 daga áskrift að Stöð 2 Marapön fylgir

Með öllum seldum snjallsímum og spjaldtölvum fylgir 2 mánaða farsímaáskrift og 30 daga áskrift að Stöð 2 Marapön.

Kynntu þér úrvalið á vodafone.is eða í næstu verslun.

Framtíðin er spennandi.

Ertu til?

vodafone

Hluti af Sýn



FRUMSÝNUM

FORD ECOSPORT **AWD**

FJÓRHJÓLADRIFINN OG FRÁBÆR!



HÁSETINN – NÚ FJÓRHJÓLADRIFINN

Ford EcoSport fæst nú með fjórhjóladrifi sem gerir hann enn betri við íslenskar aðstæður. Hann hefur þar að auki mikla veghæð sem kemur sér vel í snjó og við aðrar erfiðar aðstæður. Þú situr líka hærra og það er mun þægilegra að ganga um bílinn.

Ford EcoSport Titanium S er sérlega vel búinn m.a. leðuráklæði á sætum, 17" álfelgum, Xenon aðalljósum, 8" snertiskjá, tölvustýrðri loftkælingu, 7 hátölurum, bakkmyndavél, SYNC3 hljómtækjum með raddstýringu og neyðarhringingu, ESP stöðugleikakerfi með spólvörn, leðurklætt fjölstillanlegt stýri, Apple CarPlay og Android Auto.

FORD ECOSPORT TITANIUM S AWD
1.5 dísil, 125 hö, fjórhjóladrifinn, beinskiptur

VERÐ:

4.190.000 KR.

Ford tekur þig lengra!

Komdu, reynsluaktu og upplifðu Ford EcoSport



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Sölueldir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

ford.is

+PLÚS



Keppendur voru margir lúnir á niðurleið eftir að hafa gefið allt í hlaupið upp. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Fitnessfólk í fjallahlaupi

Björgvin Karl Guðmundsson og Þuríður Erla Helgadóttir báru sigur úr bítum í fyrstu keppni Reykjavík CrossFit Championship sem hófst við Esjurætur í gær dag þar sem keppendur þurftu að hlaupa upp að Steini. Um er að ræða alþjóðlegt CrossFit-mót þar sem sigurvegararnir fá þátttökuaðild á heimsleikunum að launum. Björgvin var 27:22 mínútur upp að Steini en Þuríður Erla 31:38.



Nauðsynlegt að vökva líkamann eftir átökin. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Gleðileg summarveg

SUBARU FORESTER

Premium, sjálfskiptur, bensín
TILBOÐSVERÐ: **5.340.000 kr.**

Verð áður frá: 5.690.000 kr.

AFSLÁTTUR
350.000 KR.

DACIA DUSTER

Comfort, beinskiptur, bensín
TILBOÐSVERÐ: **3.390.000 kr.**

Verð áður frá: 3.690.000 kr.

4X4
FJÓRHJÓLA
DRIFINN

AFSLÁTTUR
300.000 KR.

RENAULT KOLEOS

Zen, sjálfskiptur, dísil
TILBOÐSVERÐ: **5.900.000 kr.**

Verð áður frá: 6.250.000 kr.

AFSLÁTTUR
350.000 KR.

RENAULT CAPTUR

Intens, sjálfskiptur, dísil
TILBOÐSVERÐ: **3.390.000 kr.**

Verð áður frá: 3.650.000 kr.

AFSLÁTTUR
260.000 KR.

ENNEM / SJA / NM93780

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16

gt erö

ALLT AÐ

700.000 KR.
AFSLÁTTUR

Nú ríkir sumarstemning hjá BL.
Sölumenn okkar bjóða ævintýralegan
afslátt af ýmsum gerðum bíla sem eru
tilbúnir að rúlla með þig út í sumarið.
Velkomin í reynsluakstur!

NISSAN QASHQAI

Tekna, 2WD, sjálfskiptur, bensín
TILBOÐSVERÐ: **4.250.000 kr.**

Verð áður frá: 4.950.000 kr.

AFSLÁTTUR
700.000 KR.

NISSAN NAVARA

Tekna, ssk., dísil, dráttargeta 3.500 kg
TILBOÐSVERÐ: **6.800.000 kr.**

Verð áður frá: 7.490.000 kr.

4X4

FJÓRHJÓLA
DRIFINN

AFSLÁTTUR
690.000 KR.

NISSAN MICRA

Tekna, beinskíptur, bensín
TILBOÐSVERÐ: **2.750.000 kr.**

Verð áður frá: 3.090.000 kr.

AFSLÁTTUR
340.000 KR.

NISSAN X-TRAIL

Tekna, 7 sæta, sjálfskiptur, dísil
TILBOÐSVERÐ: **6.490.000 kr.**

Verð áður frá: 7.190.000 kr.

4X4

FJÓRHJÓLA
DRIFINN

AFSLÁTTUR
700.000 KR.

Athugið að þjón gilda eingöngu um bíla sem til eru á lager og eru auglýstir á stöðinni. Í sumum tilfellum er einungis um einn bíl að ræða.

Búnaður, bíllanna á myndunum getur verið frábrugðinn þeim sem er ríttalinn í auglýstu verði.

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

BL

Spurt fyrir vin



Kristin Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Vinur minn filhraustur þurfti að leita sérfræðings á dögnum, vegna meiðsla á fæti. Strax skal tekið fram, að hann er ekki dauðvona, þótt stokkbólgin sé á fæti. Hann hringdi á nokkra staði fullviss um að fá tíma hjá lækni. Ertu með tilvísun? var spurt. Nei, ekki var það nú. Hringdu á heilsugæsluna og fæðu tíma hjá heimilislæknum. Þú færð tilvísun frá honum ef þetta er alvarlegt.

Á heilsugæslunni var svarið að heimilislæknirinn væri bókaður, í frii og á ráðstefnum eiginlega út sumarið, en vinur minn gæti komið og hitt hjúkrunarfræðing. Frábært.

Minn maður mætti og beið í klukkutíma. Loks setti hann á stól í herbergi hjúkrunarfræðingsins, sem spurði nokkurra spurninga, en leit ekki á fótinn. Vinurinn spurði hvort hann gæti hitt lækni. Ekki núna, var svarið, kannski seinna. Nú bý ég ekki svo vel, að það sé lækni í fjölskyldunni, sagði vinurinn, er þá ómögulegt að fá lækni til að líta á fótinn? Sjáum til, sagði hjúkrunarfræðingurinn, og þessu viðtali sem okkar maður borgaði 1.200 krónur fyrir lauk 4 mínútum eftir að það hófst.

Vinurinn hafði miklar þrautir þennan dag og vinnufélagi benti honum á læknavaktina. Þegar þangað kom sagði kurteis kona bak við gler: Í það minnsta klukkutíma bið, komdu eftir kvöldmat, þá er oft rólegra. Vinurinn fór heim og aftur af stað eftir kvöldmat. Konan bak við glerið sagði afsakandi: Hér er fullt og biðin minnst einn og hálfur tími. Okkar maður treysti sér ekki til að standa upp á endann svo lengi; hann fór aftur heim.

Morguninn eftir var hringt frá heilsugæslunni og honum boðið að hitta lækni síðar um daginn. Læknirinn reyndist læknanemi. Hann skoðaði fótinn og taldi þetta og hitt líklegt, en ekkert víst. Kvað svo upp úr með að hann væri tregur til að ávísa á lyf og vísaði hvorki til sérfræðings né myndatöku. Minn maður var því engu nær. Aftur reiddi hann fram 1.200 krónur.

Nú hefur vinur minn brutt verkjalyf og bólgueyðandi, keypt ótal krem og plástra til að setja á meiddið í á fjórðu viku, eytt í það tugum þúsunda, en allt kemur fyrir ekki. Verkirnir trufla vinnuna því hann sefur illa á nóttunni og haltrar um á daginn. Allir tapa.

Okkar maður er á miðjum aldri og fullyrðir að fólk með álíka þrautir hafi ekki þurft að biða lengi eftir stefnumóti við lækni, þegar hann var að alast upp. Hvernig varð svona stírbúslegt bákn til í 330 þúsund sálma samfélagi, sem á fullt af sprengmenntuðum læknum? Af hverju er svona erfitt að fá tíma hjá sérfræðingi?

Af hverju er kerfið svona: Ef viðkomandi er ekki dauðvona er engin leið að komast til sérfræðings án þess að kúlðrast sárþjádur í röð tímum, dögum og vikum saman – nema eiga frænda eða frænku í stéttinni? Spyr sá sem ekki veit.

PS. Allt fór þó vel hjá okkar manni. Eftir enn eina andvökunótt þoldi hann ekki lengur við, fór á bráðamóttökuna og fékk frábæra þjónustu. En samviskan nagaði hann svoltið yfir að sitja með beinbrotnum og bráðveikum, þegar hans mál hefði getað verið afgreitt með einfaldari hætti.

Gunnar



Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir

Justin Bieber er eðla



Hvað gerist þegar sannleikurinn dettur úr tísku? Neyðarástand ríkir nú í nokkrum hverfum New York-borgar vegna mislingafaraldurs. Ástæðan: Tuttugu ára gömul samsæriskening um tengsl bólusetningar gegn mislingum og einhverfu hjá börnunum.

Samsæriskeningar einskorðast ekki lengur við einhleypa, miðaldra karla sem búa í kjallaranum hjá mömmu sinni og bera álhatt á höfði. Samsæriskeningar renna nú saman við meginstrauminn, ósjaldan fyrir tilstuðlan óprúttinna, tækifærissinnaðra stjórnmálamanna sem svífast einskis í sókn sinni eftir áhrifum.

Við Íslendingar höfum ekki farið varhluta af þessari alþjóðlegu þróun. Nú um stundir tryggja þingmenn Miðflokksins að nýjustu straumar og stefnur stjórnmalanna nái hingað til lands er þeir smíða eina villtustu samsæriskeningu Íslandssögunnar um konu sem gerð var út af dularfullum útsendara og, dulbúin eins og túristi, tók upp soratal kjörinna fulltrúa þjóðarinnar sem sátu í sakleysi sínu að sumbli á bar.

Af því tilefni fylgja hér á eftir fimm heitustu samsæriskeningar dagsins sem sýna með hverjum Miðflokkurinn kys að eiga aðferðafræðilega samleið:

- 1) Donald Trump hefur lengi haldið því fram að forveri hans í embætti forseta Bandaríkjanna, Barack Obama, hafi ekki fæðst í Bandaríkjunum heldur í Kenía og að hann hafi falsað fæðingarvottorð sitt. Það er þó ekki fjarstæðukenndasta kenning um Obama sem gengur nú fjöllum hærra. Að sögn eiga Obama og eiginkona hans, Michelle, að hafa reiddst svo mikið þegar leikkonan Joan Rivers sagði brandara um að Michelle væri karlmaður í kvenmannsfötum að þau létu ráða hana af dögum.
- 2) Einu sinni hélt mannkynið að jörðin væri flöt. Sú hugmynd gengur nú í endurnýjun lífdaga. Heilu stöðvarnar á efnisveitunni YouTube eru helgaðar málefni, heilu hlaðvarps-seríurnar og heimasíðurnar. Árið 2017 var fyrsta „Jörðin er flöt“ ráðstefnan haldin í Norður-Karólínu í Bandaríkjunum en hana

- sóttu meira en fimm hundruð manns. Enn fleiri mættu árið 2018. Skráning er hafin fyrir ráðstefnuna 2019 sem fer fram í nóvember í Dallas, Texas.
- 3) Eðlisfræðingurinn Stephen Hawking lést fyrir rétt rúmu ári. Eða hvað? Hópur fólks trúir því að hinn eiginlegi Stephen Hawking hafi látist árið 1985. Vegna vinsælda Hawking hafi NASA hins vegar ráðið mann til að þykjast vera eðlisfræðingurinn sem geimferðastofnunin notaði svo sem málþípu fyrir „meint“ vísindi sín.
 - 4) David Icke var vel liðinn sjónvarpsþáttastjórnandi hjá BBC og fyrrverandi atvinnumaður í fótbolta. Árið 1991 mætti hann í viðtali í Breska ríkissjónvarpið þar sem hann greindi áhorfendum frá því að veröldin er full af eðlum í mannlíki með ill áform. Barack Obama er eðla. Mick Jagger er augljóslega eðla. Elísabet Englandsdrottning er eðla. Viðtalið markaði endalok ferils Ickes sem fjölmiðlamanns. Það markaði hins vegar upphaf ferils hans sem eins fremsta samsæriskeningasmíðs heims.
 - 5) Könnun sem gerð var í Bandaríkjunum leiddi í ljós að tólf milljónir Bandaríkjamanna trúa því að slíkar jakkafataklaðdar eðlur stýri heiminum. Stöðugt bætast nýjar í hópinn en nýverið fréttist af því að Justin Bieber er eðla. Eðlu-kenningin er þó langt frá því að vera sú vinsælasta. Sextíu og sex milljónir Bandaríkjamanna trúa því að geimverur hafi lent í Roswell í Nýja-Mexíkó. Tuttugu og tvær milljónir trúa því að bandarísk stjórnvöld hafi sviðsett tunglendinguna. Hundrað og sextíu milljónir trúa á sam-særi í tengslum við morðið á John F. Kennedy. Donald Trump var einn þeirra sem héldu á lofti ósönnnum staðhæfingum um bólusetningar. Í síðustu viku skipti hann hins vegar um skoðun. Hann sá skaðann sem hlotist getur af vitleysu og hvatti fólk til að láta umsvifalaust bólusetja börn sín. Miðflokkurinn virðist hins vegar ekki ætla að sjá að sér og heldur áfram að djöflast á heilsulitlum öryrkja með aðstoð ofur kappsfullra lögmanna, okkur hinum sem víti til varnaðar.



Nú bý ég ekki svo vel, að það sé lækni í fjölskyldunni, sagði vinurinn, er þá ómögulegt að fá lækni til að líta á fótinn?



Aðalsafnaðarfundur

Dómkirkjusafnaðarins verður haldinn sunnudaginn 12. maí 2019 í Safnaðarheimili Dómkirkjunnar, Lækjargötu 14a og hefst að lokinni messu og messukaffis kl. 12.30

Fundarefni: Venjuleg aðalfundarstörf Önnur mál. Sóknarnefnd Dómkirkjunnar í Reykjavík.

TILBOÐSDAGAR!

20% AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM HÚSGÖGNUM OG GJAFAVÖRU

FULL VERSLUN AF FALLEGUM OG SPENNANDI FYRIR HEIMILIÐ



HEIMAHÚSIÐ

Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Opið virka daga 10 -18, laugardaga 11-16.

Byr í segl KR fyrir kvöldið

KR og ÍR mætast í hreinræktuðum úrslitaleik um Íslandsmeistaratítilinn í Vesturbænum í kvöld þar sem KR getur unnið sjötta meistaratítilinn í röð eða ÍR loksins unnið þann stóra eftir langa og stranga bið.

KÖRFUBOLTI KR og ÍR mætast í hreinræktuðum úrslitaleik um Íslandsmeistaratítilinn í Vesturbænum í kvöld þar sem KR getur unnið sjötta meistaratítilinn í röð eða ÍR loksins unnið þann stóra og þann sextánda í sögunni eftir 42 ára bið.

Þetta verður í þriðja skiptið á síðustu tíu árum sem KR leikur oddaleik um Íslandsmeistaratítilinn og í þriðja sinn sem leikurinn fer fram á heimavelli KR þar sem KR hefur unnið báðar viðureignirnar. Þá er þetta sjötti oddaleikur KR síðustu tíu ár og hefur KR aðeins tapað einum þeirra í undanúrslitunum árið 2010. Tuttugu ár eru liðin síðan KR tapaði í eina skiptið oddaleik um Íslandsmeistaratítilinn í Njarðvík þegar vinna þurfti tvo leiki.

Fréttablaðið fékk Friðrik Inga Rúnarsson til að spá í spilin fyrir oddaleikinn sjálfan.

„Þetta er búið að vera magnað, mikið um dramatík og liðin að vinna á útivöllum. ÍR hefur notið sín á útivelli þegar pressan er ekki á þeim en KR hefur svarað um hæl þegar bakið er komið upp við vegg. Fyrir alla utanaðkomandi sem halda hvorki með ÍR og KR er það draumur að fá oddaleik.“ sagði Friðrik, aðspurður út í einvígið til þessa.

Tölfræðin er hliðholl heimaliðinu í oddaleikjum og sérstaklega KR sem hefur tvívegis nýlega tryggt sér títilinn í oddaleik á heimavelli.

„Tölfræðin segir að liðin sem eru með heimaleikjarétt vinni oddaleiki í um 70% tilvika, en það hefur brugðist og það getur brugðist aftur þótt tölfræðin sé með heimaliðinu.“

ÍR varð fyrir áfalli undir lok leiks-



Með sigri í kvöld getur KR orðið fyrsta liðið til að verða Íslandsmeistari sex ár í röð. FRÉTTABLAÐID/ERNIR

» Þetta er sjötti oddaleikur KR á síðustu tíu árum og hefur KR unnið fjóra af fimm til þessa.

ins á fimmtudaginn þegar Kevin Capers meiddist. Óvíst er hvort hann kemur við sögu í kvöld.

„Maður heyrir sögur um að Capers sé handleggsbrotinn sem eru ekki alveg þær fréttir sem áhugamenn um boltann vildu heyra. Maður vill að allir bestu leikmennirnir séu með og það sé keppt á jöfnu grundvelli. Það verður fróðlegt að sjá hvort hann spilar og þá hversu mikið hann getur beitt sér. Hann er

mjög mikilvægur þessu ÍR-liði og vinnur mjög vel með Matthíasi og er kjölfestan í því að öðrum leikmönnum liðsins liði vel.“ sagði Friðrik sem tók undir að það væri glapræði að afskrifa ÍR.

„Fyrirfram er KR sigurstranglegra en þetta er hættuleg staða. ÍR-ingar hafa verið ótrúlega duglegir og eljusamir og það dettur engum í hug að vanmeta þá á einn eða neinn hátt.“
kristinnpall@frettabladid.is

Nýjast

Pepsi-deild kvenna



Valur - Þór/KA 5-2

1-0 Hlin Eiríksdóttir (7.), 1-1 Karen María Sigurgeirsdóttir (26.), 1-2 Andrea Mist Pálsdóttir (33.), 2-2 Fannís Friðriksdóttir (48.), 3-2 Arna Sif Ásgrímsdóttir, sjálfsm. (54.), 4-2 Hlin (70.), 5-2 Hlin (85.).

Enska úrvalsdeildin



Everton - Burnley 2-0

1-0 Ben Mee, sjálfsm. (17.), 2-0 Seamus Coleman (20.)



Isak Bergmann er í lykilhlutverki hjá Íslandi. NORDICPHOTOS/GETTY

Hefja leik gegn Rússum í dag

FÓTBOLTI Íslenska drengjalandsliðið skipað leikmönnum undir sautján ára aldri hefur leik á loka-keppni Evrópumótsins í Írlandi gegn Rússum í dag. Er þetta fyrsti leikur liðsins í riðlakeppninni en síðar í dag mætast Portúgal og Ungverjaland sem eru með Íslandi í riðli. Ísland mætir Ungverjum á þriðjudaginn og Portúgal í lokaumferðinni á föstudaginn.

Tvö efstu lið riðilsins komast áfram í átta liða úrslitin og fimm efstu liðin í lok mótsins fá þátttökurétt á Heimsmeistaramóti U17 sem fer fram í Brasilíu í haust. —kpt

Allt innifalið í uppgefnum verðum

AMRIKA^{ehf}
I C E L A N D

558-5454 | Suðurlandsbraut 30
amrika@amrika.is | www.amrika.is

Opið laugardag 11:00-15:00



2018 Chrysler Pacifica Plug-in Hybrid

Sýningarbíll á staðnum
Verð frá: 5.490.000 kr.



2018 Volvo XC90 T8

Verð frá: 6.390.000 kr.



2019 Nissan Leaf

Verð frá: 3.390.000 kr.



2017 BMW i3

Sýningarbíll á staðnum
Verð frá: 3.390.000 kr.



2016 BMW X5e Premium Plug-in Hybrid

Verð frá: 5.490.000 kr.



2017 Mercedes-Benz E350e Plug-In Hybrid

Verð frá: 5.490.000 kr.



2018 Tesla Model 3 Long Range Pakki

Drægni: 400 km
Verð frá: 5.890.000 kr.

Vinningar í hverri viku – Happdrætti DAS



Taktu þátt!

Með þátttöku sinni í Happdrætti DAS hefur fólk í landinu lyft grettistaki í málefnum aldraðra. Öldruðum fjölgar og biðlistar lengjast svo þörfin á nýjum úrræðum er mikil.



Fleiri vinningar og hærrí upphæðir en nokkru sinni fyrr

Bygging hjúkrunarheimilis, þjónustumiðstöðvar og leiguíbúða fyrir aldraða við Sléttuveg er vel á veg komin. Gert er ráð fyrir verklokum á árinu 2020.

Nýtt happdrættisár fram undan með enn glæsilegri skattfrjálsum vinningum

- Sex 30 milljóna króna vinningar á tvöfaldan miða eða 15 milljónir króna á einfaldan miða
- Drögum út meira en 51 þúsund vinninga á árinu

➤ Kaupu miða núna á das.is eða í síma 561 77 57



Fylgstu með okkur á Facebook og á das.is

Miðaverð er 1.700 kr. á mánuði fyrir einfaldan miða og 3.400 kr. fyrir tvöfaldan miða



GARÐHÚSGÖGNIN TAXFREE Í HÖLLINNI



SKETCH

Garðborð með bambus í borðplötu og málmur í grind og fótum. 160 x 88 x 75 cm

48.379 kr.

~~59.990 kr.~~

FOUR

Four garðborðið fánlegt í tveimur mismunandi stærðum. Borðplatan, fætur og rammi er úr dufthúðuðu áli í svörtum lit.

Stærð: 90x160 cm

80.637 kr. ~~99.990 kr.~~

Stærð: 90x210 cm

96.766 kr. ~~119.990~~



CLICK

Fallegur ruggustóll frá danska fyrirtækinu HOUE. Stóllinn er úr plastblöndu, húðuðu áli og bambus sem er ein sterkasta viðartengundin. Stóllinn styður sérlega vel við bakið í öllum setstöðum en gefur þó vel eftir svo hann er mjúkur og þægilegur.



32.250 kr.

~~39.990 kr.~~

CLICK

Sólbekkur frá HOUE úr plastblöndu, húðuðu áli og bambus. Styður mjög vel við bakið í öllum setstöðum en gefur eftir svo hann er mjúkur og þægilegur. Fæst hallanlegur (tvær stöður) og stillanlegur (nokkrar stöður, stjórnað með armi).



36.282 kr.

~~44.990 kr.~~

CLIPS – GARÐHÚSGAGNALÍNAN



CLIPS

Stöðugur og vandaður garðstóll þótt hann sé léttur og einfaldur. Honum er auðvelt að stafla. Stóllinn og armarnir eru úr dufthúðuðu áli en sætið úr plasti sem það dugar ögn / gefur eftir en er þó sterkt og endingargott. Nokkrir litir.

16.121 kr. ~~19.990 kr.~~

CLIPS

Slakaðu á í dásamlegum ruggustól. Clips er notalegur og vandaður þótt hann sé léttur og einfaldur. Sethæð stólsins 32 cm. Nokkrir litir með samlitum örmum og grind.

32.250 kr. ~~39.990 kr.~~



Reykjavík 10 – 18 virka daga
Bíldshöfði 20 11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 10 – 18 virka daga
Dalsbraut 1 11 – 16 laugardaga

Ísafjörður
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru. Gildir til 12. maí 2019 eða á meðan birgðir endast.



STÓLA TAXFREE

TAXFREETILBOÐ*

AF ÖLLUM STÓLUM OG
GARÐHÚSGÖGNUM

Ótrúlegt úrval af hægindastólum, eld-
hús-, borðstofu- og barstólum



KOMDU NÚNA!



Taxfree tilboðið jafngildir 19,35% afslætti og gildir öllum stólum og garðhúsgögnum á meðan birgðir endast. Gildir ekki ofan á önnur tilboð eða af sérpöntunum. Að sjálfsögðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar.

 HÚSGAGNA
HÖLLIN



Möguleikar örvera

Kjartan Óli Guðmundsson er matreiðslumaður að mennt en ákvað að bæta við sig vöruhönnun. „Einfalda útgáfan er svona, ég er að vinna með örverur í umhverfi okkar og hvernig við getum nýtt okkur þær til umbreytingar á efnum. Ég fann nýja aðferð til að búa til áfengan drykk. Ég blandaði saman aðferðum sakegerðar og bjórgerðar. Það hefur verið vandamál að búa til bjór úr íslensku byggi, það er vegna þess að það er erfitt að malta hann. Tillaunir mínar virkuðu og ég gat búið til einfaldar sykrur og hef því m.a. búið til áfenga drykki,“ segir Kjartan.



Hégómi og menning unglingsstúlkna

Margrét Aðalheiður Önnu Þorgeirsdóttir fjallar um hégóma í útskriftarverki sínu. „Hvernig hégómi birtist okkur, Ég gerði bók sem skiptist í fimm kafla og er bæði ritgerð og sjónræn rannsókn. Ég hannaði líka letur; Vanitas display. Ég var í fyrstu að velta fyrir mér menningu unglingsstúlkna og þá af hverju það væri oft álitid að menning þeirra væri ómerkileg, barnaleg og skipti ekki máli. Þær eru líka oft gagnrýndar fyrir að vera hégómlegar, það má ekki þykja of vænt um sjálfa sig. Ég vildi skoða þessa ávitun svolitid nánar,“ segir Margrét Aðalheiður.

ingsstúlkna og þá af hverju það væri oft álitid að menning þeirra væri ómerkileg, barnaleg og skipti ekki máli. Þær eru líka oft gagnrýndar fyrir að vera hégómlegar, það má ekki þykja of vænt um sjálfa sig. Ég vildi skoða þessa ávitun svolitid nánar,“ segir Margrét Aðalheiður.



Frelsi til að muna

Robert Karol Zadorozny er frá Póllandi og hefur bakgrunn töluvert ólíkan bakgrunn samnemenda sinna. Hann starfaði áður sem hárgreiðslumaður og dansari. „Hugmyndin að verkum mínum á sér rót í veikindum móður minnar. Hún er með Alzheimer. Verkið heitir Frelsið til að muna. Ég tek saman minningar fjölskyldunnar minnar og myndirnar tengjast allar. Ég get sagt þér litla sögu sem fylgir einni myndinni: Mamma komst að í góðum skóla þrátt fyrir fátækt með aðstoð góðs fólks. Í skólanum varð hún fyrir miklu aðkasti, var uppnefnd „fisheye“ og missti lífslöngun um tíma.“

Þetta hefur aldrei sést áður

Útskriftarsýning myndlistardeildar og hönnunar- og arkitektúrdeildar LHÍ verður opnuð á Kjarvalsstöðum í dag klukkan 15.00. Á sýningunni sýna útskriftarnemendur í myndlist, vöruhönnun, fatahönnun, grafískri hönnun og arkitektúr verk sín.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Eyðibýli fyrir leikskáld

Þórdís Sigurjónsdóttir, nemi í arkitektúr, er að koma fyrir útskriftarverki sínu. „Við fengum öll eyðibýli og skáldsögur sem fjalla um listamenn sem eru oftast einstæðingar. Til að vinna með tók ég fyrir eyðibýlið Birkiból og bókina Elín ýmislegt eftir Kristínu Eiríksdóttur sem fjallar um leikskáld. Ég hanna íbúðar-

húsið fyrir hana til að skrifa og úr útihúsinu bý ég til leiksmiðju. Við rannsökuðum mörg eyðibýli og völdum þrjú til að vinna með. Hvert okkar valdi svo eyðibýli og skáldsögu til að vinna með. Mér finnst gaman að nýta það sem er gamalt og sjá möguleikana í því sem er til, það er ákveðin heimspeki og hugmyndafræði.“

Fjölbreytt verk

Birta Fróðadóttir arkitekt er sýningarstjóri nemenda í arkitektúr og hönnun. „Nemendur í arkitektúr velta í ár fyrir sér spurningunni, hvernig byggir maður rústir? Hvernig tekur maður sér bólfestu þar sem er ekkert þak? Eða vantar útvegg? Nemendur í grafískri hönnun eru oft að móta sinn hugmyndaheim og stefnu í verkum sínum og eru mjög fjölbreyttur hópur í ár. Nemendur í vöruhönnun eru mjög tengdir náttúrunni í ár. Í fatahönnun er spennandi hópur að útskrifast. Þau eru hvert og eitt með ákveðið þema sem er samt sem áður persónulegt.“



TRAUSTIR BÍLAR OG GÓÐ ÞJÓNUSTA HJÁ BRIMBORG

OPIÐ Í DAG
KL. 12-16

Framúrskarandi þjónusta er óaðskiljanlegur hluti af öruggum stað. Í Brimborg bjóðum við yfir 500 gerðir ríkulega búinna bíla á frábæru verði og við leggjum okkur öll fram um að tryggja öllum viðskiptavinum okkar framúrskarandi þjónustu.



VOLVO V60 CROSS COUNTRY AWD

2.0 dísil, 190 hö, sjálfskiptur, AWD

Veghæð 21 cm, veglínuskynjari, Borgaröruggi sem nemur m.a. gangandi og hjólandi vegfarendur, Webasto vélarhitari, 9" skjár í miðjustokki, Volvo On Call samskiptakerfi, regnskynjari, brekkubremsa, Clean Zone loftræstikerfi, LED dagljós, Volvo „High Performance“ hljómtæki, langbogar ofl.

Verð frá:
6.990.000 kr.



FORD FOCUS

1.0 bensín, 100 hö, beinskjöttur, FWD

Staðalbúnaður Ford Focus er á pari við margan lúxusbílinn. Árekstrarvari að framan, nemur einnig gangandi og hjólandi vegfarendur, veglínuskynjari, umferðaskiltalesari, 16" Trend Edition álfelgur, brekkuaðstoð, LED dagljós með birtuskynjara, hraðatakmarkari, SYNC3 radstýrt samskiptakerfi með neyðarhringu í 112, Apple CarPlay og Android Auto, 6,5" snertiskjár, My Key (forritanlegur lykill með takmörk á hámarkshraða, hljóðstyrk hljómtækja ofl.), Easy fuel eldsneytisfylling án loks. Einnig fánlegur sjálfskiptur og station

Verð frá:
3.190.000 kr.



MAZDA CX-5 Vision SUV

2.0 bensín, 165 hö, sjálfskiptur, FWD

SkyActiv spartækni, snjallhmelunarkerfi, blindepunktsaðvörn, háþróuð i-Activsense árekstrarvarnartækni og brekkuaðstoð gerir það að verkum að Mazda CX-5 er búinn öllu því besta frá Mazda. Auk þess er Mazda CX-5 með veglínuskynjara með hjálparátaki, ökumannsvaka og hraðastilli. Einnig fánlegur fjórhjóladrifinn.

Verð frá:
5.380.000 kr.



PEUGEOT 5008 ALLURE SUV

1.2 bensín, 130 hö, sjálfskiptur, 7 sæta

Sjö sæta, rúmgóður bíll með hárrí sætisstöðu. Staðalbúnaðurinn er ríkulegur eins og t.d. 18" álfelgur, i-Cockpit mælaborð, ökumannsvaki, veglínuskynjun, hraðastilli, nálægðarskynjarar að framan og aftan, þráðlaus símahleðsla, Apple CarPlay og Android Auto og 8" margmiðlunarskjár.

Verð frá:
5.140.000 kr.



CITROËN C5 AIRCROSS FEEL SUV

1.5 dísil, 130 hö, sjálfskiptur, FWD

Kraftmikil vél, 8 þrepa sjálfskipting og öflug Grip Control spólvörn, 23 cm veghæð, breið sæti með hárrí sætisstöðu og Progressive Hydraulic Cushions fjöðrunarkerfið gera þennan nýja jeppa að tímamótabíl frá Citroën. Ríkulegur staðalbúnaður og 20 aðstoðarkerfi tryggja öryggi í akstri. Citroën C5 Aircross er með stærsta farangursrymið í sínum flokki.

Verð frá:
4.640.000 kr.



NOKKRAR UMSAGNIR ÚR DAGLEGUM ÞJÓNUSTUKÖNNUNUM BRIMBORGAR Í MARS OG APRÍL 2019:

„Snögg og góð þjónusta!“

Gunnar Freyr Einarsson

„Frábær þjónusta frá fyrstu fyrirspurn til þess að ég fór á nýjum bíl frá ykkur.“

Davíð Jóhannsson

„Einstök þjónusta.“

Einar Þór Einarsson

„Þjónustan hjá Brimborg er til fyrirmyndar. Ég hef ávallt fengið fyrirtaks þjónustu. Takk fyrir mig.“

Jón Kristinn Haraldsson

„Mjög ánægður með alla þjónustu. Hjálpssemi, fagmennska og sanngirni.“

Tryggvi Rafn Tómasson

Birt með góðfúslegu leyfi

- Komdu og upplifðu góða þjónustu hjá Brimborg í dag!



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 8
Sími 515 7040

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

brimborg.is



Tækifærin sem leynast í svörtum auðnum Íslands

Signý Jónsdóttir, nemandi í vöruhönnun, hefur hannað fallegt verk úr svörtum sandi. Við hlið verksins er hrúga af fræjum melgresis. Á bakhlið verksins er myndverk sem sýnir fólk ganga um svarta sanda með fræ. „Svartur sandur þekur einn fimmta af landinu. Ég er að

benda á tækifærin sem leynast í auðninni, möguleikana sem felast í því ef við tækjum öll lúku af fræjum með okkur og myndum hefja landgræðslu. Ég verð með umslög fyrir alla til að taka með sér lúku af fræjum,“ segir Signý sem segir vöruhönnun fag þar sem hægt sé að hafa áhrif

til góðs. „Vöruhönnun hefur aldrei verið mikilvægari sökum breytinga á umhverfi okkar. Það er nauðsynlegt að bæta alla framleiðsluferla, endurhugsu og koma með ný efni fram á sjónarsviðið. Mér finnst þakklátt að fá að vera í svona námi og finna skapandi lausnir.“



Ljósgarður og flautur sem grípa vind

Haukur Hafliði Ninuson vinnur með eyðibýlið Moldbrekku undir Fagraskógarfjalli og Sorgarmarsinn eftir Gyrði Eliasson. „Ég heillaðist af því hvernig Moldbrekka var byggð, húsið er einangrað með mó. Í kring er mýri svo það hefur verið nýtt hráefni úr nágrenninu. Ég hannaði hús sem

virklar náttúrulega krafta sem mynda hljóð. Við byrjuðum á því að lesa skáldsögurnar og tengja við þær en húsið þrýðir ljósgarður og yfir honum liggur steypuverk sem grípur vindinn og er flautur,“ segir Haukur sem segir arkitektúr sífellt meira spennandi fag. „Það er sífellt meira svigrúm fyrir leik.“

Einlægni og hreinskilni aðaltrendið


Hildigunnur Birgisdóttir er sýningarstjóri myndlistarnema. „Þessi sýning endurspeglar alltaf samfélagið. Myndlistin er gjarnan svolítið persónuleg. Nemendur eru að átta sig á því hverjir þeir eru og í ákveðinni leit. Sýningin í ár heitir Þetta hefur aldrei sést áður. Þetta er bara hreinskilni og bara satt. Það er kannski ákveðið trend, mér finnst einlægni og hreinskilni vera aðaltrendið og besta sveiflan sem getur orðið.“



Uppskriftin að paradís

„Ég er búin að vera að velta fyrir mér hlýnun jarðar og vonda kallinum, sem er stundum ég. Hvernig við nútímafólk veljum oft auðveldustu leiðina. Það er svo mannlegt að vilja ekki tapa sinni hamingju,“ segir Ósk Jóhannesdóttir, nemandi í myndlist. „Ég skrifaði ritgerðina

mína um paradís og hvernig þessi hugmynd um paradís getur aldrei aftur verið til,“ segir Ósk. „Verkið sem ég er að hengja upp, þetta er uppskriftin að paradís, ég pantaði hana frá Kína. Ég átti þetta til, ég hafði pantað mér þetta þegar ég var ólétt og var aðeins byrjuð á henni.“



Heimsendaheimur

Kristín Áskelsdóttir er nemi í fatahönnun. „Ég var að vinna með samspil náttúrunnar og mannsins. Og hvernig tengingu við höfum við náttúruna,“ segir Kristín. „Ég velti fyrir mér neysluhyggju, því að eiga of mikið og út frá því skapaði ég mér minn eigin heimsendaheim. Þar sem nútíma-samfélagið er hrunið en við höldum í tæknina. Ég gerði bæði herra- og dömulínu og blanda náttúrulegum efnum saman við nútímaleg efni, svo sem endurskinsefni. Þetta er mín sýn á það ef mannkynið færir aftur í þennan hirðingjalífsstíl en með nútímalegu útliti.“

Myndir af líkvökum

„Þetta eru litháískar ljósmyndir sem ég hef safnað í um það bil fimm ár,“ segir Leifur Wilberg Orrason, nemi í grafískri hönnun, um ljósmyndabók sem hann sýnir á líkvökum sem hann smíðaði sjálfur. „Kona pabba míns er frá Litháen. Þetta eru ljósmyndir af líkvökum og kistulagningum. Þetta eru í rauninni myndir sem hafa glatast, fólk hendir þeim oft, eða brennir þær eða hreinglega jarðar þær. Ég ákvað að gefa myndunum þá virðingu sem þær eiga skilið og finnst þær fallegar, ég sé ekki bara dauðann. Þær lýsa ást og mörgu öðru forvitnilegu.“

PLANO
odda
MADS NORGGAARD
ME
NORSE PROJE
LING PIECES
ambart
LIBERTINE
HAN KJØBENH

**L
a
G
E
R
S
i
a
L
A**

LAUGARDAGUR 4. MAÍ
SUNNUDAGUR 5. MAÍ
12:00-17:00

**GAMLA NÝLÓ
KEX HOSTEL
SKÚLAGATA 28**

**FJÖGUR VERÐ
2.000 4.000
5.000 10.000**

HÚRRA REYKJAVÍK

Það er ekkert sport að láta handtaka sig

Elinborg Harpa Önundardóttir aktivisti lýsir reynslu sinni af því að liðsinna hælisleitendum, viðmóti fólks og vinnubrögðum lögreglu. **Olivia Bockob** er fædd í Kamerún og fékk vernd á Íslandi eftir nærri tveggja ára baráttu og lýsir erfiðri reynslu sinni.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Elinborg Harpa Önundardóttir er 25 ára gömul, hún hefur lokið BA-gráðu í heimspeki og leggur nú stund á rafvirkjun í Tækniskólanum. Hún er einnig mjög virkur aktivisti og hefur meðal annars látið sig baráttu hælisleitenda varða.

Prestdóttir frá Breiðabólstað

Hún er fædd og uppalin á prestsetrinu á Breiðabólstað í Fljótshlíð, foreldrar hennar eru séra Önundur Björnsson og Harpa Viðarsdóttir lyfjafræðingur. „Þetta er svo fallegur staður, ég þarf að nýta tímann og fara oftar í heimsókn til pabba því hann verður bráðum sjötugur og þarf að yfirgefa prestsetrið. Það er ofsalega skrytið að þurfa að kveðja æskuheimilið en svona gengur þetta bara fyrir sig. Ég fer heim þegar ég þarf smá næði og kjarna mig,“ segir Elinborg.

„Ég flutti hingað í bæinn þegar ég var fimmtán ára gömul til þess að fara í Verslunarskólann. Ég lærði þar í tvö ár og fór svo í skiptinám til Frakklands, bjó í litlum smábæ þar sem aðalvatninn fólks var vínrækt. Flestir voru vínekrubændur, þarna eignaðist ég mikið af góðum vinum og mína fyrstu kærustu,“ segir Elinborg. Hún flutti heim eftir stúdentsprófið og fór svo aftur til Frakklands að því loknu og bjó þar um tíma með kærustunni sinni.

„Við hættum saman og ég flutti heim og hóf nám í heimspeki við Háskóla Íslands. Ég fór út í skiptinám til Freiburg og náði einhvern veginn að klára námið með herkjum, úti í Þýskalandi var kennt á þýsku og ég kunni varla stakt orð í málinu þegar ég fór út,“ segir hún og brosir.

Ekki aftur snúið

Hún segir það margslungið hvernig það kom til að hún varð aktivisti. „Ég hef alltaf viljað láta til mín taka en hafði ekki fundið því farveg. Ég prófaði að taka þátt í stúdenta-politikinni en það hentaði mér ekki. Mér fannst það skrytið hvernig stúdenta-politikinn var eins og lítið afsprengi af Alþingi. Haldnir formlegir fundir og tvær fylkingar að berjast um atkvæði.

Í heimspekinni var ég svolítið aftengd og á kafi í abstrakt hlutum, ég gerði hlaðvarpsþætti með Snorra Rafni og Tómasi Ævari vinum mínum, sem kölluðust Heimspeki-verksmiðjan. Í einum þættinum fjölluðum við um frelsi og þá ræddi ég við tvo einstaklinga sem stöðu að félagsrýminu Andrými. Þá var opið eitt kvöld í viku og eldaður kvöldmatur með flóttafólki,“ segir

Elinborg sem segist hafa ákveðið að fara á skipulagsfund í rýminu. „Eftir það varð ekki aftur snúið. Ég kynntist fólki sem skipulagði fundi þarna og kynntist líka hugmyndafræði anarkisma og varð hrifin af henni.

Bróðir minn aðhylltist einu sinni anarkisma og þá var ég svolítið að lesa honum pistilinn. Viltu virkilega búa í samfélagi án lögreglu? spurði ég hann og sagði honum að það væri ótrúlega vitlaust. Í dag sé ég eftir því að hafa ekki stutt hann betur í þessu.

Á jafningjagrundvelli

Ég gekk inn í starfið og fór að tala við fólk. Og þegar maður kynntist fólki sem er í aðstæðum sem eru algerlega óbodlegar og ómanneskjulegar þá vill maður einfaldlega gera eitthvað,“ útskýrir hún.

„En ég er ekkert í vinnu við að aðstoða fólk eða hjálpa, þarna hittist fólk á jafningjagrundvelli, við kynnumst og liðsinna mitt er oft bara hluti af vináttu,“ segir hún.

„Kannski er ég að einhverju leyti að reyna að gangast við forrættindum mínum. Allt mitt frelsi hvílir á þeirra ófrelsi, það er kannski fyrst og fremst það sem drífur mig áfram. Ég ber ábyrgð á minni tilvist og ég vil ekki taka þátt í samfélagi sem byggir á ófrelsi og kúgun annarra,“ segir Elinborg og segir kúgunina ekki aðeins eiga við um landamæri heimsins. „Kúgunin felst líka í kapitalísku efnahagskerfi, á vinnu-markaði og víðar þar sem lúxus færra þrífst á harki annarra. Það ríkir mikill aðskilnaður í okkar samfélagi á svo mörgum sviðum.“

Lýsir útlendingaandúð

Elinborg hefur farið með vinum sínum í Útlendingastofnun þegar þeir hafa beðið hana um það. Henni hefur hins vegar oft verið meinaður aðgangur. Á dögumum fékk hún formlegt svar hvers vegna henni væri meinaður aðgangur og var henni sagt að starfsstöð Útlendingastofnunar og lögreglu að Bæjarhrauni væri einungis opin fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd og þá sem eiga þangað formleg erindi vegna umsókna svo sem talsmenn á vegum RKÍ, lögmenn og túlka. Hún efast um lögmæti þess að loka opinberri stofnun með þessum hætti.

„Útlendingastofnun á sér rætur í mjög hægrisinnaðri hugmyndafræði sem byggir á útlendingaandúð. En fáir vilja tala um það eða horfast í augu við það. Fólk stekkur í því líka vörn þegar útlendingaandúðin er nefnd, allir séu bara að vinna vinnuna sína. En viðhorfið sem ég hef mætt hjá kerfinu þegar ég er að reyna að standa með vinum mínum sem standa rosalega höllum fæti lýsir andúð.

Fólk þarf að hugsa þetta til enda, því það er ekki nóg með að



Olivia segir að liðsinna og vinátta Elinborgar hafi verið sér ómetanleg. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Útlendingastofnun taki afdrifarið ákvarðanir um líf flóttafólks og hælisleitenda, heldur þarf þetta fólk að sækja alla þjónustu þangað. Varðandi húsnæði, lækni- og sálfræðiþjónustu. Stofnunin getur svipt fólk vasapeningum ef það fær gest í óleyfi í húsnæði sem það býr í á vegum Útlendingastofnunar og margir upplifa sig í gíslingu. Auðvitað er sérstaklega erfitt fyrir þetta fólk að standa í lappirnir og krefjast úrbóta og auðvitað vill það taka með sér vin sér til halds og trausts, eða jafnvel vitni. Þau taka svo mikla áhættu þegar þau krefjast réttinda eða láta rödd sína heyrast.“

„Óþægindin“

Elinborg segir að stjórnmála- og embættismönnum finnst barátta No Borders óþægileg. „Dómsmálaráðherra, Þórdís Kolbrún, hefur ekki séð ástæðu til að hitta flóttafólk og ræða baráttumál þess,“ segir hún og sagði uppákomu á dögum þegar flóttamaður tók til máls á opnum fundi með Sjálfstæðismönnum ekki hafa komið henni á óvart. „Þó að hryðjuverkaá sökunin, platlögreglan og að svipta flóttamenn sjálfstæðum vilja hafi verið aðeins meira en búist var við. Þórdís Kolbrún sagði svo í sjónvarpsviðtali að þetta hefði verið mjög óþægileg



ÞAU TRÚÐU MÉR EKKI OG

SENDU MIG TIL AÐ RÆÐA

VIÐ STARFSFÓLK GED-

SVIÐS LANDSPÍTALA. ÞEIR

SÖGÐU MÉR AÐ ÉG HEFÐI

SKÁLDAD ÞESSA SÖGU Í

HÖFÐINU Á MÉR. ENGINN

VILDI DREPA MIG, ÉG VÆRI

BARA FARIN Á TAUGUM.

Olivia

upplifun og óheppilegt, það fannst mér athyglisvert. Óþægindi virðast einkenna flóttafólk sem lætur á sér bera og fólk sem vekur athygli á stöðu þess. Til að mynda voru tveir aðgerðasinnar dæmdir á skilorð í tvö ár fyrir að hafa valdið „verulegum óþægindum“. Gífurleg óþægindi sem sýnileg tilvist kúgaðra veldur

þeim sem kúga og þá er ekkert annað í stöðunni en að aga: nota piparúða, hóta, handtaka, hundsau þau. Það var líka mjög afhjúpanði að þykjustulögreglumadurinn sagðist ekki myndu hafa talað eins við Íslending.“

Ég skal vera skrill

Hvernig viðhorfi mætið þið?

„Sumir eru mjög jákvæðir og styðja baráttuna á ýmsa vegu. Aðrir hafa skrytna mynd af okkur, þeim finnst við vera skrill. Slæpingjar sem lifa af kerfinu, en vita ekkert hvort við séum í vinnu, skóla eða hvað. Og ef einhver þyrfti að „lifa af kerfinu“, er einhver skömm í því? Er það ekki það sem þingmenn gera? Allavega, flest sem er sagt um No Borders er á mjög neikvæðum nótum en það verður bara að hafa það. Ég skal vera skrill ef þetta er skilgreiningin.“

Elinborg hefur ekki góða reynslu af afskiptum lögreglu af mótmælum, yfirheyrslum og handtökum.

„Ég hef verið handtekin, lögreglan hefur gengið mjög hart fram í handtökum sínum og hefur mjög litla polinmæði fyrir flóttafólki og okkur í No Borders,“ segir Elinborg og gefur nokkur dæmi um framkomu lögreglu.

„Við vorum í mjög friðsömum mótmælum fyrir framan Alþingi

Völuteigi 19
Mosfellsbæ
Sími 660 0038



Opið virka daga kl. 12-18:30
Laugardag kl. 12-16
Sunnudag kl. 13-17
Takmarkað magn!

2.-5. maí.

RISA

LAGERSPENDING

20-70%



afsláttur af skiptidýnum,
eldri gerðum, útlitsgölluðum
dýnum, stillanlegum rúmum,
sófum, náttborðum, koddum,
lökum, hótél baðmottum,
handklæðum, sængurvera-
settum o.fl. o.fl.

10-50%
afsláttur af hvíldarstólum
og sófum í verslun
meðan á lagersölu stendur

20% afsláttur af
mjúkvöru í
verslun

12 mán.
vaxtalaugar
greiðslur*

Svefn & heilsa

★★★★★

Fimm stjörnu verslun

Lager. Völuteigi 19 - Mosfellsbæ

Sími 660 0038 - Opið kl 12:00-18:30

Laugardag 12:00 - 16:00

*3.5% lántökugjald



Hvíldarstólar



Sófar



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík



MÉR HEFUR VERIÐ NEITAÐ UM AÐ HRINGJA Í ÁSTVINI OG LÖGMANN, ÁN SKÝRINGA. ÞETTA ER SVO MIKIL VALDBEITING. ÉG VAR BEÐIN UM AÐ FARA ÚR BUXUNUM. ANNARRI ÚR HÓPNUM VAR SAGT AÐ ÞAÐ ÞYRFTI AÐ SKOÐA INN Í NÆRBUXURNAR HENNAR.

Elinborg

og lögreglan vildi okkur burt. Ég sagði: Það er tjáningarfrelsi í þessu landi, og lögreglumaður svaraði: Þið getið farið og nýtt það annars staðar. Fyndinn.

Einu sinni keyrðu þeir stóran bíl inn í mið mótmæli, höfðu kveikt á bílnum og sneru púströrinu að okkur. Við heyrðum ekki í ræðufólki og stóðum þarna í mekki úr púströrinu. Ég bað um að það yrði slökkt á bílnum, þetta væri bæði hljóðmengun og óhollt fyrir bæði þá og aðra sem þarna stóðu. Þá svöruðu þeir: Þessi mótmæli eru hljóðmengun.

Skipanir lögreglu óréttmætar

Lögin sem við höfum oft verið sökuð um að brjóta eru að hlýða ekki skipunum lögreglu. Yfirleitt heyrir ég ekki hvað lögreglan er að segja en í mínum huga eru skipanir lögreglu algerlega óréttmætar hvort sem er. Form af valdbeitingu sem ég samþykki ekki, oftast eru þetta einhverjir ókunnugir karlar að segja mér að ég megi ekki standa þarna, sitja hérna og svo framvegis. Algjör fátánleiki.

Einu sinni stóðum ég og vinir mínir fyrir framan rússneska sendiráðið í raðmótmælum á vegum S78. Stóðum tvö saman, afskaplega róleg á gangstéttinni fyrir framan sendiráðið, þetta var út af pyntingabúðum samkynhneigðra í Téténíu. Þetta var bara á gangstétt fyrir almenna vegfarendur. Rússneskum embættismönnum þótti þetta óþægilegt og kölluðu lögreglu til. Lögreglan kom og sagði okkur að færa okkur yfir götuna, fjær sendiráðinu. Við sögðum nei og bentum réttilega á það að þarna mætti fólk labba og standa eins og því sýndist.

Eftir að hafa reynt að yta okkur yfir sagði lögreglan: Ef þið færið ykkur ekki, þá handtek ég ykkur. Það var engin réttmæt ástæða. En þetta er lýsandi fyrir það viðmót sem við mætum og skilningsleysi á réttindum borgara til að mótmæla. Mér finnst þetta ekki eðlileg mannsæmandi hegðun en ég geri bara ráð fyrir því að ég geti ekki treyst lögreglunni.“

Það var engin réttmæt ástæða. En þetta er lýsandi fyrir það viðmót sem við mætum og skilningsleysi á réttindum borgara til að mótmæla. Mér finnst þetta ekki eðlileg mannsæmandi hegðun en ég geri bara ráð fyrir því að ég geti ekki treyst lögreglunni.“

Það var engin réttmæt ástæða. En þetta er lýsandi fyrir það viðmót sem við mætum og skilningsleysi á réttindum borgara til að mótmæla. Mér finnst þetta ekki eðlileg mannsæmandi hegðun en ég geri bara ráð fyrir því að ég geti ekki treyst lögreglunni.“

Beðin um að fara úr buxunum

Hún segir það af og frá að fólk eins og hún sækist eftir því að valda svo mikilli mótspyrnu að það þurfi að handtaka það. „Það er ekkert sport að láta handtaka sig. Það er ömurlegt. Þú ert yfirheyrð, það er leitað á þér, þú ert sett í handjárn og í einangrun. Mér hefur verið neitað um að hringja í ástvini og lögmann, án skýringa. Þetta er svo mikil valdbeiting. Ég var beðin um að fara úr buxunum. Annarri úr hópnum var sagt að það þyrfti að skoða inn í nærbuxurnar hennar.

Sem betur fer þekkjum við réttindi okkar og segjum bara nei. Þá er okkur svarað: Ætlar þú ekki að gera eins og ég segi? Og við neitum. Þá bakka þau. Þessi hegðun er svona gagnvart okkur, en hvernig er hún



„Viðhorfið sem ég hef mætt hjá kerfinu þegar ég er að reyna að standa með vinum mínum sem standa rosalega höllum fæti lýsir andúð,“ segir Elinborg sem hefur verið meinuð innganga í Útlendingastofnun þegar hún hefur viljað vera við hlið vina sinna þegar þeir eiga erindi þangað. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

gagnvart þeim sem eru í veikari stöðu en við? Hvernig tekst þeim að mæta þessum aðferðum lögreglu? Ég velti því stundum fyrir mér.“

Send til Frakklands tólf ára

Olivia Edwige M. Bockob er 35 ára og fædd í Kamerún. Hún er nýkominn með íslenska kennitölu og er því ekki byrjuð að vinna. En hún sinnir sjálfboðastörfum hjá Rauða krossinum tvisvar í viku fyrir opið hús fyrir konur og fyrir Rauðakrossbúðina. Aðra tvo daga vikunnar sinnir hún sjálfboðastörfum fyrir Manita, sem eru kamerúnsk góðgerðarsamtök. Samtökin selja handgerða afríska muni til styrktar starfseminni. Hún tekur einnig þátt í félagsstarfi á vegum Andrýmis.

„Á meðan ég var í hælisleitendakerfinu fékk ég tækifæri til að læra íslensku hjá Mími og TinCanFactory á síðasta ári, ég ætla að halda því áfram og í næstu viku hef ég nám í íslensku aftur hjá Mími,“ segir hún.

Olivia bjó í Kamerún þangað til hún var tólf ára. Þá var hún send til Frakklands af föður sínum til ættingja sem bjuggu þar og gekk í heimavistarskóla.

„Faðir minn sendi mig til Frakklands vegna þess að ég fæddist með sjaldgæfa tegund blóðkrabbameins. Á þessum tíma var heilbrigðiskerfið í Kamerún ekki nógu gott, kostnaðurinn gríðarlega hár og flest börn með þennan sjúkdóm dóu áður en þau náðu fimm ára aldri. Foreldrum mínum tókst hins vegar að halda mér á lífi þangað til ég varð tólf ára. Í Frakklandi fékk ég svo góðan aðgang að heilbrigðiskerfinu, nokkuð sem ég verð ævinlega þakklát fyrir. Ég naut mjög góðrar heilbrigðisþjónustu þar frá 12 ára aldri þangað til ég þurfti að fara þaðan 32 ára gömul.“

Menntaði sig þrátt fyrir veikindi

Þrátt fyrir veikindin var Olivia stáðráðin í að mennta sig. Hún útskrifaðist með B.Sc.-gráðu í stjórnum frá Pantheon Sorbonne í París. Hún talar reiprennandi frönsku svo hún gat tekið virkan þátt á frönskum vinnumarkaði. Í fyrstu gætti hún barna, þá vann hún í móttöku fyrir-tækja, hún vann í banka í þrjú ár. Um tvítugt var hún einnig farin að taka þátt í ýmsu menningarstarfi

og baráttu fyrir mannréttindum og betri lífsgæðum fyrir aðra innflytjendur sem höfðu ekki notið sömu velgengni og hún.

Hún eignaðist dóttur árið 2011. „Allir kalla hana Míló. Hún er átta ára, ég var gift föður hennar sem er líka frá Kamerún en við skildum.

Gullna tækifærið reyndist gildra

Tengt aktivisma mínum fór ég að vinna fyrir ráðgjafa sem starfaði við neðri deild franska þingsins. Í fyrstu var það sjálfboðavinna án samnings. Hann sagði að ef ég væri nógu góð myndi ég fá samning sem gagnasérfræðingur fyrir þingið. Fyrstu tvö árin gekk vel og vinnufyrirkomulagið var óformlegt. Seinna sagði hann að ég þyrfti að gera meira og ég fór að vinna fyrir hann í fullu starfi,“ segir Olivia sem segist meðal annars hafa unnið að verkefnum tengdum heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, streymi sýrlenskra flóttamanna og forsetakosningum í Frakklandi. En á sama tíma hafi ráðgjafinn kynnt hana fyrir allt öðrum heimi og þetta frábæra tækifæri sem henni bauðst reyndist gildra.

„Á meðan kynnti hann mig hægt og rólega fyrir allt öðrum heimi þar sem ég þyrfti að þola mansal. Hann sagði að þetta væri hluti starfsins. Mér fannst þetta óþægilegt en ég gerði samt flest sem hann og vinir hans báðu mig um. Eftir marga mánuði af þjáningu og skömm ákvað ég að hætta. Hann sagði: Enginn yfirgefur mig. Þú vinnur fyrir mig eða deyrð. Ég hélt að þetta væri bara ömurlegur brandari. Hann sagði mér að vinum sínum líkaði vel við mig, ég sagði að mér væri alveg sama, ég vildi hætta.

Hótanir, ótti og flótti

Hann varð ofsafenginn og ofbeldisfullur og gerði líf mitt óbærilegt í Frakklandi. Hann sagði mér að ég væri ekkert og hann myndi eyðileggja mig. Öllum væri sama um það hvað yrði um mig og dóttur mína.“ Olivia fór frá Frakklandi og til Kamerún og vildi stuðning fjölskyldu sinnar sem sagðist ekki treysta sér í það verkefni. Henni væri ekki óhætt í Kamerún vegna tengsla við Frakkland.

„Svo að ég varð að finna lausnina



EFTIR MARGA MÁNUÐI

AF ÞJÁNINGU OG SKÖMM

ÁKVAÐ ÉG AÐ HÆTTA.

HANN SAGDI: ENGINN

YFIRGEFUR MIG. ÞÚ

VINNUR FÜRIR MIG EÐA

DEYRD. ÉG HÉLT AÐ ÞETTA

VÆRI BARA ÖMURLEGUR

BRANDARI.

Olivia

sjálf. Ég reyndi að fara til Kanada, það gekk ekki upp. Við Míló eyddum ári í að fara á milli landa til að reyna að finna öruggan stað. Ég upplifði ekki öryggi í einu þeirra og var hrædd við vini og viðskiptavini ráðgjafans. Ég hafði fengið að sjá lista af fólki sem ég átti að vinna fyrir, þar voru íþróttamenn, leikarar og söngvarar, stjórnmálamaður og meðlimir evrópskra konungsfjölskyldna.“

Eftir flakk um Evrópu var Olivia buguð og í neyð reyndi hún meira að segja að biðla til ráðgjafans um að fá að koma aftur til Frakklands til að starfa fyrir hann ef hann gæti tryggt öryggi hennar og dóttur hennar. Það gerði hún hins vegar ekki og keypti flugmiða til Íslands þar sem hún sótti um hæli.

„Ég hafði lesið að það væri land mannréttinda sem virti réttindi bæði kvenna og barna. Fyrir mér var þessi eyja í miðju hafinu öruggasti staður í Evrópu.“

Ekki trúað

Reynsla mín af Útlendingastofnun var mjög vond. Þau trúðu mér ekki og sendu mig til að ræða við starfsfólk geðsviðs Landspítala.

Þeir sögðu mér að ég hefði skáldað þessa sögu í höfðinu á mér. Enginn vildi drepa mig, ég væri bara farin á taugum. Þeir ætluðu sér að senda mig til Frakklands án þess að taka mál mitt til nokkurrar efnismeðferðar og bentu á að ég væri með frönsk skilríki og ég hefði aldrei beðið um hæli áður í Evrópu. Eftir níttján mánuði fengum við Míló loks vernd á Íslandi.

Hún bjó hjá fósturfjölskyldu í Hafnarfirði og gekk í skóla. En á öðru ári mat geðlæknirinn líðan mína þannig að Míló mætti koma aftur til mín og við fluttum í hælisleitendabúðirnar á Norðurhelli í Hafnarfirði. Á meðan ég bjó þar reyndi ég að vera eins virk og gat og sinnti því sjálfboðastörfum af krafti. Það hefur hjálpað mér og forðað mér frá þunglyndi.“

Olivia fékk nýja kennitölu og tókst að finna sér íbúð. Hún segir það hafa verið afar erfitt og valdið sér gríðarlegri streitu. „En nú veit ég hvernig lífið virkar á Íslandi þegar þú ert með kennitölu, það er nýtt og mjög spennandi fyrir okkur,“ segir hún.

Olivia kynntist Elinborgu og fannst auðvelt að tala við hana. „Hún talar frönsku svo hennar hjálp og Hildar [Harðardóttur] hefur reynst mér ómetanleg og nauðsynleg. Þær hafa báðar verið til staðar fyrir mig og dóttur mína og reynt að láta okkur liða vel í hlutskipti okkar. Þær hafa sýnt okkur hvað Íslendingar eru hlýir og góðhjártáðir, allt önnur hlið en við kynntumst frá Útlendingastofnun sem er köld og stíf stofnun.

Í Andrými hittist fólk frá öllum heimshornum og borðar saman. Þar skiptir uppruni, kynþáttur, trú eða bakgrunnur engu máli. Þetta er einn öruggasti og kærleiksrikasti staður í Reykjavík ásamt Rauða krossinum og gerir líf hælisleitenda einnig eins bærillegt og mögulegt er. Þar er okkur hjálpað við að reyna að gleyma ofbeldinu sem við höfum orðið fyrir og meðferð Útlendingastofnunar á okkur.

Ég vona að lífið hér á Íslandi færi okkur frið. Við erum öruggar hér og mig langar í frekara nám og að láta gott af mér leiða til baráttu fyrir mannréttindum og betra lífi flóttafólks.“

5
ára
ábyrgð

Þýsk gæði

Þýsk hönnun

Þýsk hagkvæmni

 **OPEL**

OPEL KARL

Afsláttur allt að:

500.000 kr.

SUMARTILBOÐ!

Allt að 700.000 kr. afsláttur af völdum sýninga og reynsluaksturs bílum



OPEL CROSSLAND 

Afsláttur allt að:

400.000 kr.



OPEL GRANDLAND 

Afsláttur allt að:

500.000 kr.



OPEL ASTRA

Afsláttur allt að:

700.000 kr.

benni.is

Reykjavík
Krókhálsi 9
590 2000

Opið virka daga frá 9 til 18
Laugardaga frá 12 til 16
Verið velkomin í reynsluakstur

Reykjanesbæ
Njarðarbraut 9
420 3330

Opið virka daga frá 9 til 18
Verið velkomin í reynsluakstur

**Bílaúð
Benna**



Arna Kristín Einarsdóttir, sem kveður Sinfóníuhljómsveit Íslands, segir Hörpu vera stórkostlegt hús með ótrúlegan tónleikasal. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Símtal skapaði nýtt tækifæri

Arna Kristín Einarsdóttir er nýr framkvæmdastjóri Kanadísku Þjóðarhljómsveitarinnar í Ottawa. Hún verður með svipaðar áherslur og hún hafði sem framkvæmdastjóri Sinfóníunnar. Byrjar með þriggja vikna tónleikaferð.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Arna Kristín Einarsdóttir hefur kvatt Hörpu þar sem hún gegndi starfi framkvæmdastjóra. Hún er nýtekin við starfi framkvæmdastjóra Kanadísku Þjóðarhljómsveitarinnar í Ottawa. Blámaður hitti hana í Hörpu rétt áður en hún fór af landi brott.

Spurð um aðdragandann að því að hún var ráðin í hið nýja starf segir hún: „Ég fékk símtal frá hljómsveitinni um hvort ég hefði áhuga á þessu starfi og myndi vilja sækja um. Sá sem ég er að taka við af kom hingað á norræna hljómsveitaráð-

stefnu í Hörpu árið 2016 og hafði síðan fylgst með því sem við erum að gera. Hann benti á mig. Þetta atvinnutækifæri kom því upp í hendurnar á mér og ég ákvað að stökkva á það. Þetta er reyndar ekki eina hljómsveitin sem hefur haft samband við mig sem er ánægjulegt því það sýnir að eftir okkur er tekið.“

Arna segir nokkuð erfitt að kveða Sinfóníuhljómsveitina og viðurkennir að blendnar tilfinningar bærast í brjósti sér. Hún var um tíma flautuleikari hjá Sinfóníuhljómsveitinni, lærði síðan menningarstjórnun á Bifröst og varð tónleikastjóri Sinfóníunnar árið 2007 og árið 2013 tók hún við starfi framkvæmdastjóra.

Á einstökum stað

Spurð um stöðu Sinfóníuhljómsveitar Íslands í alþjóðlegu samhengi segir Arna: „Ég tel að hún sé á einstökum stað. Okkur hefur tekist að auka sýnileika hennar í hinu alþjóðlega samfélagi. Hluti af því er samstarfið sem hljómsveitin hefur átt í við íslenska listamenn sem hún hefur að einhverju leyti föstrað, eins og Víking Heiðar Ólafsson, Daníel Bjarnason, aðalgestastjórnanda hljómsveitarinnar, og Önnu Þorvaldsdóttur staðartónskáld. Öll fengu þau sín fyrstu tækifæri með hljómsveitinni. Síðan ná þau ótrúlegum árangri og verða þekkt nöfn í hinum klassiska heimi sem varpar kastljósinu einnig á hljómsveitina. Það er mikill áhugi á starfsemi hljómsveitarinnar og eftirspurn eftir að fá hana út í heim að spila. Núna er verið að ljúka við skipulagningu á tveimur tónleikaferðum á næsta starfsári, önnur er til Þýskalands og Austurríkis og hin til Englands.“

Ekki er langt síðan hljómsveitin fór í þriggja vikna tónleikaferðalag til Japans þar sem hún hélt tólf tónleika fyrir troðfullum sal undir stjórn Vladímírs Ashkenazy sem er aðalheiðursstjórnandi hljómsveitarinnar. „Það hefur haft mikið að segja fyrir hljómsveitina að nafn Ashkenazy er tengt henni,“ segir Arna. „Styrkur okkar listræna teymis vekur athygli út á við. Aðalhljómsveitarstjóri hljómsveitarinnar er Yan Pascal Tortelier og finnski hljómsveitarstjórninn Osmo Vänskä gegnir stöðu heiðursstjórnanda, báðir eru stór nöfn í hinum alþjóðlega tónlistarheimi og það á sinn þátt í að gefa hljómsveitinni vægi.“

Gildi Hörpu

Arna leggur mikla áherslu á hlutverk Hörpu sem hún segir hafa sannað gildi sitt „Það var orðið hamlandi fyrir starfsemi hljómsveitarinnar að vera í Háskólabíói þar sem aðstaðan var ekki upp á hið besta varðandi hljómburð. Það skipti öllu að komast inn í þetta stórkostlega hús og þennan ótrúlega sal. Í Hörpu hefur hljómsveitin náð að dafna og blómstra sem sýnir hversu mikið það hefur að segja að skapa listamönnum góðar aðstæður.“

Það gerist oftar en ekki að erlendir listamenn taka andköf þegar þeir ganga inn á sviðið í Eldborg því þeim finnst svo glæsilegt að horfa út í sal. Harpa er okkar höll. Þegar Sinfónían flutti inn í húsið tvöfaldaðist áheyrendafjöldinn og áskriftarsala jókst um 60 prósent. Í fyrra lék hljómsveitin fyrir 83.000 manns.“

Nokkur styr stóð um Hörpu á hruntímanum en húsið var ekki fullbyggt og menn voru ekki á eitt sáttir um það hvort ljúka skyldi framkvæmdum en það var þó gert.



**SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT Á
FERÐ OG FLUGI ER GRÍÐAR-
LEGA ÖFLUG LANDKYNN-
ING OG TÓNLISTARFÓLKID
FRÁBÆRIR SENDIHERRAR
ÞJÓÐAR.**

„Þetta var mjög umdeild ákvörðun en þegar Harpa var opnuð fækkaði gagnrýndum því Harpa sannaði strax gildi sitt í samfélaginu. Við getum verið stolt af því að hafa eignast þetta stórkostlega hús,“ segir Arna. „Einn af forsvarsmönnum Disney sem kom hingað á sínum tíma til að kanna ráðstefnuá-
stöðuna á að hafa sagt þegar húsið var nýopnað: „Harpa makes Iceland bigger.“ Það er einmitt það sem Harpa gerir.“

Byrjar á tónleikaferð

Spurð hverju hún sé stoltust af í sex ára starfi sem framkvæmdastjóri Sinfóníuhljómsveitarinnar segir Arna: „Ég er stoltust yfir að hafa náð að snúa við rekstrinum á sama tíma og við höfum náð að styrkja og efla listræna stöðu hljómsveitarinnar. Þegar ég tók við voru nokkuð miklar skuldir á stofnuninni en síðastliðin fimm ár höfum við skilað rekstrarafgangi og náð að greiða þær skuldir að fullu. Staða hljómsveitarinnar er því sterk en hjá henni starfa rúmlega hundrað manns, hún heldur yfir 130 tónleika og viðburði á hverju ári og fær

til samstarfs við sig fjölda framúrskarandi erlendra listamanna á ári hverju. Það er góð tilfinning að skila af sér góðu búi.“

Spurð um helstu áherslur í því nýja starfi sem hún tekur nú við í Ottawa segir Arna: „Ég mun vera með svipaðar áherslur og ég hef haft sem framkvæmdastjóri Sinfóníunnar. Þjóðarhljómsveit þarf að ná eyrum allra landsmanna. Kanada er stórt land. Tónleikar hljómsveitarinnar eru ekki í beinni útsendingu eins og tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands sem útvarpað er á Rás 1 alla fimmtudaga. Það er brýnt fyrir Kanadísku Þjóðarhljómsveitina að finna leiðir til að ná slíkri útbreiðslu, til dæmis með auknu beinu streymi á netinu. Öflugt fræðslustarf skiptir líka gríðarlega miklu máli. Þjóðarhljómsveit þarf líka að þjóna ólíkum hópum með mismunandi tónlistarsmekk og tryggja bestu gæði. Á sama tíma skiptir líka máli að byggja upp og viðhalda alþjóðlegum sýnileika og samanburði. Sinfóníuhljómsveit á ferð og flugi er gríðarlega öflug landkynning og tónlistarfólkid frábærir sendiherrar þjóðar. Það vill einmitt svo skemmtilega til að ég byrja á því að fara í þriggja vikna tónleikaferð með nýju hljómsveitinni minni um Evrópu.“

Kanadíska Þjóðarhljómsveitin hefur aðstöðu í National Art Centre í Ottawa. „Undir sama þaki er líka enskt leikhús, franskt leikhús, frumbyggjaleikhús og dansleikhús,“ segir Arna. „Ég ber ábyrgð á rekstri og starfsemi hljómsveitarinnar en er einnig hluti af því teymi sem býr til dagskrá fyrir húsið. Mér finnst sú samvinna mjög áhugaverð og sérstaklega ef hægt er að nýta hana í samstarf milli ólíkra listgreina og útvíkka þannig tónleikaformið.“

ÓLEIÐ

LAUGARDAGUR 4. MAÍ 2019

Helgin



Sögusafnið úti á Granda blæs í víkingahátíðarlúðrana og heldur fjölskylduskemmtun á morgun, sunnudag, frá kl. 12 til 16. ➔6



„Eftir að ég eignaðist barnið fór ég að leggja meiri áherslu á líkamslínuna frá Colway. Það er staðreynd að bæði eftir barnsburð og eftir að maður er kominn yfir fertugt þarf maður að hugsa betur um húðina og nota náttúrulegar og góðar líkamsvörur,“ segir Elín María.

Hreinar húðvörur skipta mig öllu máli

Elín María Björnsdóttir er kröfuhörð þegar kemur að húðvörum enda skiptir heilbrigði og falleg húð hana miklu máli. Eftir að hún fór að nota KOLLAGEN húðvörunar frá COLWAY fann Elín strax mikinn mun og mælir eindregið með þeim. Húðin varð miklu stinnari og ljómaði á ný, sem hún hafði saknað. ➔2

100% HREINT
KOLLAGEN
FYRIR ANDLITIÐ



Fæst í apótekum, heilsubúðum og
www.heilsanheim.is

Framhald af forsiðu →

Elin María hefur á undanförunum tíu árum ferðast út um allan heim og þjálfad þúsundir karla og kvenna í leiðtogafræðum, stjórnendaháttum, stefnumótun og hvernig eigi að vinna með, stýra og leiða stór teymi starfsmanna til árangurs. Hún hefur í starfi sínu ferðast og starfað um alla Evrópu, Asíu, Miðausturlönd, Suður-Afríku og Bandaríkin og unnið með skólum, stofnunum, ráðuneytum, fyrirtækjum og einstaklingum ásamt því að tala oft á stórum ráðstefnum. Hún starfar í dag hjá Marel sem hefur starfsstöðvar út um allan heim og hefur á að skipa mjög fjölbjóðlegum hópi starfsmanna. Hún ber starfstítilinn „Global Learning and Development manager“. Um þessar mundir er Elin í fæðingarorlofi með litlu dóttur þeirra hjóna, Matthildi, og nýtur þess í botn en starfið er þó alltaf skammt undan enda góðir vinnufélagar og skemmtilegt starf.

Hugsa vel um líkamann

„Eins og gefur að skilja sinni ég annasömu starfi og hef því alltaf lagt mikla áherslu á heilbrigði og að hugsa vel um bæði líkama og sál. Húðin skiptir þar afar miklu máli og strax frá 30 ára aldri hef ég vandað valið á húðvörum ásamt því að stunda heilsusamt lífni. Þegar maður stendur fyrir framan fólk allan daginn og þarf að koma fram, er mikilvægt að líta vel út og líða vel.

Ég hef oft fengið jákvæðar athugasemdir um ferskt útlit og spurninguna um það hvernig ég fari að því að líta svona vel út, eftir löng flug, lítinn svefn og mikið álag. Ég þakka það góðum vörum og góðum vítamínunum. Ég er afar kröfuhörð þegar kemur að húðvörum og þegar ég kynntist KOLLAGENINU frá Colway fann ég greinilegan mun um leið og ég fór að nota línuna reglulega. Mér fannst húðin þéttast og fá fallegan ljóma sem ég hef saknað.

Í ljósi þess að ég var að eignast barn fór ég að leggja meiri áherslu á líkamslínuna þeirra, því það er staðreynd að bæði eftir barnsburð og eftir að maður er komin yfir fertugt þá þarf maður að hugsa betur um húðina og nota náttúrulegar og góðar líkamsvörur sem gefa húðinni góða næringu, réttan raka og hjálpa húðinni til að ná fyrri stinnleika. Ég hef notað líkamslínuna reglulega og sé ótrúlegan árangur nú þegar. Ég mæli eindregið með KOLLAGEN húðvörulínunni frá Colway fyrir alla en hún er algjörlega nauðsynleg eftir barnsburð,“ segir Elin.



„Ég hef oft fengið jákvæðar athugasemdir um ferskt útlit og spurninguna um það hvernig ég fari að því að líta svona vel út, eftir löng flug, lítinn svefn og mikið álag,“ segir Elin María.

húðarinnar, gerir húðina stinnari og teygjanlegri og vinnur gegn finum línunum og hrukkum,“ upplýsir Sigrún Kjartansdóttir heilsuráðgjafi. „Það gefur húðinni góðan raka og mikla næringu og húðin verður stinnari og fallegri. Rannsóknir sýna að hægt er að bæta sér upp minnkandi kollagenframleiðslu líkamans með því að bera kollagenið beint á húðina.“

100% hreint KOLLAGEN – PLATINUM
Umsókn skal fylgja ítarleg starfsferilsskrá og stutt kynningarbréf um hvers vegna sótt er um starfið auk upplýsinga um árangur sem viðkomandi hefur náð í starfi og telur að nýtist í embættið. Þriggja manna valnefnd skipuð af umhverfis- og auðlindaráðherra metur hæfni og hæfi umsækjenda og skilar greinargerð til ráðherra.

Umsóknarfrestur er til og með 20. maí nk.

Umsóknum skal skila rafrænt á netfangið uar@uar.is. Nánari upplýsingar um starfið eru á Starfatorgi – starfatorg.is.

Upplýsingar um embættið veitir Sigríður Auður Arnardóttir, ráðuneytisstjóri í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu (sigridur.arnardottir@uar.is).

Stjórnarráð Íslands
Umhverfis- og
auðlindaráðuneytið



Súðavíkurskóli Laus störf skólaárið 2019 -2020

Súðavíkurskóli er samrekin leik- grunn-, og tónlistarskóli með u.þ.b. 30 nemendur, þar sem unnið er eftir Uppbyggingarstefnunni og starfið hverfist um einkunnarorðin:

Velliðan - Virðing – Framfarir – Heiðarleiki.

Þá er lögð áhersla á fjölbreytta og sveigjanlega kennsluhætti, velliðan nemenda og samvinnu starfsmanna.

Núna er laus staða leikskólakennara við leikskóladeildina og staða kennara við grunnskóladeildina.

Meðal kennslugreina er íslenska, samfélagsfræði, valgreinar, náttúrufræði, uppl.-og tæknimennt, danska, lífsleikni og íþróttakennsla í 0.-10.bekk. Helstu hæfniskröfur eru kennarmenntun, leikskólamentun eða sambærileg menntun. Hæfni í mannlegum samskiptum, jákvæðni, frumkvæði og sjálfstæði í starfi. Reynsla af sambærilegum störfum.

Umsóknarfrestur er til 25.mái 2019

Súðavíkurhreppur greiðir laun eftir kjarasamningi KÍ og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Allar nánari upplýsingar veitir Anna Lind Ragnarsdóttir skólastjóri. Umsóknir, ásamt ferilskrá, meðmælum og umsagnaraðilum sendist á annalind@sudavikurskoli.is sími. 8934985



Lausar kennarastöður við grunnskóla Norðurþings:

Öxarfjarðarskóli er heildstæður samrekin leik- og grunnskóli með um alls 40 nemendur.

Við leitum eftir umsækjendum í eftirfarandi stöður:

- **Íslenskukennari** á unglingsstigi sem er tilbúinn að taka þátt í þróun skólastarfs með öðrum starfsmönnum skólans. Meðal kennslugreina eru: íslenska og almenn bekkjarkennsla.

- **Íþróttakennari** í 50% stöðu.

- Leikskólakennari við aðra leikskóladeild skólans. Þarf að hafa gott vald á íslensku.

- **Skólaliða** í tvær stöður önnur 100% hin 80%.

Við leggjum áherslu á fjölbreytta og sveigjanlega kennsluhætti, samvinnu og velliðan starfsfólks og nemenda. Öxarfjarðarskóli er að innleiða uppeldisstefnuna Jákvæður agi.

Frekari upplýsingar veitir Guðrún S. Kristjánsdóttir skólastjóri. Sími 465 2246 og 892 5226
Tölvupóstur: gudrunsk@oxarfjardarskoli.is

Umsóknarfrestur er til 17. maí 2019

Grunnskóli Raufarhafnar er samrekin grunn- og leikskóli með alls um 15 nemendur þar sem verið er að innleiða uppeldisstefnuna Jákvæður agi. Skólinn nýtur mikils stuðnings frá samfélaginu og leggjum við áherslu á samvinnu, sveigjanleika sem og jákvæðni. Skólinn er í samvinnu við Rif rannsóknarstöð þar sem unnið er að ýmsum verkefnum tengdum náttúrunni.

Við leitum að áhugasömum, fjölhæfum og jákvæðum kennurum í bekkjarkennslu, íþróttakennslu og list- og verkgreinakennslu.

- **Bekkjarkennsla yngra stigs**, samkennsla 1.-4. bekkur. Þekking á Byrjendalæsi er mikilvæg

- **Bekkjarkennsla eldra stigs**, samkennsla 8.-10. bekkur.

- **Íþróttakennsla**, allir árgangar


- **List- og verkgreinakennsla**, allir árgangar

Einnig leitum við að leikskólakennara. Viðkomandi þarf að vera barngóður, sveigjanlegur og tala góða íslensku. Þekking á leikskólastarfi er æskileg.

Frekari upplýsingar veitir Magnús Matthíasson skólastjóri sími: 464-9870 og 691-2254.
Tölvupóstur: magnus.matthiasson@raufarhafnarskoli.is

Umsóknarfrestur er til 17. maí 2019

Norðurþing er öflugt sveitarfélag sem einkennist af fjölbreyttu mannlífi og miklum sköpunarkrafti manns og náttúru.



Framtíðin er snjöll

– mótaðu hana með okkur

Framtíð vatnsveitu skiptir samfélagið miklu máli og felur í sér að tryggja auðlindina til framtíðar og dreifa heilnæmu vatni. Dreifikerfi veitunnar nær frá höfuðborgarsvæðinu austur í Úthlíð og vestur á Stykkishólum.

Tæknistjóri vatnsveitu

Við leitum að samskiptaliprum tæknistjóra vatnsveitu sem brennur fyrir vatnsvernd og nýsköpun til að leiða uppbyggingu okkar öflugra dreifikerfis. Tæknistjóri er hluti af teymi sem m.a. mótar vatnsveituna til framtíðar. Í boði eru fjölbreytt verkefni í fjölskylduvænu starfsumhverfi.

Við hvetjum konur sérstaklega til að sækja um.*

Hvers vegna Veitur?

Það er líf og fjör í vinnunni, starfsemi okkar er fjölbreytt og samfélagslega mikilvæg. Starfsfólk okkar hefur frumkvæði og fær tækifæri til að hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd. Við leggjum áherslu á jafnvægi vinnu og einkalífs, sí- og endurmenntun og möguleika til að vaxa í starfi. Okkur er annt um umhverfið, jafnrétti og að koma fram af virðingu við hvert annað og viðskiptavinum.

* Þar sem konur eru í miklum minnihluta í teyminu hvetjum við þær sérstaklega, á grundvelli 1. mgr. 18. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, til að sækja um.

Nánari á veitur.is. Umsóknarfrestur er til og með **14. maí 2019**.

Í góðu sambandi
við framtíðina



Við finnum rétta einstaklinginn í starfið

Capacent_

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent.is



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir stöðu skólastjóra við Norðlingaskóla

Norðlingaskóli er heildstæður grunnskóli með um 620 nemendum í 1.-10. bekk. Skólinn er staðsettur í einstöku umhverfi í uppsveitum Reykjavíkur, þ.e. Norðlingaholti. Við skólann er samþætt grunnskóla- og frístundastarf og alls vinna um 100 manns við skólann.

Stefna og starf Norðlingaskóla grundvallast á því lífsviðhorfi að hverjum einstaklingi skuli búin námsskilyrði svo hann megi þroskast og dafna á eigin forsendum og útskrifast úr grunnskóla sem sjálfstæður, sterkur og lífsglaður einstaklingur. Áhersla er m.a. á náð samráð við foreldra, samkenndu árganga, einstaklingsmiðað nám, smiðjuvinnu, nýbreytni og skólaþróun. Allt skólastarfið byggir á teymisvinnu starfsfólks. Þá leggur skólinn mikla áherslu á að vera í nánum tengslum við grenddarsamfélagið.

Leitað er að einstaklingi sem býr yfir leiðtogaþæfileikum, hefur víðtæka þekkingu á skólastarfi og metnaðarfulla skólasýn.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Veita skólanum faglega forystu og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga og reglugerða og í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla og stefnu Reykjavíkurborgar.
- Stýra og bera ábyrgð á rekstri og daglegri starfsemi skólans.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, s.s. ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun.
- Bera ábyrgð á samstarfi aðila skólasamfélagsins.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari.
- Viðbótarmentun í stjórnun eða kennslureynsla á grunnskólastigi.
- Reynsla af faglegri forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi.
- Stjórnunarþæfileikar.
- Færni í áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Færni til að leita nýrra leiða í skólastarfi og leiða framsækna skólaþróun.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.

Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf til að nota starfsheitið grunnskólakennari, greinargerð um framtíðarsýn umsækjanda á skólastarfið, upplýsingar um framsækin verkefni sem umsækjandi hefur leitt og annað er málið varðar.

Ráðið verður í stöðuna frá og með 1. janúar 2020. Umsóknarfrestur er til og með 18. maí 2019.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ vegna Skólastjórafélags Íslands. Umsækjendur eru beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf.

Nánari upplýsingar veita Soffía Vagnsdóttir, skrifstofustjóri grunnskólahluta fagskrifstofu, og Ragnheiður E. Stefánsdóttir, mannauðsstjóri, sími 411 1111. Netföng: soffia.vagnsdottir@reykjavik.is / ragnheidur.e.stefansdottir@reykjavik.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.



Dómsmálaráðuneytið auglýsir embætti dómara við Landsrétt laust til umsóknar

Dómsmálaráðuneytið auglýsir laust til umsóknar embætti dómara við Landsrétt. Stefnt er að því að skipa í embættið frá og með 1. september 2019 eða hið fyrsta eftir að dómnefnd um hæfni umsækjanda um dómaraembætti hefur lokið störfum.

Umsækjendur skulu fullnægja skilyrðum 2. mgr. 21. gr. laga nr. 50/2016. Í samræmi við 4. gr. reglna nr. 620/2010, um störf dómnefndar sem fjallar um hæfni umsækjanda um dómaraembætti, er áskilið að í umsókn komi fram upplýsingar um 1) núverandi starf, 2) menntun og framhaldsmenntun, 3) reynslu af dómstörfum, 4) reynslu af lögmannsstörfum, 5) reynslu af stjórnslustörfum, 6) reynslu af fræðistörfum, s.s. kennslu og öðrum akademískum störfum og upplýsingar um útgefnar ritrýndar greinar og bækur, fræðilega fyrirlestra o.s.frv., 7) reynslu af stjórnun, 8) reynslu af öðrum aukastörfum sem nýtast dómaraefni, s.s. vinnu í tengslum við undirbúning lagasetningar o.fl., 9) upplýsingar um almenna og sérstaka starfshæfni, 10) upplýsingar um andlegt atgervi og sjálfstæði í vinnubrögðum, 11) upplýsingar um tvo fyrrverandi eða núverandi samstarfsmenn eða yfirmenn sem geta veitt dómnefnd bæði munnlega og skriflega upplýsingar um störf og samstarfshæfni umsækjanda og 12) aðrar upplýsingar sem varpað geta ljósi á faglega eiginleika og færni umsækjanda sem máli skipta fyrir störf landsréttardómara.

Með umsókn skal fylgja eftir því sem við á: 1) afrit af prófskírteinum, 2) afrit dóma í munnlegum fluttum málum sem umsækjandi hefur samið atkvæði í síðustu 12 mánuði, 3) afrit af stefnu og greinargerð í málum sem umsækjandi hefur samið og flutt munnlega síðustu 12 mánuði, 4) afrit af úrskurðum stjórnvalda sem umsækjandi hefur samið síðustu 12 mánuði og 5) útgefnar fræðirit og ljósrít af tímaritsgreinum umsækjanda. Þess er óskað að þær tímaritsgreinar sem hafa verið ritrýndar verði auðkenndar. 6) Önnur gögn sem varpa ljósi á faglega færni umsækjanda til starfa sem landsréttardómari.

Umsóknir skulu berast dómsmálaráðuneytinu eigi síðar en 20. maí nk. Til þess að hraða afgreiðslu umsókna og bréfaskiptum er áskilið að umsóknir og fylgigögn berist dómsmálaráðuneytinu með rafrænum hætti á netfangið starf@dmr.is.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um skipun liggur fyrir.

Dómsmálaráðuneytinu,
3. maí 2019.

Stjórnarráð Íslands
Dómsmálaráðuneytið

FAGAFL

ÓSKAR EFTIR SMÍÐUM!

Fleiri verk kalla á fleiri starfsmenn, við leitum því af faglærðum smiðum eða nemum til starfa.

SÆKTU UM Á WWW.FAGAFL.IS



Leikskólinn Barnabær, Blönduósi auglýsir eftir deildarstjórum með leikskólakennaramenntun og leikskólakennurum í 100% stöður frá og með 8. ágúst 2019.

Barnabær er fjögurra deilda leikskóli og verða nemendur 64 næsta haust frá 8 mánaða aldri til 6 ára aldurs. Deildirnar eru aldursskiptar og er elsti hópurinn staðsettur í öðru húsnæði. Mjög gott samstarf er við Blönduskóla en elsti hópurinn fer í kennslustundir einu sinni í viku allan veturinn. Einkunnarorð skólans eru:

Leikur, gleði, virðing.

Hæfniskröfur:

- Leyfisbréf til að nota starfsheitið leikskólakennari.
- Reynsla af deildarstjórastörfum.
- Góð samskiptaþæfni.
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi og faglegur metnaður.

Með umsókn skal skila starfsferilskrá, nöfnum 2 umsagnaraðila og stuttri kynningu á umsækjanda. Umsækjandi þarf að veita leyfi til upplýsingaöflunar úr sakaskrá. Barnabær áskilur sér rétt til að hætta við ráðningu í einstaka stöðu og auglýsa að nýju. Áhugasamir, karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um.

Umsóknarfrestur er til og með 14. maí 2019.

Áhugasamir hafi samband við Jóhönnu G. Jónasdóttir, leikskólastjóra í síma 452 4530 eða á netfangið johanna@blonduos.is. Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu leikskólans www.karellen/barnabaer.is



Lausar grunnskólakennara stöður í Blönduskóla

Blönduskóli óskar eftir að ráða áhugasama grunnskólakennara til starfa næsta skólaár. Meðal kennslugreina eru: **tónmennt, hönnun og smíði, danska, heimilisfræði, íslenska fyrir erlenda nemendur, umsjón á miðstigi** Möguleiki er á 30 – 100% stöðu.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leyfisbréf sem grunnskólakennari
- Frumkvæði, sjálfstæði og faglegur metnaður
- Áhugi og hæfni til að starfa í teymisvinnu
- Jákvæðni og sveigjanleiki í samskiptum
- Ábyrgð og stundvísi
- Áhugi á að starfa með börnum

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Umsóknarfrestur er til og með 14. maí 2019.

Með umsókn skal skila starfsferilskrá, nöfnum 2 umsagnaraðila og stuttri kynningu á umsækjanda. Umsækjandi þarf að veita leyfi til upplýsingaöflunar úr sakaskrá. Blönduskóli áskilur sér rétt til að hætta við ráðningu í einstaka stöðu og auglýsa að nýju. Áhugasamir hafi samband við Þuríði Þorlákssdóttir skólastjóra í síma 452 4147 eða á netfangið blondskoli@blonduskoli.is



Sælingsdalslaug sundlaugaverðir – sumarstörf

Dalabyggð auglýsir störf sundlaugarvarða við sundlaugina á Laugum í Sælingsdal í sumar. Vaktavinna. Helstu verkefni eru öryggisgæsla, þjónusta við gesti staðarins, gæsla í búningaklefum, þrif á húsnæði og útisvæði og afgreiðsla.

Hæfniskröfur

- Góð færni í samskiptum, þjónustulund og jákvæðni.
- Góð sundkunnátta og að standast hæfnispróf samkvæmt reglum um öryggi á sundstöðum.
- Reglusemi
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Reynsla af störfum við sundlaugavörslu er kostur.
- Umsækjendur skulu hafa náð 18 ára aldri.

Umsækjendur þurfa að sækja námskeið fyrir sundlaugaverði áður en þeir geta hafið störf.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélag.

Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um.

Upplýsingar um starfið veitir tómsundafulltrúi tomstund@dalir.is.

Umsóknum skal skila í tölvupósti á netfangið dalir@dalir.is ekki síðar en **14. maí** næstkomandi.



Einstakt tækifæri fyrir metnaðarfulla kennara!

Flóaskóli auglýsir eftir kennurum til starfa næsta skólaár. Skólinn er staðsettur á Villingaholti í Flóahreppi, sem er í 10-15 mínútna akstursfjarlægð frá Selfossi. Í skólanum eru um 100 nemendur í 1.-10. bekk.

Í Flóaskóla leggjum við áherslu á einstaklingsmiðað nám og teymiskennslu. Við vinnum samkvæmt hugmyndafræðinni „Uppeldi til ábyrgðar“ og vinnum markvisst með samskipti og líðan nemenda. Við Flóaskóla starfar öflugur og metnaðarfullur hópur fólks sem vinnur samhent að því að skapa jákvætt og uppbyggjandi vinnuumhverfi, hlúa vel að nemendum og stuðla að því að þeir nái að vaxa og dafna í námi sínu.

Eftirtaldir stöður eru lausar til umsóknar:

- Umsjónarkennarar á yngri stigi.
- Umsjónarkennarar á eldri stigi, meðal kennslugreina eru tungumál, samfélagsfræði og stærðfræði.
- Heimilisfræði.
- Hönnun og smíði.
- Sérkennsla.
- Íþróttakennari – afleysing vegna fæðingarorlofs.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Grunnskólakennari / uppeldismenntun sem nýttist í starfi, leyfisbréf grunnskólakennara.
- Skipulögð vinnubrögð og hæfni í samskiptum.
- Frumkvæði og vilji til að leita nýrra leiða í skólastarfi.
- Þekking á Uppeldi til ábyrgðar er æskileg.
- Áhugi á þróunarstarfi.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélag.

Nánari upplýsingar veitir Gunnlaug Hartmannsdóttir, skólastjóri í síma 771-8342.

Umsóknarfrestur er til og með 20. maí 2019.

Umsókn með upplýsingum um menntun og starfsreynslu sendist á netfangið gunnlaug@floaskoli.is.



Hjúkrunarheimili
Hlíðarhúsum 7.
112 Reykjavík.
Sími. 522 5700.
www.eir.is



Hjúkrunardeildarstjóri

Laus er staða hjúkrunardeildarstjóra á Eir hjúkrunarheimili.

Helstu verkefni

Ábyrgð og skipulagning á hjúkrunarþjónustu við íbúa.
Þátttaka í framþróun í gæðastarfi og teymisvinnu.

Hæfniskröfur:

Íslenskt hjúkrunarleyfi og góð íslenskukunnátta.
Reynsla í stjórnun æskileg.
Frumkvæði, skipuleg vinnubrögð og faglegur metnaður.
Jákvætt viðmót og samskiptahæfni.

Nánari upplýsingar veitir:

Kristín Högnadóttir framkvæmdastjóri hjúkrunar kristin@eir.is í síma 522 5700.



Skólastjóri óskast til starfa við Grunnskólann á Þórshöfn

Í Grunnskóla Þórshafnar eru tæplega 70 nemendur og starfsmenn eru um 25. Starfsemi skólans einkennist af kraftmiklu og framsæknu skólastarfi. Samhliða skólanum er rekinn tónlistarskóli og hefið er fyrir öflugum íþróttastarfi fyrir alla aldurshópa skólans.

Langanesbyggð er öflugt og vaxandi sveitarfélag með spennandi framtíðarmöguleika. Á Þórshöfn búa um 400 manns í fjölskylduvænu umhverfi. Skólinn var endurnýjaður árið 2016 og er öll aðstaða og aðbúnaður til fyrirmyndar. Nýr leikskóli er í byggingu og verður tekin í gagnið í sumar Gott íbúðarhúsnæði er til staðar og öll almenn þjónusta er á Þórshöfn. Á staðnum er gott íþróttahús og innisundlaug og Ungmennafélag Langanes stendur fyrir öflugum íþróttastarfi. Í þorpinu er mikið og fjölbreytt félagslíf. Samgöngur eru góðar, m.a. flug fimm daga vikunnar til Reykjavíkur um Akureyri. Í næsta nágrenni eru margar helstu náttúruperlur landsins og ótal spennandi útivistarmöguleikar, s.s. fallegar gönguleiðir og stang- og skotveiði.

Langanesbyggð leitar að fólki á öllum aldri, af báðum kynjum, með margs konar menntun og reynslu. Í samræmi við jafnréttisáætlun Langanesbyggðar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um störf hjá sveitarfélaginu.



Langanesbyggð leitar að framfarasinnum, skapandi og farsælum leiðtoga til að stýra Grunnskólanum á Þórshöfn frá og með næsta skólaári.

Skólastjóri er fyrst og fremst faglegur leiðtogi sem þarf að fylkja liði um stefnu skólans og árangursríka starfshætti. Leitað er að bjartsýnum og lausnamiðuðum einstaklingi með mikinn metnað, sem sýnt hefur árangur í störfum sínum og leggur áherslu á velferð og framfarir nemenda í góðu samstarfi við starfsfólk og foreldra. Skólastjóri stýrir og ber ábyrgð á daglegum rekstri, mannauðsmálum og annarri starfsemi skólans og að skólastarf sé í samræmi við lög og reglugerðir.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Kennaramenntun og leyfisbréf grunnskólakennara
- Leiðtogahæfni, metnaður og áhugi á skólaþróun og nýjungum í skólastarfi er skilyrði.
- Þekking og reynsla af rekstri og stjórnun er æskileg.
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar og kennslufræða er æskileg.
- Sérstök áhersla er lögð á að viðkomandi búi yfir lipurð í samstarfi, sveiganleika og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Góðir skipulagshæfileikar og frumkvæði er kostur
- Gerð er krafa um vammleysi. s.s. að vera með gott orðspor og að framkoma og athafnir á vinnustað og utan hans samrýmist starfinu.

Umsókn fylgi ítarleg starfsferilskrá ásamt greinargerð þar sem m.a. komi fram ástæða umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi til starfsins.

Starfsfólk Grunnskólans á Þórshöfn hefur tekið virkan þátt í þróunarstarfi á síðustu árum þar sem lögð hefur verið áhersla á þróun fjölbreyttra kennsluhátta, teymisvinnu og á aukna lýðræðislega þátttöku nemenda í skólastarfinu. Framundan er áframhaldandi spennandi skólaþróun.

Unnið er að því að koma á sameiginlegri skólastjórn Grunnskólans á Þórshöfn og leikskólans Barnabóls. Skólastjórn sér um og stjórnar sameiginlegum verkefnum og stefnumótun. Hvor skólastjóri um sig sinnir daglegri stjórn á hvorum stað en munu m.a. sjá sameiginlega um mannaráðningar og hafa þannig stjórnunarlegan stuðning hvor af öðrum.

Umsóknarfrestur er til 17. maí og skulu umsóknir sendar rafrænt á netfangið elias@langanesbyggd.is

Við hlökkum til að heyra frá þér!

Nánari upplýsingar um starfið veita:

Eliás Pétursson, sveitarstjóri í síma 4681220 eða 8920989, netfang: elias@langanesbyggd.is

Gunnar Gíslason, ráðgjafi í síma 8921453, netfang: gg@akmennt.is

VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS

Kennari

Verzlunarskóli Íslands óskar að ráða íslenskukennara í 100% starf fyrir skólaárið 2019-2020.

Hæfnikröfur:

- Háskólapróf í íslensku.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.

Við bjóðum:

- Góða vinnuástöðu.
- Góðan starfsanda á framsæknum vinnustað.

Nánari upplýsingar gefur Guðrún Inga Sívertsen starfsmanna – og þróunarstjóri gunninga@verslo.is

Umsóknarfrestur er til 10. maí og skal senda umsóknir ásamt ferilskrá á netfangið gunninga@verslo.is

Verzlunarskóli Íslands er framhaldsskóli með um 930 nemendur. Skólinn er bekkjarskóli. Nemendur geta valið á milli fjögurra mismunandi brauta og útskrifast með stúdentspróf af öllum brautum. Samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92 frá 2008 er ekki heimilt að ráða einstakling til starfa sem hlotið hefur dóm fyrir brot á XXII. kafla almennra hegningarlaga og því er beðið um sakavottorð áður en ráðið er í starfið.



Aðstoð í eldhúsi

Við leitum að samvisskusömum og jákvæðum starfsmanni í eldhúsi.

Um er að ræða fullt starf og er æskilegt að viðkomandi geti hafið starf sem fyrst.

Unnið er á tvískiptum vöktum, aðra hvora viku:

- mán. – fim. kl. 07:00-15:00
- mán. – fim. kl. 11:00-19:00
- alla föstudaga kl. 07:00-14:00

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi Eflingar og fjármála-ráðherra, auk stofnanasamnings Eflingar og Reykjalundar.

Umsóknarfrestur er til 19. maí 2019

Upplýsingar um starfið gefur Guðbjörg Gunnarsdóttir, mannauðsstjóri í síma 585 2143 eða í gegnum netfangið gudbjorg@reykjalundur.is

Reykjalundur, endurhæfingarmiðstöð SÍBS.
Sími 585 2000 – www.reykjalundur.is



MENNTASKÓLINN
ÁSBRÚ

Haustið 2019 hefst kennsla í námi til stúdentsprófs í tölvuleikjagerð í nýjum Menntaskóla á Ásbrú í Reykjanesbæ.

Auglýst eftir umsóknum til kennslu eftirfarandi greina:

Forritun Íslenska Stærðfræði	Listgreinar Tölvuleikjagerð Danska
------------------------------------	--

Allir umsækjendur skulu hafa fullgild kennsluréttindi á framhaldsskólastigi í viðkomandi kennslugreinum.

Við hvetjum jafnt konur sem karla til þess að sækja um.

Forstöðumaður brautarinnar veitir nánari upplýsingar og tekur við umsóknum í netfanginu nanna@keilir.net.

Umsóknarfrestur er 19. maí 2019.
Fullum trúnaði heitið.



Keilir
Miðstöð vísinda,
fræða og atvinnulífs

MENNTASKOLINN.IS



Íþróttakennari Enskukennari Leikskólakennari


Kennarastöður við Húnavallaskóla

- Staða íþrótt- og sundkennara, 100% staða.
- Stundakennsla í ensku á mið- og unglíngastigi, 12 kennslustundir á viku.
- Staða leikskólakennara við leikskóladeild, 100% staða.
Leikskólaliði eða starfsmaður með aðra menntun sem nýtist í starfi og/eða reynslu af vinnu með ungum börnum kemur til greina.

Húnavallaskóli er staðsettur rétt fyrir utan Blönduós og er samrekin leik- og grunnskóli. Í grunnskólanum eru tæplega 40 nemendur og í leikskólanum 19, gott íþróttahús, sundlaug og heitur pottur eru í og við húsnæðið. Kennt er í fjórum námshópum 1.-3. bekkur, 4.-6. bekkur, 7.-8. bekkur og 9.-10. bekkur.

Ein deild er á leikskólanum og eru nemendur frá níu mánaða aldri.

Leitað er eftir jákvæðum, duglegum, sveigjanlegum og metnaðarfullum einstaklingum, bæði körlum og konum með góða skipulagshæfni ásamt góðri hæfni í mannlegum samskiptum.



Umsóknarfrestur er til 15. maí nk.

Umsóknir skulu sendar á netfangið skolastjori@hunavallaskoli.is eða til skólalæris Húnavallaskóla, Húnavöllum, 541 Blönduós.

Nánari upplýsingar:

Sigríður B. Aadnegard í síma 455 0020 og 8472 664 eða í gegnum netfangið skolastjori@hunavallaskoli.is



Húnavatnshreppur

hunavatnshreppur.is



Náms- og starfsráðgjafi óskast til starfa. Afleysing vegna fæðingarorlofs

Náms- og starfsráðgjafi/ar óskast til starfa í grunnskólum í uppsveitum Árnessýslu og Flóa-hreppi skólaárið 2019 - 2020. Um er að ræða afleysingu í 1 ár vegna fæðingarorlofs. Sex grunnskólar eru á svæðinu, Kerhólsskóli, Bláskógaskóli á Laugarvatni, Bláskógaskóli í Reykholti, Flúðaskóli, Þjórsárskóli og Flóaskóli, og hafa þeir sameinast um starf náms- og starfsráðgjafa. Samanlagður nemendafjöldi í skólunum eru rúmlega 400.

Ráðið verður í tvær stöður, 80% og 85% starf, og er miðað við að þrjár skólar sameinist um hvora stöðu. Viðvera náms- og starfsráðgjafa í hverjum skóla fer eftir fjölda nemenda í samráði við skólalæris.

Helstu verkefni náms- og starfsráðgjafa eru:


- Náms- og starfsfræðsla m.a. hafa umsjón með starfskyppingum nemenda á unglíngastigi.
- Ráðgjöf um náms- og starfsval.
- Persónuleg ráðgjöf við nemendur vegna ýmissa mála s.s. líðan í námi, námsörðugleika, prófkvíða o.fl.
- Fræðsla og stuðningur við nemendur um vinnubrögð í námi.
- Forvarnir og fræðsla.
- Hópráðgjöf og fræðsla fyrir nemendur.
- Náms- og starfsráðgjafi er trúnaðarmaður og talsmaður nemenda.
- Faglegt samráð og samstarf við skólalæris og umsjónarkennara.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Starfsréttindi sem náms- og starfsráðgjafi.
- Sveigjanleiki og hæfni í samskiptum.
- Frumkvæði og metnaður í starfi.
- Sjálfsstæð vinnubrögð og skipulagshæfni.

Upplýsingar um starfið veitir: Gunnlaug Hartmannsdóttir, skólalæris Flóaskóla í síma 486-3460 / 771-8342.

Umsóknarfrestur er til og með 20. maí 2019. Umsókn sendist á netfangið gunnlaug@floaskoli.is með upplýsingum um menntun og starfsreynslu þar sem m.a. eru tilgreind þau verkefni sem viðkomandi hefur unnið og varpað geta ljósi á færni hans til starfa.



Mannauðsstjóri Fjarðabyggðar

Fjarðabyggð auglýsir starf mannauðsstjóra laust til umsóknar

Starf mannauðsstjóra er nýtt starf í stjórnkerfi Fjarðabyggðar sem heyrir undir bæjarstjóra samkvæmt skipuriti. Mannauðsstjóri starfar þvert á svið sveitarfélagsins. Leitað er að einstaklingi með mikinn áhuga og reynslu af mannauðsmálum.

Helstu verkefni:

- Ábyrgð mannauðs- og vinnuverndarmála.
- Ábyrgð persónuverndarmála.
- Yfirumsjón með jafnlaunavottun og jafnlaunagreiðingum.
- Yfirumsjón með skipulagi fræðslu og starfsþróunarsamtala.
- Yfirumsjón með launaákvörðunum og stuðningur við launafulltrúa vegna launasetningar.
- Stuðningur og fræðsla stjórnenda á sviðum mannauðs- og persónuverndarmála.
- Eftirlit með mannauðsupplýsingum og skráningu upplýsinga í mannauðskerfi.
- Umsjón með þjónustu á sviði mannauðsmála til stjórnenda og starfsmanna.
- Umsjón með árangursmælingum og könnunum m.a. um starfslíðan starfsmanna.

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Viðbótarmenntun í stjórnsýslu eða lögræði sem nýtist í starfi er æskileg.
- Viðtæk reynsla og þekking af mannauðsmálum er skilyrði.
- Reynsla og þekking af persónuvernd eða opinberri stjórnsýslu er æskileg.
- Stjórnunarreynsla eða reynsla af verkefnastjórnun er æskileg.
- Reynsla af stefnumótun og teymisstarfi er æskileg.
- Góð málakunnátta og færni til að setja fram mál í ræðu og riti

Starfið gegnir veigamiklu hlutverki í stjórnkerfi sveitarfélagsins. Rík áhersla er lögð á teymisvinnu og þverfaglega vinnu.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum sveitarfélagsins við viðkomandi stéttarfélag. Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um stöðuna.

Allar frekari upplýsingar veitir Karl Óttar Pétursson bæjarstjóri Fjarðabyggðar, í síma 470 9000 eða á netfanginu karl.petursson@fjardabyggd.is.

Umsóknarfrestur er til og með 25. maí 2019 og æskilegt er að viðkomandi geti hafð störf eigi síðar en 1. ágúst 2019. Sótt er um starfið í gegnum ráðningarvef Fjarðabyggðar starf.fjardabyggd.is.



Pú finnur draumastarfið á

Job.is

GLÆNÝ OG
FERSK STÖRF
Í HVERRI VIKU



Eftirtaldir stöður eru lausar í leikskólum sveitarfélagsins frá 8. ágúst 2019

Álfheimar

- Deildarstjórar, 100% starfshlutfall
- Leikskólakennarar, 100% starfshlutfall
- Matráður, 100% starfshlutfall

Árbær

- Leikskólakennarar, 100% starfshlutfall

Brimver/Æskukot

- Deildarstjóri, 100% starfshlutfall
- Leikskólakennarar, 100% starfshlutfall

Hulduheimar

- Deildarstjóri, 100% starfshlutfall
- Leikskólakennarar, 100% starfshlutfall
- Leikskólasérkennari, 100% starfshlutfall

Jötunheimar

- Deildarstjóri, 100% starfshlutfall
- Leikskólakennarar, 100% starfshlutfall

Sjá nánar: <http://www.arborg.is/>

Aðstoðardeildarstjóri óskst á Eir hjúkrunarheimili

Laus er staða aðstoðardeildarstjóra hjúkrunar á heimiliseiningu á Eir

Helstu verkefni:

Ábyrgð og skipulagning á hjúkrunarþjónustu í samráði við deildarstjóra. Aðstoðardeildarstjóri er jafnframt staðgengill deildarstjóra.

Sérstök ábyrgð á tilteknum verkefnum og gæðastarfi.

Hæfniskröfur:

Íslenskt hjúkrunarleyfi og góð í slenskukunnátta.

Frumkvæði, skipuleg vinnubrögð og faglegur metnaður.

Jákvætt viðmót og samskiptahæfni.

Nánari upplýsingar veitir: Kristín Högnadóttir framkvæmdastjóri hjúkrunar kristin@eir.is í síma 522 5700.



Hjúkrunarheimili

Hlíðarhúsum 7. 112 Reykjavík. Sími. 522 5700. www.eir.is

Öflugur leikskólaráðgjafi

Menntasvið Kópavogsbæjar rekur 19 leikskóla í sveitarfélaginu auk tveggja þjónusturekinna leikskóla. Í leikskólum Kópavogs eru u.þ.b. 2100 börn og 700 starfsmenn í um 550 stöðugildum. Starf leikskóla Kópavogs einkennist af faglegum metnaði þar sem lögð er áhersla á skapandi og ánægjulegt starfsumhverfi barna og starfsmanna. Mikilvægt er að leikskólaráðgjafi sé jákvæður og uppbyggjandi í samskiptum, hafi ríkan vilja til að ná árangri og brennandi áhuga á þróun leikskólastarfs til framtíðar.

Unnið er að innleiðingu Barnasáttmála og Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna í allar stofnanir bæjarins. Einnig er lögð rík áhersla á innleiðingu vináttuverkefnis Barnaheilla fyrir börn frá eins til sex ára. Markvisst er unnið að því að fjölga leikskólakennurum og í þeim tilgangi eru starfsmenn studdir til náms í leikskólakennarafræðum með námsstyrkjum.

Helstu verkefni

- Ráðgjöf um fagleg málefni, skipulag leikskóla og uppeldis- og menntastarf í leikskólum.
- Ráðgjöf um foreldrasamstarf, stjórnun og starfsmannamál.
- Eftirfylgni með gæðum í uppeldis- og menntastarfi og aðbúnaði í leikskólum.
- Miðlun þekkingar og nýjunga á sviði leikskólafræða.
- Ráðgjöf og stuðningur við foreldra leikskólalabarna.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Leikskólakennaramenntun.
- Framhaldsmenntun (MA, MSc eða diplóma að lágmarki) á sviði leikskólakennarafræða, eða önnur framhaldsmenntun sem nýtist í starfi.
- Góð reynsla af leikskólastarfi.
- Reynsla af stjórnun í leikskóla.
- Hæfni til að leiða faglega forystu.
- Sýn og vilji til nýbreytni og þróunar í leikskólamállum.
- Hæfni í mannlegum samskiptum, jákvæðni og lausnamiðuð nálgun.

Fekari upplýsingar

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Launanevndar sveitarfélaga og BHM.

Ráðningartími er 15. ágúst 2019, eða samkvæmt samkomulagi.

Umsóknarfrestur er til 19. maí 2019.

Nánari upplýsingar veitir Sigurlaug Bjarnadóttir deildarstjóri leikskóladeilda, sigurlaugb@kopavogur.is í síma 4410000 og 8615440.

Tekið er á móti umsóknum/ferilskrám í gegnum ráðningarvef bæjarins.



Kópavogsbær

kopavogur.is

Sérfræðingur á fjármála- sviði í Borgarnesi

Starf sérfræðings í greiningum og miðlun upplýsinga á svæðisskrifstofu Vegagerðarinnar í Borgarnesi er laust til umsóknar. Um 100% starf er að ræða.



FAGMENN
SKA
ÖRYGGI
FRAMSYNI

Starfssvið

- Söfnun, greining og miðlun upplýsinga.
- Gerð og eftirfylgni með áætlunum og rekstraruppgjöri.
- Greining á áhrifum breytinga á rekstrarumhverfi varðandi samninga og verkefni.
- Eftirfylgni og fjárhagsumsjón með verkefnum.
- Skýr og greinargóð framsetning gagna og upplýsinga.
- Faglegur stuðningur við ýmis verkefni sem unnið er að hverju sinni.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Hæfni og áhugi á að greina upplýsingar og hagstærðir.
- Góð færni í framsetningu fjármálaupplýsinga.
- Marktæk reynsla af vinnu í fjárhagskerfum.
- Framúrskarandi samskiptafærni.
- Frumkvæði, metnaður og fagmennska í starfi.
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð.
- Góð kunnátta í talaðri og ritaðri íslensku og ensku



Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum. Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags. Umsóknarfrestur er til og með 20. maí 2019. Nánari upplýsingar um starfið veitir Ruth Elfarsdóttir framkvæmdastjóri fjármálasviðs ruth.elfarsdottir@vegagerdin.is og í síma 522 1000. Umsókn skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf þar sem fram kemur rökstuðningur um hæfi til að gegna umræddu starfi. Umsóknir berist Vegagerðinni á netfangið starf@vegagerdin.is. Tekið skal fram að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Starfsfólk óskast í fjölbreytt störf á Norðurlandi vestra



Viltu minni tíma í umferðinni og meiri tíma með fjölskyldunni?

Á vef Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra er að finna upplýsingar um áhugaverð störf í boði í landshlutanum:

www.ssnv.is

Norðurland vestra nær frá Hrútafirði í vestri yfir í Skaga-fjörð í austri. Þar er að finna fjölskylduvæn samfélög í nálægð við stórbrotna náttúru. Tímstundastarf er fjölbreytt og menningarlífið gróskumikið. Hér eiga allir að finna eitthvað við sitt hæfi.

Hugmyndasmiður / Matvæla- hönnuður / Vöruhönnuður

Þekkt matvælafyrirtæki óskar eftir samstarfi við hugmyndasmið, matvælahönnuð eða vöruhönnuð til að þróa matvörur á neytendamarkaði.

Um er að ræða verkefni til að leita nýrra tækifæra á Íslenskum matvælamarkaði.

Tímabundið verkefni með möguleika á áframhaldandi verkefnum.

Umsóknir með upplýsingum um fyrri verk eða reynslu á þessu sviði sendast á atvinna@frettabladid.is merkt „Matvæli“

Verkefnastjóri á Patreksfirði

Vestfjarðarstofa vantar verkefnastjóra með starfsstöð á Patreksfirði. Verkefnastjóri sinnir verkefnum sem varða atvinnulíf og byggðapróun á öllum Vestfjörðum. Megináherslur í starfi verkefnastjóra eru á sviði sjávarútvegs og fiskeldis.

Vestfjarðastofa er að leita að verkefnastjóra sem hefur góða samskiptahæfni, frumkvæði og aðlögunarhæfni í breytilegum aðstæðum og fjölbreyttum verkefnum. Mikilvægt er að verkefnastjóri geti unnið bæði sjálfstætt og sem hluti af teymlum.

Menntun og hæfni:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun æskileg
- Góð þekking á sjávarútvegi og/eða fiskeldi skilyrði
- Reynsla af verkefnastjórnun æskileg
- Reynsla af ráðgjöf eða atvinnuþróun kostur
- Þekking á opinberri stjórnvöldum kostur
- Hæfni til að móta nýjar leiðir og leita að stöðugum umbótum kostur

Æskilegt er að verkefnastjóri geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur er til og með 17. maí 2019.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og BHM.

Áhugasamir sendi kynningarbréf og ferilskrá á netfangið sirry@vestfiridir.is. Nánari upplýsingar veitir Sigríður Ó. Kristjánsdóttir í síma 861 4913 eða ofangreindu netfangi.

Vestfjarðastofa er sjálfseignastofnun sem sameinar krafta Fjórðungssambands Vestfirðinga og Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða. Vestfjarðastofa samþættir krafta landshlutans, fylgir eftir hagsmunum umhverfisins, samfélagsins og efnahaglífs byggðanna og stuðlar þannig að öflugum og sjálfbærum Vestfjörðum.

Vestfjarðastofa styður einstaklinga, fyrirtæki, félagsamtök og sveitarfélög á Vestfjörðum við að ná árangri á sviði nýsköpunar og atvinnuþróunar. Vestfjarðastofa er í forsvari gagnvart stjórnvöldum, sinnir markaðssetningu og svæðasamstarfi á Vestfjörðum.



Vestfjarðastofa

VESTFJARÐASTOFA | ÁRNAGÖTU 2-4, 400 ÍSAFJÖRÐUR | VESTFIRDIR.IS

BLAÐAMAÐUR Á SÉRBLÖÐ FRÉTTABLAÐSINS

VILTU SLÁST Í HÓP ÖFLUGUSTU BLAÐAMANNA LANDSINS?

Fréttablaðið óskar eftir blaðamanni á sérblöð Fréttablaðsins. Um er að ræða áhugavert starf á skemmtilegum vinnustað í stöðugri sókn.

Umsækjandi þarf:

- Að hafa góða þekkingu á íslensku samfélagi og brennandi áhuga á málefnum líðandi stundar
- Að hafa gott vald á íslensku
- Að vera fær í mannlegum samskiptum
- Að geta unnið undir álagi

Umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendar á Kristínu Þorsteinsdóttur í gegnum netfangið kristin@frettabladid.is

Umsóknarfrestur er til og með 12. maí. næstkomandi

VIÐ LEITUM AÐ LIÐSAUKA

Arnarlax ehf. er leiðandi fiskeldisfyrirtæki á Íslandi. Hjá félaginu starfar metnaðarfullur og kraftmikill hópur fólks.

Nú vantar okkur starfsfólk í eftirfarandi stöður:
Starfsmaður í seiðaeldi félagsins í Tálknafirði

- Menntun á sviði fiskeldis er kostur
- Skipulagshæfni
- Áhugi á fiskeldi og fiskivelferð

Líffræðingur við fiskeldi félagsins í Arnarfirði, Tálknafirði og Patreksfirði

- Viðkomandi þarf að hafa lokið háskólaprófi í líffræði með fiskalíffræði og tengdum fögum
- Áhugi á fiskeldi og fiskivelferð
- Góð tölvukunnátta

Æskilegt er að viðkomandi búi yfir hæfni í mannlegum samskiptum og sýni frumkvæði og metnað í starfi.

Umsókn ásamt ferilskrá og prófskírteini (ef við á) óskast send á vinna@arnarlax.is
Umsóknarfrestur er til og með **17.maí nk.**



Pú finnur draumastarfið á

Job.is

GLÆNÝ OG
FERSK STÖRF
Í HVERRI VIKU



Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Kennari í raungreinum	Fjölbrautaskóli Vesturlands	Akranes	201905/946
Skrifstofumaður/aðstoðarmaður	Landspítali, endurhæfingageðdeild	Reykjavík	201905/945
Nýtskrifaðir hjúkrunarfræðingar	Landspítali	Reykjavík	201905/944
Vélamaður	Vegagerðin	Hvammstangi	201905/943
Sérfræðingur á fjárhagsdeild	Vegagerðin	Borgarnes	201905/942
Embætti dómara við Landsrétt	Dómsmálaráðuneytið	Kópavogur	201905/941
Embætti héraðsdómara	Dómsmálaráðuneytið	Hafnarfjörður	201905/940
Kennarar, spænska/sjúkráliðabr.	Verkmenntaskóli Austurlands	Fjarðabyggð	201905/939
Kennari á starfsbraut	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	Reykjavík	201905/938
Kennarar í rafiðngreinum	Verkmenntaskólinn á Akureyri	Akureyri	201905/937
Kennari í stærðfræði	Fjölbrautaskóli Vesturlands	Akranes	201905/936
Kennari í viðsk.-/hagfræðigreinum	Flensborgarskólinn	Hafnarfjörður	201905/935
Framhaldsskólakennari í sögu	Flensborgarskólinn	Hafnarfjörður	201905/934
Hjúkrunarfræðingar	Heilsugæslan Glæsibæ	Reykjavík	201905/933
Hjúkrunarfræðingur	Heilsugæslan Seltj. nesi og Vesturbæ	Seltjarnarnes	201905/932
Sérnámslæknir í heimilislækn.	Heilsugæslan Garðabæ	Garðabær	201905/931
Svæðisstjóri	Heilsugæslan Mosfellsumdæmi	Mosfellsbær	201905/930
Forstjóri Landmælinga Íslands	Umhverfis- og auðlindaráðuneytið	Akranes	201905/929
Starfsmenn í ræstingu og búri	Sjúkrahúsið á Akureyri	Akureyri	201905/928
Sjúkraliði	Sjúkrahúsið á Akureyri	Akureyri	201905/927
Sjúkraliði	Sjúkrahúsið á Akureyri	Akureyri	201905/926
Hjúkrunarfr. í geðheilsuteymi	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Neskaupstaður	201905/925
Móttökuritari, sumarafleysing	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Seyðisfjörður	201905/924
Tækjaumsj./stuðningsfulltr./ræst.	Borgarholtsskóli	Reykjavík	201905/923
Kennarar, fjallamennska ofl.	Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	Höfn	201904/922
Framhaldsskólakennarar	Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	Höfn	201904/921
Móttökuritari, sumarafleysing	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Vopnafjörður	201904/920
Lífeindafræðingur, sumarafleysing	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Neskaupstaður	201904/919
Yfirhjúkrunarfræðingur	Heilbrigðisstofnun Vesturlands	Grundarfjörður	201904/918
Lögreglumenn	Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra	Norðurland	201904/917
Læknaritari	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Sauðárkrókur	201904/916
Hjúkrunarfræðingur	Landspítali, meðferðargeðdeild	Reykjavík	201904/915
Sérfræðingur í hjúkrun	Landspítali, lyflækningasvið	Reykjavík	201904/914
Deildarlæknir	Landspítali, taugalækningadeild	Reykjavík	201904/913
Skrifstofumaður/heilbrigðisritari	Landspítali, svefndeild	Reykjavík	201904/912
Félagsráðgjafi	Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	Kópavogur	201904/911
Félagsráðgjafi	Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	Kópavogur	201904/910
Lektor við iðjupjálfunarfræðideild	Háskólinn á Akureyri	Akureyri	201904/909
Kennarar í rafiðngreinum	Fjölbrautaskóli Vesturlands	Akranes	201904/908
Yfirsálfræðingur	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Suðurland	201904/907
Teymisstjóri geðheilbrigðisteymis	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Suðurland	201904/906

Innanhússarkitekt á húsgagnasviði

Starfssvið:

- Teikningar og hönnun skrifstofurýma.
- Ráðgjöf í innanhúshönnun.
- Ábyrgð, utanumhald og umsjón ákveðins hóps stærri viðskiptavina.
- Sala og tilboðsgerð.
- Annast kynningu á húsgagnalausnum og vörum fyrir viðskiptavinum.
- Önnur tilfallandi verkefni.


Umsóknarfrestur er til og með 12. maí nk.
Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Pennans,
<https://www.penninn.is/is/laus-storf>



Húsgögn

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun eða önnur menntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af sölu og viðskiptum, reynsla af sambærilegu starfi æskileg.
- Góð almenn enskukunnátta.
- Góð almenn tölvukunnátta, kunnátta á Navision er æskileg.
- Áhugi á fallegri hönnun og áhugi á að selja gæðavörur.





Svæðisstjóri Heilsugæslan Mosfellsumdæmi

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins auglýsir laust til umsóknar starf svæðisstjóra Heilsugæslu Mosfellsumdæmis. Starfshlutfall er 100% og er ráðið í starfið til 5 ára frá og með 1. ágúst nk. eða eftir nánara samkomulagi.

Umsóknarfrestur er til og með 20. maí 2019.

Um er að ræða ábyrgðarmikið og krefjandi starf sem reynir á frumkvæði, stefnumótandi hugsun og samskipta-hæfileika.

Heilsugæsla Mosfellsumdæmis þjónar sívaxandi fjölda íbúa í Mosfellsbæ, Kjalarnesi og Kjós. Mikil þróunarvinna er í gangi á stöðinni og stöðugt er unnið að því að bæta þjónustu við skjólstæðinga. Margvísleg tækifæri og spennandi tímar eru framundan og stefnt er að því að flytja starfsemina í nýtt húsnæði árið 2020.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Ber ábyrgð á rekstri heilsugæslustöðvar gagnvart framkvæmdastjórn
- Skipuleggur heilsugæsluþjónustu í umdæmi stöðvar
- Þróar nýjungar og vinnur að breytingum í starfsemi
- Mótar, innleiðir og endurskoðar verkferla
- Tekur þátt í gerð, innleiðingu og notkun klínískra leiðbeininga
- Stuðlar að góðri vinnustaðameningu
- Stuðlar að gæðapróun og árangursmati í starfi stöðvar
- Tekur þátt í gerð áætlana varðandi rekstur, þjónustu og áherslu í starfsemi stöðvar
- Er faglegur yfirmaður á sínu sviði og sinnir klínísku starfi samhliða

Hæfnikröfur

- Sérfræðingur í heimillislækningum eða hjúkrunarfræðingur með framhaldsmenntun (a.m.k. 60 ECTS eða meistaraþráðu)
- Íslenskt lækninga eða hjúkrunarleyfi
- Reynsla af starfi í heilsugæslu
- Þekking, reynsla og hæfni á sviði stjórnunar
- Reynsla af þróunarstarfi og breytingastjórnun æskileg
- Nám í stjórnun æskilegt
- Hæfni í mannlegum samskiptum og jákvætt viðmót
- Leiðtogaþæfni og metnaður til að ná árangri í starfi
- Frumkvæði og geta til að starfa sjálfstætt
- Reynsla af og áhugi á teymisvinnu
- Góð íslenskukunnátta og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti

Nánari upplýsingar veita:

Óskar Sesar Reykdalsson - oskar.reykdalsson@heilsugaeslan.is - 513-5000
Svava Kristín Þorkelsdóttir - svava.kristin.thorkelsdottir@heilsugaeslan.is - 513-5000

Sjá nánar á vef Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (www.heilsugaeslan.is) undir laus störf eða á Starfatorgi (www.starfatorg.is).

Ábyrgð - Fagmennska - Traust - Þjónusta - Framþróun



Ertu frábær sölumaður?

Vegna ört vaxandi verkefni óskar Jötunn eftir að ráða öflugan sölumann á vélasölusvið okkar á Selfossi. Um spennandi og krefjandi fram-tíðarstarf er að ræða.

Starfssvið:

- Sala og ráðgjöf á vélum og tækjum
- Samskipti við nýja og núverandi viðskiptavini
- Starfinu fylgir mikil samskipti við viðskiptavinum um land allt.

Hæfniskröfur:

- Reynsla / menntun sem nýtist í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- og rík þjónustulund
- Frumkvæði og metnaður
- Geta unnið sjálfstætt

Umsóknarfrestur er til og með 13. maí nk.


Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að senda umsókn ásamt ítarlegri ferilskrá og mynd á netfangið helgi@jotunn.is.

Nánari upplýsingar veitir Helgi Jóhannsson í síma 480 0400.

Jötunn er stofnað árið 2004 og er með starfsstöðvar á Selfossi, Akureyri og á Egilsstöðum. Fyrirtækið sérhæfir sig í sölu á vélum og tækjum og varahlutum tengdum landbúnaði, grænum svæðum og jarðvinnuverktökum og er stærsta sinnar tegundar á Íslandi. Fyrirtækið hefur frá upphafi lagt mikla áherslu á að veita viðskiptavinum sínum góða og hraðvirka þjónustu. Meðal helstu vörumerkja sem fyrirtækið er innflytjandi að eru: Massey Ferguson, Valtra, Pöttinger, Schaffer og McHale. Fyrirtækið skiptist í verslunarsvið, varahlutasvið og vélasölusvið. Hjá Jöttni vinna 40 manns.



Austurvegur 69 - 800 Selfoss | Lónsbakki - 601 Akureyri | Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir
Sími 480 0400 | jotunn@jotunn.is | www.jotunn.is



HAGVANGUR

VIÐ STUNDUM HAUSAVEIÐAR
(HEAD-HUNTING) DAGLEGA

Við höfum lengi haft sterk tengsl í atvinnulífinu á Íslandi.
Hafðu samband og kannaðu hvað við getum gert fyrir þig!



Laus störf hjá Kópavogsbæ

**Fjölbreytt og skemmtileg störf í boði.
Kynntu þér málið á heimasíðu okkar.**

Hjá leikskólum bæjarins eru lausar stöður aðstoðarskólustjóra – deildarstjóra – leikskólakennara – leikskólasérkennara, sérkennslustjóra og þroskaþjálfara.

Í grunnskólum Kópavogs eru lausar stöður íþróttakennara, dönskukennara, sérkennara, deildarstjóra sérúrræða og umsjónarkennara á miðstigi og yngsta stigi.

Í íbúðakjarna fyrir fatlaða eru lausar stöður teymisstjóra og almennra starfsmanna.

Fleiri spennandi störf í boði svo sem sálfræðingur, mannauðsráðgjafi, arkitekt, leikskólaráðgjafi og vallarstjóri íþróttavalla.



Kópavogsbær

kopavogur.is



Arkitekt í afleysingar

Skipulagssvið Kópavogsbæjar auglýsir eftir arkitekt til afleysinga í eitt ár. Um er að ræða fjölbreytt starf og krefjandi verkefni.

Starfssvið

- Vinnur að gagnaöflun, tekur til kynningargögn og undirbýr fundi fyrir skipulagssvið.
- Sér um undirbúning fyrir grenndarkynningar.
- Vinnur við gerð aðal-, deili og hverfisskipulags.
- Úrvinnsla erinda sem berast skipulagsráði.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í arkitektúr, skipulagsfræði eða önnur menntun sem nýtist í starfi.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Góð þekking og færni á Autocad eða teikniforritum sem nýtast í starfi.
- Þekking á rafrænum skjalavistunarkerfum.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og samvirkusemi.
- Frumkvæði og skipulagsfærni.

Staðan er laus og æskilegt er að viðkomandi geti hafð störf sem fyrst eða samkvæmt samkomulagi.

Fekari upplýsingar

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi aðildarfélag.

Umsóknarfrestur er til 13. maí.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Birgir H. Sigurðsson, skipulagsstjóri í síma 441-0000.



Kópavogsbær

kopavogur.is

RÁÐNINGAR

Árangur fyrirtækja ræðst af þekkingu, getu og reynslu starfsmanna.

Hver einstök ráðning er mikilvæg fjárfesting og er hagur bæði fyrirtækis og viðkomandi einstaklings að vel takist til.

Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavinum til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

intellecta

Styrktarsjóður

Richards P. Theodórs og

Dóru Sigurjónsdóttur

Styrktarsjóður Richards P. Theodórs og Dóru Sigurjónsdóttur auglýsir eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum.

Tilgangur sjóðsins er annars vegar að styrkja ungt, blint eða sjónskert fólk til mennta, og hins vegar menntun eða vísindastarf í þágu blindra og blinduvarna. Heimilt er að úthluta árlega úr sjóðnum allt að 2 milljónum króna.

Umsóknir sendist rafrænt (eða á pappír) til Ingu Lísar Hauksdóttur ingaliso@landspitali.is Augndeild LSH, Eiríksstötu 37, 3.h., 101 Reykjavík, sem einnig veitir nánari upplýsingar. Umsóknin skal í stuttu máli gera grein fyrir þeirri skólagöngu, menntun eða verkefni sem sótt er um, ásamt upplýsingum um umsækjanda, náms- og starfsferil og sjónskerðingu, ef við á.

Umsóknarfrestur er til og með föstudagsins 31. maí 2019.



Óskum eftir rekstraraðila veitingastaðar

Hótel Ísland, Ármúla, óskar eftir rekstraraðila fyrir veitingastað og bar.

Reksturinn býður upp á mikil tækifæri fyrir kraftmikinn aðila. Veitingaþjónusta er mikilvægur hluti upplifunar erlendra gesta hótelsins og þeirra sem starfa í nágrenninu. Innanhúss er fjölbreytt starfsemi fyrirtækja sem býður upp á ýmis samlegðar-áhrif. Í húsinu er aðstaða fyrir fundi, ráðstefnu- og viðburði auk almennrar veisluþjónustu.

Frekari upplýsingar veitir Guðlaugur hóteltjóri í síma 6988998 eða í gegnum tölvupóst gulli@hotelisland.is

ÚTBOÐ

Ný útboð í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:

- **Rammasamningur um tölvu- og netbúnað**, EES útboð nr. 14534.
- **Nauthólsvegur - Breytingar**, útboð nr. 14538

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod



Reykjavíkurborg
Innkaupadeild

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, Bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

RÁÐUM EHF • Sími 519 6770
www.radum.is • radum@radum.is



HAFNARFJÖRÐUR

ÚTBOÐ

Hafnarfjarðarhöfn, Háibakki
- Þekja og lagnir

Hafnarfjarðarhöfn óskar eftir tilboðum í að leggja lagnir, steypa þjónustuhús, steypa þekju og malbika við um 100m langan viðlegukant við Háabakka í Hafnarfirði.

Útboðsgögn eru til afhendingar gjaldlaust á útboðsvef Strendings ehf. www.strendingur.is

Tilboð verða opnuð á skrifstofu Hafnarfjarðarhafnar Óseyrarbraut 4, fimmtudaginn 23. maí 2019 kl. 11:00.

Hafnarstjórn Hafnarfjarðar.

KRÖFLULÍNA 3 Flutningur og uppsetning vinnubúða

Landsnet óskar eftir tilboðum í flutning og uppsetningu vinnubúða frá Þeistareykjum að Möðrudal. Verkið felst í flutningi og uppsetningu 35 húseininga ásamt lagnavinnu.

Helstu magntölur eru:

- Aðflutt fylling.....1000 m³
- Hreinlætislagningar.....850 m
Eignirnar eru 89,3 - 97,2 fm og hverri íbúð fylgir geymsla. Íbúðirnar hafa verið endurnýjaðar að öllu leyti. Nánari upplýsingar veitir Garðar B. Sigurjónsson í síma 898-0255, gardarbs@trausti.is
Verð frá: 26,5 millj.

Vesturtún 40 – 225 Garðabær




OPÍÐ HÚS
Miðvikudag

OPÍÐ HÚS MIÐVIKUDAGINN 8. MAÍ KL. 17:00 - 17:30

Rúmgott og bjart 120 fm parhús á einni hæð með innbyggðum bílskúr. Pallur með heitum potti. Geymslu loft er yfir eigninni sem ekki er í fermetratölu eignarinnar. Einstaklega vel staðsett eign. Laus við kaupsamning. Nánari uppl. veitir Kristján Baldursson í síma 867-3040, kristjan@trausti.is
Verð: 59,9 millj.

Sigluvogur 10 – 104 Reykjavík.



OPÍÐ HÚS
Miðvikudag

OPÍÐ HÚS MIÐVIKUDAGINN 8. MAÍ KL. 18:00 - 18:30

Björt og rúmgóð 4ra herbergja 96,8 fm íbúð auk geymslu í kjallara. Flísalagðar suðvestur svalir. Sérinnangangur er að íbúðinni og henni fylgir sér bílastæði/afnotaflötur. Nánari upplýsingar veitir Kristján Baldursson í síma 867-3040, kristjan@trausti.is
Verð: 47,5 millj.

Hæðargarður 29 – 108 Reykjavík



OPÍÐ HÚS
Mánudag

OPÍÐ HÚS MÁNUDAGINN 6. MAÍ KL. 17:30 - 18:00

Vel skipulögð 2ja – 3ja herbergja 85,8 fm íbúð ásamt 32,5 fm bílskúr á 1. hæð í fjölbýli fyrir 63 ára og eldri. Eignin hefur aðgang að félagssmiðstöðinni Hæðargarði 31 þar sem ýmis þjónusta er í boði. Nánari upplýsingar veitir Garðar Hólm í síma 899-8811, gh@trausti.is
Verð: 54,9 millj.

Flyðrugrandi 8 – 107 Reykjavík



OPÍÐ HÚS
Mánudag

OPÍÐ HÚS MÁNUDAGINN 6. MAÍ KL. 18:30 - 19:00

Falleg og vel skipulögð 2ja herbergja 65,1 fm. íbúð á 1. hæð í fallegu fjölbýlishúsi með sérgarði. Útengt er á hellulagða verönd frá stofu/ borðstofu. Góð og björt íbúð í snyrtilegu húsi. Nánari upplýsingar veitir Garðar Hólm í síma 899-8811, gh@trausti.is
Verð: 31,9 millj.



Erna Bergmann og Saga Sig hafa í þrjú ár lagt mikla vinnu í að gefa út veglegt tímarit, Blæti. MYND/BERGLIND PETRA

Heima er þar sem bækurnar eru

Saga Sig og Erna Bergmann hafa lagt nótt við dag undanfarna mánuði við útgáfu Blætis, veglegs bókverks þar sem fjallað er vítt og breitt um hönnun, tísku og menningu af öllu tagi. Þær segja prentverkið langt frá því dautt.

Erna Bergmann og Saga Sig gefa út í þriðja sinn veglega bókverkið Blæti um listir, hönnun og tísku. Bókin er 400 blaðsíður, í henni er að finna fjölda myndapátta, hugleiðingar, ljóð eftir Bubba Morthens og smásögur, umfjöllun um arkitektúr, jóga, viðtal við frú Vigdís Finnbogadóttur og farið yfir 20 ára sögu íslenska fatamerkisins Aftur. Þema Blætis í ár er framtíðin.

Rit- og liststjórnendur tímaritsins, Erna og Saga, hitta blaðamann á Primavera í Marshall-húsinu þegar undirbúningur undir útgáfuhófið stendur sem hæst. Leifur Kolbeinsson matreiðslumaður og eigandi Primavera er á vappi að kanna umgjörðina og fjölskyldumeðlimir Ernu og Sögu hjálpa til við undirbúninginn.

Mikið hefur verið lagt í útlit og hönnun bókarinnar af tvíeykinu hjá Studio Studio, þeim Arnari Frey



ÞAÐ ERU ALLIR SVO MIKIÐ Á HNEFANUM OG ÉG VONA INNILEGA AÐ ÞAÐ BREYTI.

Saga Sig

Guðmundssyni og Birnu Geirfinnsdóttur ásamt Chris Petter Spilde.

Hvers vegna þetta þema, framtíðin?

Saga: Við erum alltaf með þema sem er gegnumgangandi en það er mjög opið. Okkur fannst þetta mjög víðeigandi, hvað kemur næst? Vig-



„Bækur verða alltaf til, því það eru þessi tilfinningalegu tengsl sem má ekki vanmeta,“ segir Saga.

dís Finnbogadóttir segir um þetta að við ættum að rækta þann heim sem framtíðin getur sætt sig við.

Erna: Við erum öll að huga að umhverfinu og taka upp breyttar neysluvenjur. Þetta skiptir ótrúlega miklu máli. Við leyfðum lista-fólkinu að túlka þemað á sinn hátt.

Hversu mikil vinna hefur farið í að vinna verkið? Þið eruð bara tvær sem standið að þessu?

Erna: Þetta er rosaleg vinna, við tölum alltaf um Blæti sem skrímslabarnið okkar og höfum gert frá upphafi. Fyrsta eintakið kom út árið 2016 og þetta er alltaf jafn mikil og krefjandi vinna. Sem er þó alltaf þess virði þegar að við fáum bókina í hendur.

Saga: Þetta er mjög mikil vinna, í sambærilegum verkum erlendis eru kannski 20-30 manns að vinna að svona verkefni og þá jafnvel í lengri tíma. Við byrjuðum afalvöru að vinna að útgáfunni í september á síðasta ári. Við sjáum um alla þætti útgáfunnar, samskipti við listamenn og hönnuði, allt sem við kemur auglýsingum, framleiðslu, prentun og listrænni stjórnun.

Erna: Þetta hefur verið ótrúlega krefjandi tími.

Erna, þú ert að fara að eiga barn, og ekki langt þangað til. Hvernig kemst þú í gegnum þetta?

Erna: Ég skrifa hugleiðingu um kundalini jóga í Blæti. Ég er jógakennari og er búin að læra bæði kundalini og jóga nidra. Þetta er mitt hugdarefni í lífinu og jógað gagnast mér mikið í öllum aðstæðum í lífinu. Kundalini jóga er svo gott og umbreytandi verkfæri, þegar ég byrjaði að stunda þetta varð ég eiginlega fyrir uppljómun. Mér líður betur, er í betra jafnvægi og gengur betur að takast á við álag. Það á við um þetta verkefni og fleiri verkefni sem ég sinni, því ég á auðvitað von á barni. Á þrjú börn fyrir og hef sinnt öðrum verkefnum, til dæmis því að vera með sjálfbæra sundfatamerkið Swimslow sem notar endurunninn efni.

Saga: Erna er mögnuð, það má segja að það fylgi alltaf ákveðinn fæðingarsársauki útgáfunni á hverju ári. Og í raun og veru á þetta við um öll góð verk sem maður sinnir. Á þessu tímabili hef ég sjaldan haft jafn mikið að gera, ég gerði til að mynda verkefni fyrir Apple, herferðir fyrir Ícelandair og Smáralind og var einnig í löngu verkefni með Saga Film, 20/20.

Hvers vegna ákváduð þið að gefa út þessi veglegu verk, hvaða þörf eruð þið að uppfylla?

Saga: Þetta er svo gaman, við höfum báðar unnið lengi í auglýsingabransanum og þar er ekki þetta frelsi sem við njótum þegar við erum að vinna að Blæti. Það er svo gaman að gera það sem okkur langar að gera og hafa alla stjórn, geta ákveðið hvaða pappír er not-

aður og gefa engan afslátt af gæðum. Brykkja og sauma prentverkið.

Erna: Verkið endurspeglar bæði samtímann og það sem okkur langar að sjá og fjalla um. Undirliggjandi er að við ættum að fagna því hver við erum og gera það sem okkur langar. Hika ekki við það.

Saga: Við megum vera alls konar, það er í lagi. Fyrir 10 árum þurftir þú að velja starfsframann. Nú þarftu þess ekki, þarft ekki að tikka í eitt box.

Hvernig teymi eruð þið?

Erna: Ég er ótrúlega þakklát fyrir okkar samstarf og það að hafa einhvern mér við hlið sem er til í allt vesenið og flóknu smáatriðin. Einhvern sem skilur það og vinnur af ástríðu, metnaði og hugjón. Saga er hugsuður og einstaklega góður og mikill þælari. Það er dýrmætt og þykir mér einstaklega vænt um okkar vináttu og samstarf.

Saga: Við bætum hvor aðra upp. Allt sem Erna gerir, gerir hún vel. Sama hvað það er. Það er ákveðinn klassi yfir því. Hún er mjög listræn og góður leiðtogi, hún gæti leitt hvaða fyrirtæki sem er. Hún er drifandi og ég held að það hafi sitt að segja hvað hún er með stórt heimili. Hún sóar ekki tíma sínum.

Þemað hefur mikla þýðingu fyrir ykkur og það má greina ákveðna umhyggju fyrir umhverfinu í bókum ykkar.

Saga: Ég bjó á þingvöllum sem barn og unglingur og upplíði sterk tengsl við náttúruna. Ég heyrði jörðina anda, heyrði í frostinu og jörðinni dragast undur og saman eftir árstíðum. Ég ætla að vona að við getum tekið höndum saman um allan heim, annars sést í endalokin. Það skiptir mig miklu máli að vera bjartsýn og að við höfum trú á því að við getum leyst þau vandamál sem eru til staðar. Neikvæðni á ekki við á svona tímum en því miður er hún áberandi í samfélaginu. Það eru allir svo mikið á hnefanum og ég vona innilega að það breytist.

Nú er vinsælt að boða dauða bókarinnar og prentverksins, hvað segir þið um það?

Erna: Ég held að það sé ótímabært að spá því. Fólk kaupir minna en vandaðri verk og safnar svona bókum og heldur upp á þær. Vandað prentverk býður upp á reynslu sem kemst ekki nálægt því að skoða eitthvað á Instagram eða skrolla í símanum. Blæti snýst líka um upplifunina, lyktina, snertinguna og ákveðin hughrif og er ákveðið stofustátt í sjálfu sér.

Saga: Auðvitað hefur prentverkið minnkað en krafan um gæði er meiri. Bækur verða alltaf til, því það eru þessi tilfinningalegu tengsl sem má ekki vanmeta. Mér finnst ég til dæmis vera heima þar sem bækurnar mínar eru. – kbj

Framhald á síðu 52 í Lífinu ►



Telking: Guðmar Karlsson

Vont er þeirra ranglæti en verra er þeirra réttlæti!

Öryrkjar eru þverskurður af íslensku samfélagi. Örorka er tilkomin vegna veikinda, slysa eða meðfæddrar fötlunar. Flestir öryrkjar hafa verið eða eru á vinnumarkaði.

Þrátt fyrir það er fólki refsað fyrir það eitt að vera öryrkjar

#Framfærsla er langt undir lágmarkslaunum
og langt undir atvinnuleysisbótum

#Engin hækkun var á örorkulífeyri í Lífskjarasamningnum

#Skattbyrði á örorkulífeyri hefur aukist gríðarlega
og er mun meiri en hjá tekjuhærri hópum

#Skerðingar á örorkulífeyri eru allt að 100%

Öryrkjabandalag Íslands **skorar á ríkisstjórn Íslands** að hætta refsistefnu sinni gagnvart öryrkjum og tryggja að fólk geti lifað mannsæmandi lífi þrátt fyrir veikindi eða fötlun



TÍMAMÓT



Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Angela Baldvins

áður til heimilis að Hvassaleiti 12, lést þann 25. apríl. Útför hennar fer fram frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 7. maí klukkan 13.00.

Stefán Valur Pálsson

Erna Stefánsdóttir

Inga Stefánsdóttir

Hulda Stefánsdóttir

Angela, Svanhvit, Stefán, Jökull, Salka, Elena og Iðunn.

Sverrir Ólafsson



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, systir, amma og langamma,

Matthildur Kristensdóttir

lést laugardaginn 27. apríl. Útför fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 8. maí kl. 13.00.

Viðar Sæberg

Hjalmar Sæbergsson

Arnar Sæbergsson

Sólveig R. Sæbergisdóttir

Kristín R. Sæbergisdóttir

Súsanna R. Sæbergisdóttir

Hilmar Kristensson

Erlingur Kristensson

barnabörn og barnabarnabörn.

Heiða Rúnarsdóttir

Yrsa Eleonora Gylfadóttir

Hrólfur A. Sumarliðason

Arnold Björnsson

Sævar Jósep Gunnarsson



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Sigríður Hannesdóttir

Seljabraut 28,

lést þann 23. apríl á Eir hjúkrunarheimili. Útförin fer fram frá Garðakirkju þriðjudaginn 7. maí kl. 13.00.

Börn, tengdabörn, barnabörn og langömmubörn.

Ferðast með söl og hvönn

Gísli Matthías Auðunsson matreiðslumaður er einn sjö Íslendinga sem tilnefndir eru til norrænu Emblu-matarverðlaunanna. Hann keppir í flokknum Miðlun um mat.

Þú er að velja þá sjö keppendur sem taka þátt fyrir Íslands hönd í jafnmörgum keppnisflokkum í Emblu – norrænum matarverðlaunum sem verða veitt í Reykjavík 1. júlí. Gísli Matthías Auðunsson á Slippnum í Eyjum er einn þeirra. Í rökstuðningi kemur fram að hann sé óþreypandi við að kynna fagnadarerindið um íslenskan mat og matarhefðir, bæði hér heima og á erlendri grundu.

„Já, ég hef á undanförunum árum poppað upp í ýmsum löndum, upp á mitt eindæmi, og þá verið í samkrulli við þá sem eru svipað þenkjandi og ég og reka veitingastaði með staðbundna matreiðslu,“ staðfestir hann. Kveðst meðal annars hafa farið til Hong Kong, Sviss, Indlands, tvisvar til Bandaríkjanna og Ítalíu og verið í Póllandi í síðustu viku. „Þá tek ég hraefni með mér sem létt er að ferðast með, til dæmis söl og krydd, eins og hvönn, blóðberg, skessu-jurt, hvannarfræ og fleira slíkt.“

Hann kveðst nota sumurin til að safna í sarpinn. „Við í Slippnum reynum við að vera eins sjálfbær og staðbundin og við getum. Tínum kerfil, túnfífil, vallhumal, hvönn, njóla, skarvakál og söl og geymum til vetrarins, með því að setja þær í síróp, fyrsta eða þurrka þannig að við getum notað bragðið allt árið.“ Hann kveðst hafa þreifað sig



Gísli með nípur í körfu. MYND/GUNNAR FREYR/ICELANDIC EXPLORER

áfram og sótt í gamlar heimildir. „Við erum svo heppin hér á Íslandi að hér er rosalega fátt eitrad, miðað við víða í heiminum. Svo lærir maður hvað er sérstakt við íslenska matarhefð með því að kynna hana öðrum menningarheimum. Fólki erlendis finnst til dæmis taðreyking ótrúlegt fyrirbæri og bragð

af taðreyktu er sérstakt.“ Auk Slippsins rekur Gísli Skál í Hlemmi Mathöll, ásamt tveimur vinum sínum. „Við erum mörg sem stöndum að þessum veitingastöðum og margir kokkar og lærlingar vilja koma sérstaklega til okkar af því að við erum að gera sérstaka hluti.“

gun@frettabladid.is



Elsku móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Kristín Einarsdóttir

áður til heimilis að Flókagötu 1, Reykjavík, lést miðvikudaginn 1. maí á hjúkrunarheimilinu Hrafnistu í Reykjavík. Jarðarför verður auglýst síðar.

Fríða Bjarnadóttir

Anton Bjarnason

Bjarni Bjarnason

barnabörn og barnabarnabörn.

Tómas Zoëga

Fanney Hauksdóttir

Kristín Jónsdóttir



Við erum til staðar þegar þú þarft á okkur að halda

Sigrún Óskarsdóttir, guðfræðingur

Útfararþjónusta

& lögræðiþjónusta

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin.

Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

Með kærleik og virðingu

Útfararstofa Kirkjugarðanna

Vesturhlíð 9, Fossvogi | Sími 551 1266 | útför.is



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Ólöf Vilhelmina Ásgeirsdóttir

frá Húsavík er látin.

Útförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 10. maí kl. 13.00.

Ásgeir Rúnar Helgason

Valdimar Helgason

Sigríður Björk Þormar

Hugi og Muni Ásgeirssynir

Helgi Már, Sigríður Ólöf og Jóhann Daði Valdímarsbörn

Sigurður Hrannar og Tómas Atli Björnssynir og barnabarnabörn.

Helga Lára Haraldsdóttir

Helena Margét Jóhannsdóttir



Okkar elskulega eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Krístrún Kristinsdóttir

Álftahólum 4, Reykjavík,

lést á Landspítalanum í Reykjavík þann 14. apríl. Útför hefur farið fram.

Þráinn Ölvesson

Sigríður Þráinsdóttir

Helena Ósk Bessadóttir, Alexander Freyr Bjarnason, Rökkvi Þór Sveinsson.

Bessi Brown Jónsson



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug vegna andláts og útfarar elsku sonar okkar,

Sigurðar Guðmundssonar

Lyngmóa 17, Reykjanesbæ.

Sérstakar þakkir fyrir einstaka umönnun til núverandi og fyrrverandi starfsmanna heimilisins að Lyngmóa 17, Gylfa Pálssonar sjúkráþjálfara og heimahjúkrunar HSS.

Guðmundur Sigurðsson

Gunnfríður Friðriksdóttir

Kolbrún Geirsdóttir

Antonio Manuel Goncalves



Ástkær sonur minn, bróðir okkar og frændi,

Ottó Einarsson

bifreiðastjóri, Hraunbæ 170,

lést á heimili sínu 25. apríl. Útför hans fer fram frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 8. maí klukkan 13.00.

Sigurlaug Ottósdóttir

Valg. Laufey Einarisdóttir

Einar Þór Einarsson

Jóhann Hans Þorvaldsson

Jórunn Jónsdóttir

og frændsystkini.

Mærgætni, hlýja og virðing Við andlát ástvinar



Ísleifur Jónsson Steinunn Magnúsdóttir

Útfararstjóri Útfararþjónusta

Farsími 821 5353 Farsími 861 3441

Álfheimum 35, 104 Reykjavík

Sími 553 5353 og 821 5353

www.usr.is

isleifur@usr.is

Þjónusta allan sólarhringinn



Fjöldaframleiða vélmennakassa

Fyrirtækið Ró-Box frá Tækniskólanum var valið fyrirtæki ársins 2019 í samkeppni ungra frumkvöðla, Junior Achievement á Íslandi. Það mun keppa fyrir hönd Íslands, í Evrópukeppni ungra frumkvöðla í Lille í Frakklandi dagana 3.-5 júlí, á 100 ára afmæli JA á heimsvísu. „Ró-Box er kassi sem er framleiddur í framtíðarstofu Tækniskólans. Við hönnuðum hann sjálf og í honum er allt sem þarf til að búa til vélmanni. Við stofnuðum fyrirtæki utan um hann í febrúar 2019 og vorum þá lengi búin að vinna með hugmyndina,“ segir Gunnhildur Friða Hallgrímsdóttir, markaðsstjóri Ró-Box. „Markmiðið er að kenna krökkum á vélmanni og forritun. Margir halda að það sé flókið en við erum búin að einfalda ferlið mikið og okkur finnst mikilvægt að breiða út þessa þekkingu.“ – gun



Frumkvöðlarnir ungu í fyrirtækinu Ró-Box, þau Loki Pálmason, Kristín Dóra Sigurðardóttir, Hannes Árni Hannesson og Gunnhildur Friða Hallgrímsdóttir.



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma, **Lilja Bergey Guðjónsdóttir** sjúkraliði, Arnarhrauni 31, Hafnarfirði,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi mánudaginn 29. apríl. Útförin fer fram frá Víðistaðakirkju mánudaginn 13. maí kl. 15. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hennar er bent á Minningar- og styrktarsjóð Guðjóns Magnússonar og Guðrúnar Einarsdóttur, reikningsnr. 0544-14-800108, kt. 510303-3420.

Guðjón Árnason
Magnús Árnason
Jónas Árnason

Árni Guðjónsson
Hafðis Stefánsdóttir
Ragnheiður E. Ásmundsdóttir
Berglind Adda Halldórsdóttir
barnabörn og langömmubarn.



Ástkær eigenmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi, **Hreinn Bjarnason** kaupmaður, Laugarnesvegi 87, Reykjavík,

lést á Landakoti miðvikudaginn 1. maí. Útför hans fer fram frá Áskirkju miðvikudaginn 15. maí klukkan 13.00. Blóm vinsamlega afþakkuð.

F.h. aðstandenda,
Anna B. Agnarsdóttir
Lilja og Björk Hreinsdætur



Elskulegur frændi minn, **Þórir Björnsson**

Lindargötu 66, áður á Framnesvegi 14, Reykjavík, lést á Landspítalanum 27. apríl. Jarðarförin fer fram frá Dómkirkjunni þriðjudaginn 7. maí kl. 11. Þeim sem vilja minnst hans er bent á Blíndrafélagið.

Fyrir hönd vina og fjölskyldu,
Kristín Axelsdóttir



Ástkær eigenmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og bróðir, **Finnbugi Helgi Theodorsson** vélstjóri, Akureyri,

lést á hjúkrunarheimilinu Hlíð þann 29. apríl. Útför hans fer fram frá Glerárkirkju mánudaginn 6. maí kl. 13.30. Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hans er bent á Minningarsjóð Alzheimer samtakanna.

Lilja Guðmundsdóttir
Hörður Elís Finnbogason
Guðmunda Finnbogadóttir
Arnar Helgi Harðarson
Óðinn Helgi Harðarson
og systkini hins látna.

Freydís Heba Konráðsdóttir



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma, **Sigrún Pétursdóttir** fyrrum ráðskona á Bessastöðum,

andaðist á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund, 23. apríl sl. Útför hennar verður gerð frá Neskirkju mánudaginn 6. maí kl. 15. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnst hennar er bent á að láta Blíndrafélagið njóta þess.

Pétur S. Valbergsson
Sigrún Valbergsdóttir
Sigurjón Magnússon
ömmu-, langömmu- og langalangömmubörn.

Bjargey Eyjólfsdóttir
Gisli Már Gíslason
Helga Lilja Tryggvadóttir



Ástkær sambýliskona mín, móðir, tengdamóðir, amma og dóttir, **Súsanna Jónsdóttir** lést á gjörgæslu Landspítalans við Hringbraut laugardaginn 20. apríl.

Útför hennar fer fram frá Garðakirkju föstudaginn 10. maí klukkan 13.00.

Haraldur Einarsson
Þorvarður Helgi Haraldsson
Ásta Særós Haraldsdóttir
Halldór Haukur Haraldsson
Hákon Hjörtur Haraldsson
Kristófer Freyr, Gabriella Guðlaug
María Helena Ólafsdóttir
Agnieszka Olejarz
Ásrún Dis Jóhannsdóttir
Jón Þórðarson



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi, **Hörður Einarsson** stýrimaður og skipstjóri,

lést laugardaginn 27. apríl. Útför Harðar verður gerð frá Áskirkju fimmtudaginn 9. maí kl. 15.00.

Steinunn F. Harðardóttir
Einar G. Harðarson
Guðrún Alda Harðardóttir
Ólöf Anna Ólafsdóttir
Sigurður Þór Salvarsson
barnabörn og barnabarnabörn.



Faðir okkar og afi, **Atli Heimir Sveinsson** tónskáld,

lést laugardaginn 20. apríl á hjúkrunarheimilinu Grund. Útför hans fer fram frá Hallgrímskirkju mánudaginn 6. maí klukkan 13.00.

Teitur Atlason
Auðunn Atlason
Illugi Auðunsson

Bryndís Bjarnadóttir
Sigríður Ragna Jónsdóttir
Kristjana Zoëga
Auður Teitsdóttir
Þorkell Auðunsson
Bessi Teitsson
Ólafía Kristín Auðunsdóttir
Leó Teitsson
Ásta Sóllilja Auðunsdóttir



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð við andlát og jarðarför eiginmanns míns, föður okkar, tengdafaður, afa og langafa,

Hilmar Hafsteins Júlíusson

kælivélvirkja,
Strandvegi 12 í Garðabæ,

sem lést á Landspítalanum 17. apríl síðastliðinn.

Erla Sigrún Lúðvíksdóttir
Hildur Kristín Hilmarsdóttir
Hafðis Björk Hilmarsdóttir
Brynjar Ágúst Hilmarsson
Orri Hafsteinn Hilmarsson
Sigurjón A. Guðmundsson
Friðvin Guðmundsson
Sólveig Dögg Larsen
Guðný Júlía Kristinsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, dóttir, systir og frænka, **Íris Björk Hlöðversdóttir**

lést 29. apríl 2019.

Útför hennar fer fram frá Víðistaðakirkju í Hafnarfirði 9. maí kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hennar er bent á Pieta samtökin.

Finnbogi Ernir Ægisson
Emilía Karen Ægisdóttir
Hlöðver Kjartansson
Hulda Kristín Hlöðversdóttir
Kjartan Arnald Hlöðversson
Pálmar Þór Hlöðversson
Herdís Jónsdóttir
Brynja Dröfn Ingadóttir
Sveinbjörg Júlía Kjartansdóttir
David Anthony Noble



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elsku móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Ingunnar Hlinar Björgvinsdóttir

Sérstakar þakkir fær starfsfólk líknardeildar Landspítalans í Kópavogi fyrir góða umönnun og kærleik.

Björgvin S. Friðriksson
Friðrik M. Friðriksson
Guðný Hlín Friðriksdóttir
Friðgerður M. Friðriksdóttir
Adda Björk Jónsdóttir
Gunnrún Gunnarsdóttir
Karl Ómar Guðbjörnsson
Ófeigur Guðmundsson
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi, **Baldur Ágústsson** Stríkinu 12, Garðabæ,

lést 1. maí. Útförin verður auglýst síðar.

Halla Elin Baldursdóttir
Helga Guðbjörg Baldursdóttir
Ágúst Baldursson
Sigurlín Baldursdóttir
Gísli Baldur Garðarsson
Guðjón Ómar Davíðsson
barnabörn og langafabörn.



Elskulegur eigenmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi, **Hermann Foss Ingólfsson** byggingarfræðingur,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Sólvangi 24. apríl. Útförin fór fram í kyrriþey að ósk hins látna. Starfsfólki á hjúkrunarheimilinu Sólvangi er þakkuð góð umönnun.

Hanne Foss
Martin Foss Hermannsson
Anne Blidorf
og barnabörn.




Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma, **Sigrún Óskarsdóttir**

lést á Hrafnistu í Reykjavík 16. apríl. Jarðarförin fer fram frá Áskirkju, föstudaginn 10. maí klukkan 13.


Ágúst Óskar Sigurðsson
Anna Þórdís Sigurðardóttir
Edda Björk Sigurðardóttir
Anna María Úlfarsdóttir
Rainer Lischetzki
Jón Ármann Guðjónsson
og barnabörn.

KROSSGÁTA & ÞRAUTIR




Lausnarorð síðustu viku var

SKRÚÐGARÐYRKJA



LAUSNARORÐ: Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist skemmtilegur sumargestur. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 10. maí á krossgata@frettabladid.is merkt „4. maí“.



FORLAGIÐ

VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Heltekinn** eftir **Flynn Berry** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Matthías Loftsson, Kópavogi**.

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

LÁRÉTT

- 1 Æ er fló í fagurmynstruðum köttum (9)
- 8 Fönixræktun fer fram í þessum (4)
- 10 Ætli ég kysi ekki ás fyrir Ítalíu (9)
- 11 Sæki mér væntingar til veida (9)
- 13 Tek broddstaf af kafbátakafteini (4)
- 14 Iðjuleysi innan veggja ófrjálsra manna (9)
- 15 Bið svanna að leita á aumra kvenna (9)
- 16 Reif í sundur refjamenn (4)
- 17 Fáum Jónas til að stjórna þessum hrotum (9)
- 18 Þau mæla sídd í grömmum

- og fjarlægð líka (9)
- 19 Fæ mér gúrku austan úr álfu (4)
- 22 Gera áa óléttva vegna afkomenda (8)
- 25 Múta karli til að vega verkataka í sveit (9)
- 30 Upplifi aldrei þrengsli þegar ég versla hér (5)
- 31 Pestarfólk og arnarungar eru eitt (7)
- 34 Sný niður niðurstreymi (8)
- 35 Sakna ákveðinna plantna og kvendýra (7)
- 36 Nei læknir, ég keyri þig í hús ef skrímslið vill (7)
- 37 Tel frumsprengingu hafa verið háværa (6)
- 38 Þessi er rosa fljót inn (7)

- 40 Kuldalegir frumbyggjar fila kaldar nætur (11)
- 41 Klipptu ofan af listaverki (6)
- 42 Held ég aki gil svo ég ruglist ekki á höfuðborg (6)
- 45 Mála glugga inn í rafræna veröld (8)
- 46 Þessi hestur heitir Strengur (6)
- 47 Nauðin setur sjóðinn úr skordum (6)
- 48 Að lokum verð ég blankur og á ekki fyrir burðarstólpa (9)
- 49 Klakarán við Nordurskaut (5)
- 50 Þar sem skruddan og skáldið verða eitt (6)
- 51 Skundar óhikað til skips (5)
- 52 Kem reglu á hljóð barna (5)

- LÓDRÉTT**
- 1 Bregst kletti við Borðeyjarbyggð (9)
- 2 Ógáð uppfylltu allar þarfir (9)
- 3 Tvíhljóð á reiki reka út tungu staðfastra (9)
- 4 Eldgama Ísafold elskar feitmeti og fólkíð sitt (10)
- 5 Læt maikið síga á rólega menn (10)
- 6 Læt bás reiknast sem jafnvirði tveggja kúa (8)
- 7 Gosbækurnar sem settu allt í bál og brand (8)
- 8 Einar skrifar meistaritgerð um mann sem missti útlím (7)
- 9 Fer í húsmæðraorlof og velur

- úr gæjum á ballinu (7)
- 12 Slóra norður af landnorðri milli dagmálanna (7)
- 20 Snjófetar eru með svo stórt trýni að það er bara rugl! (9)
- 21 Í þessari furðulegu frásögn er greint frá kraftaverkaskönnu (9)
- 23 Gerum ekki athugasemd við leiðslu í pípunum (7)
- 24 Erfiðismaður er smartari en sá sem er í ruglinu (8)
- 26 Segja þá fokvonda út í fávísa erfingja (12)
- 27 Tel það huggun fyrir dvergvauxna að finna sjaldan til (9)
- 28 Á við ölvuð hjú og skaðleg (9)

- 29 Nauð lítranna og lauganna finu (12)
- 32 Fann verk fornhetjunnar – það var mikið bjarg (10)
- 33 Fellum fúl á fákum sínum (11)
- 39 Minnka ber sársauka merkja (8)
- 43 Sálir eru svartar og súr eru hjú (6)
- 44 Fiskurinn hefur sína þrá (6)

LÉTT

6	2		4	5		1
1		4	6		2	9
	7	8	9			
	8		1		9	6
9						7
	4	1		9		5
		3				
7				4	6	
	5		2	1	7	3

MIDLUNGS

	2			8	3	6
			3		9	7
1			9	2		
7			6		8	
	8	4				7
6	1			8		3
					6	4
5	3					8
4			3			

ÞUNG

		4	8			3	7
						4	2
	9					5	
				1	9	7	3
	7		4			6	
3	4	1		6	2		
	2			5			
	1	9		7		6	8
7		3					

2	9	8	3	5	6	4	1	7
3	1	6	4	9	7	2	5	8
5	4	7	8	1	2	3	9	6
6	2	9	5	3	8	7	4	1
4	7	3	9	6	1	5	8	2
1	8	5	2	7	4	9	6	3
9	3	1	6	2	5	8	7	4
7	5	4	1	8	3	6	2	9
8	6	2	7	4	9	1	3	5
3	1	5	9	2	6	8	4	7
2	9	4	3	8	7	5	6	1
6	7	8	4	1	5	9	2	3
4	5	6	7	3	9	1	8	2
7	8	9	1	4	2	3	5	6
1	2	3	5	6	8	7	9	4
8	3	1	6	9	4	2	7	5
9	6	7	2	5	3	4	1	8
5	4	2	8	7	1	6	3	9
3	9	5	8	1	6	7	2	4
4	7	6	9	2	3	8	5	1
8	1	2	4	5	7	3	6	9
1	5	8	2	3	9	4	7	6
9	4	3	6	7	5	1	8	2
2	6	7	1	4	8	5	9	3
7	8	4	3	9	2	6	1	5
5	2	1	7	6	4	9	3	8
6	3	9	5	8	1	2	4	7

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Bridge Ísak Örn Sigurðsson

SKEMMTILEG VÖRN

Sveit J.E. Skjanna vann glæsilegan sigur í úrslitasveitakeppni um Íslandsmeistarátitilinn sem fram fór um síðustu helgi. Meðlimir í sveit J.E. Skjanna eru Guðmundur Páll Arnarson, Júlíus Sigurjónsson, Karl Sigurhjártarson, Steinar Jónsson, Sævar Þorbjörnsson og Þorlákur Jónsson, sem eru Íslandsmeistarar ársins 2019. Jón Baldursson og Sigurbjörn Haraldsson, meðlimir í sveit Hótel Hamars, sem endaði í öðru sæti, voru efstir í butlerkeppni úrslita efstu fjögurra sveita (með 1,06 impa

í plús). Sævar og Karl enduðu í efsta sæti í butler í keppni 12 efstu sveita með 1,24 impa í plús að meðaltali í spili og Guðmundur Páll og Þorlákur í öðru sæti með 1,15 impa. Sveit J.E. Skjanna endaði með 188,52 stig, Hótel Hamar kom skammt á eftir með 186,15, sveit Wise fékk 154,77 stig og sveit Sverris Þórissonar fékk 143,49 stig. Spil dagsins er frá úrslita-keppni 4. efstu sveita í lotu 2 þar sem Guðmundur Páll og Þorlákur voru í aðalhlutverki í AV-sætunum. Suður var gjafari og enginn á hættu:

<p>Vestur</p> <ul style="list-style-type: none"> ♠ 62 ♥ G32 ♦ ÁK2 ♣ K8752 	<p>Norður</p> <ul style="list-style-type: none"> ♠ KD97 ♥ 985 ♦ D65 ♣ G104 	<p>Austur</p> <ul style="list-style-type: none"> ♠ 853 ♥ 107 ♦ G943 ♣ ÁD63
<p>Suður</p> <ul style="list-style-type: none"> ♠ ÁG104 ♥ AKD64 ♦ 1087 ♣ 9 		

Sagnir enduðu í 4 ♠ á norðurhöndina. Þorlákur, sem sat í austur, valdi tígulfjarkann sem útspil. Guðmundur Páll, sem sat í vestur, sá strax möguleikann og drap á ásinn (sem vanalega neitar tígulkóng) og spilaði strax litlum tígli. Sagnhafi átti lítinn séns, setti lítið spil og gosi Þorláks átti slaginn. Vörnin tók sína 4 slagi og spilið var 1 niður. Lokasamningurinn á öllum hinum borðunum var 4 ♥ (suður) sem unnust slétt.

Skák Gunnar Björnsson

Svartur á leik



Sandler átti leik Woizehovski í Riga árið 1982.
1. ... e2! 2. Bxf2 Be3! 0-1. Jóhann H. Ragnarsson sigraði á atskákmóti hjá TR. Landsmótið í skólaskák hófst í gær í Reykjavík. Í gær hófst einnig Tepe-Sigeman-mótið í Malmö.

www.skak.is: Landsmótið í skólaskák.

GLAMOUR

Komið í allar helstu verslanir

GLAMOUR

Ísland
Sumar 2019

28 stóna
TREND
BIBLIA
Allt um sumartískuna

*Fullnægingarvandi
kvenna*

**HVAR ERU
KONURNAR?**

*Engin kona er forstjóri
fyrirtækis sem skráð er
í Kauphöll Íslands*

STEINUNN

Fatahönnuðurinn sem hætti hjá Gucci *til að fara*
í eigin rekstur REDIR NYJA LIFSSYN sem fjölfatlaður
einkasonurinn veitti. fatahönnun á Íslandi og gagnrýnina
sem hún fékk þegar hún hélt starfsferlinum gangandi
með litio veikt barn.



Íslenskt tískutímarit



HÚSASMÍÐJAN

blómaval

Grill & hjól



OUTBACK
29.990 kr

~~39.990~~ kr

Gasgrill, 3ja brennara
Sunset Solo 3, 3ja brennara, grillflötur: 628x406 mm,
3 ryðfríir brennara, hitamælir, 9,67 kW.
3000393



Broil King
59.990 kr

~~69.990~~ kr

Gasgrill Crown 320 Stál
9,3 kW brennarakerfi úr ryðfríu stáli, grillgrindur úr
pottjárni, þrjú brennara úr ryðfríu stáli.
3000315



Broil King
69.990 kr

Gasgrill Baron 320
Grillflötur: 38x67 cm, þrjú ryðfríir brennara 8.8Kw, grillgrind
úr postulínshúðuðu pottjárni, hliðarborð, hitamælir í loki
og hjól undir grilli.
3000611



Broil King
99.990 kr

~~119.990~~ kr

Gasgrill Baron 490
Fjórir ryðfríir brennara 11.4kW/klst., grillflötur: 28x65 cm²,
hliðarhella, 2.7KW/klst., snúningssett 4.4kW/klst., grillgrind
úr postulínshúðuðu pottjárni.
3000609



Broil King
129.900 kr

~~149.900~~ kr

Gasgrill Baron 590
Fimm ryðfríir brennara, 16.0kW, hliðarhella 2.7kW, með hlíf yfir
brennurum, grillsvæði 49 x 81,28 cm, grillgrind úr ryðfríu stáli,
postulínshúðuð varmigrind/warming rack, rafmagnskveikjari,
hitamæli í lok, sterk hjól undir grilli.
3000601



Broil King
179.000 kr

~~199.000~~ kr

Gasgrill Regal 590
5 ryðfríir brennara: Dual Tube 16 kW/h, 2,7 kW/h hliðarhella, 4,4
kW/h snúningsteinn, hlíf yfir brennurum, rafstýrður kveikjari,
grillgrind úr pottjárni, postulínshúðuð varmigrind, grillflötur:
49x81,28 cm og hitamælir í loki.
3000600



SILVERBACK

ÞÝSK
GÆÐAHJÓL



Fjalla- og götuhjól 26"
59.800 kr

Reiðhjól Stride 26 Comp
26" 6061 Aluminium, 14,11 kg á þyngd,
Promax Hydraulic diska bremsur, Kenda
K922 26x1.95" dekk. Shimano Altus 8
Speed, Black girar.
3902081-4



SILVERBACK

Fjalla- og götuhjól 29"
74.900 kr

Reiðhjól Scento Path
29" Oversize 6061 Aluminium, 13,15 kg á þyngd,
Shimano M315 Hydraulic diska bremsur, Maxxis
Cross-mark II 29x2.25" dekk. Shimano Altus 9
Speed girar.
3902030-3



AUTHOR

ÓTRÚLEGT ÚRVAL
AF HJÓLUM Á FRÁBÆRU
VERÐI

Fjalla- og götuhjól 26"
35.120 kr

~~43.900~~ kr

Reiðhjól Trophy
26" Trophy, 17" grind, silfur/blátt, Shimano
18 girar, Tektro bremsur, þyngd 16,1 kg.
3901410



Krakkahjól 20"
31.920 kr

~~39.900~~ kr

Reiðhjól Smart
20" Smart, 10" grind, Shimano 6 gira, Rey
Tektro bremsur, svart/grænt.
3901373



Krakkahjól 24"
37.520 kr

~~46.900~~ kr

Reiðhjól A-Matrix
24" A-Matrix, 12,5 grind", Shimano 18
gira, Rey Tektro V bremsur, silfur/rautt.
3901305



Broil King

Gasgrill Crown 310
8,8 kW brennarakerfi úr ryðfri stáli,
grillgrindur úr steypujárni,
þrjú brennarar úr ryðfri stáli.
3000317

49.990 kr
~~61.990 kr~~



Gasgrill
Outback gasgrill, 2ja
brennara með hlíðaborði,
grillflötur: 50x36 cm með
tvískiptum brennara.
3000225

18.990 kr
~~23.990 kr~~



SILVERBACK

Fjalla- og götuhjól 29"

84.900 kr

Reiðhjól Spectra Sport

29" Oversize 6061 Aluminium, 14,18 kg
á þyngd, Shimano M315 Hydraulic diska
bremsur, Maxxis Crossmark II 29x2.25"
dekk. Shimano Deore 10 girar.
3902004-7



SILVERBACK

Fjalla- og götuhjól 29"

115.900 kr

Reiðhjól Spectra Comp

29" Oversize 6061 Aluminium, 13,15 kg á þyngd,
Shimano M315 Hydraulic diska bremsur, Maxxis
Crossmark II 29x2.25" dekk. Shimano Deore 10
Speed, Black girar.
3902000-3



Krakkahjól 26"

39.120 kr

~~48.900 kr~~

Reiðhjól A-Matrix

26" A-Matrix, 13,5" grind, Shimano afturskiptir
18 gíra, Tektro V bremsur, grátt/gult.
3901376



Götuhjól 700c

54.290 kr

~~67.900 kr~~

Reiðhjól Gloria 17" Beige/Brúnt

Author Gloria, 700cc, 18" og 20" stéll úr álblöndu, Gírar
Shimano Altus afturskiptir, bremsur: Promax V, 12,9 kg.
3901172



Er mosi í grasinu?

5.490 kr

Mosaeyðir 5 kg
10205047

Mosaeyðing í grasflöt

1. Notum mosaeyðir eða tætum, rökum eða klórum mosann í grasflötinni.
2. Berum grasáburð á grasflötina.
3. Berum kalkáburð á grasflötina.
4. Sáum grasfræi í sárin.
5. Gott að blanda grasfræi saman við úrvals gróðurmold áður en sáð er.
6. Munum að vökva vel. Græn og falleg grasflöt eftir 2-3 vikur.

Garðaráðgjöf í dag Skútuvogi

Vilmundur Hansen, garðyrkjufraeðingur gefur góð fyrir garðinn og hvernig eyða á mosa úr grasflöt í dag kl. 13-17



BLACK+DECKER

25% afsláttur

Mosatætari

600W, 32 m breidd, 3 hæðastillingar, 40 ltr., safnari.
5083620

16.496 kr
~~21.995 kr~~



20% afsláttur
af öllum útipottum



599 kr
Mold 10 ltr.



1.190 kr
Kalkkorn 5 kg
5087658




1.790 kr
Grasfræ 1 kg
10205052/10205053



1.790 kr
Graskorn 5 kg
5087660

KRAKKAR



Hér er Kormákur að benda á húsið sitt númer 9 en það sést bara ekki.
MYND/ELSA NIELSEN



Getur þú hjálpað þeim að komast í gegnum völundarhúsið?

Konráð og félagar á ferð og flugi

351

„Par fór í ver,“ sagði Konráð. „Okkur liggur á en þurfum að komast í gegnum þetta völundarhús fyrst.“ Hann dæsti og bætti við vonsvikinn, „við verðum of sein.“ „Of sein, of sein,“ sagði Kata pirruð. „Hvað gerir til að vera aðeins of sein?“ bætti hún við. En Lísaloppa og Konráð voru ekki sammála. Þau vildu mæta á réttum tíma.

Gátur

- Einu sinni var Kalli á leið til Akureyrar. Þá mætti hann sjö konum. Hver kona bar sjö poka. Í hverjum poka voru sjö kettir og hver köttur var með sjö kettlinga. Hve margir kettlingar, kettir, pokar og konur voru á leið til Akureyrar?
- Hvað er það sem vermir þig á veturna, svarar þér á sumrin og ver þig alltaf gegn vindi og regni?
- Hvað sér maður með lokuð augun?
- Hvaða mömmu á Sæunn, sem þó er ekki mamma hennar?



Svör: 1. Bara Kalli, 2. Húsið, 3. Ekkert, 4. Tengdamömmu.

Listaverkið



Þessa mynd sendi Guðbjörg Gunnarsdóttir okkur. Þarna er hún við húsið sitt – í sólskini.

Kann að telja upp í milljón skrilljón endalaust

Kormákur er sögupersóna í bókum eftir **Jónu Valborgu Árnadóttur** og **Elsu Nielsen**. Hann veit ekki um neinn með sama nafni nema hest sem vinur hans á.

Hann Kormákur svaraði góðfúslega nokkrum spurningum. Sú fyrsta snýst um nafnið, hann heitir nefnilega sama nafni og afi Jóns Odds og Jóns Bjarna, sem eru líka sögupersónur.

MÉR FINNST GAMAN AÐ VERA ÚTI. SVO LEIK ÉG VIÐ HEKTOR OG VINI MÍNA.

Af hverju varst þú skirður Kormákur? Mómmu og pabba finnst Kormákur fallett nafn. Mér líka.

Veist þú um fleiri með sama nafni? Vinur minn á hest sem heitir Kormákur.

Hvað ertu gamall, Kormákur? Ég er þriggja ára.

Er eitthvert sérstakt dýr í upphaldi hjá þér? Já, Hektor. Hann er fiskur.

Hvað kanntu að telja hátt? Milljón skrilljón endalaust.

Þekkir þú tölustafina? Já, næstum alla.

Átt þú þér upphaldsbók – og ef svo er – af hverju er hún upphaldsbókin? Kormákur dýravinur er upphaldsbókin mín. Hún er um mig og Hektor.

Hvaða litur finnst þér flottastur? Appelsínugulur

Hvernig leikur þú þér helst? Mér finnst gaman að vera úti. Svo leik ég við Hektor og vini mína.

Hvað finnst þér skemmtilegast að gera? Að leika mér.

Fer mamma þín stundum í krummaföt – af hverju? Mómmu finnst gaman að vera í krummaföt. Mér líka.

Ertu flinkur að klifra? Já, ég get klifrað hátt upp í geim.

Hefur þú einhvern tíma verið í þann veginn að fara þér að voða? – ef svo er þá hvernig? Nei, en pabbi minn er með ofnæmi fyrir köttum.

Hvað langar þig mest að verða þegar þú verður stór? Ég vil bara vera ég sjálfur. Svona stór.



Horfðu á
heildarmyndina

Heima

Allt í einum pakka á lægra verði



Ótakmarkað
Internet



Netbeinir og WiFi
framlenging



Sjónvarps-
þjónusta




Ótakmarkaður
heimasími



Afþreying frá
Stöð 2

Kynntu þér málið á vodafone.is, í síma **1414**, í næstu verslun
eða hjá umboðsaðilum okkar um land allt.

 **vodafone**

Hluti af sýn 

VEÐUR & MYNDASÖGUR

Laugardagur

Reykjavík 8 3 °C ↗	Ísafjörður 5 10 °C ↗	Akureyri 8 6 °C →
Egilsstaðir 9 4 °C ↘	Kirkjubæjarkl 7 7 °C ↘	Hveravellir 3 5 °C ↘

Vestan 5-10 m/s í dag, skýjað með köflum og yfirleitt þurr. Gengur í norðvestan 10-15 um landið norðaustanvert með dálitilli vætu. Híti 3 til 12 stig yfir daginn, hlýjast á Suðausturlandi.

	Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
Reykjavík 10 4 °C ↓	 8 1 °C ↗	 6 2 °C ↓	 6 3 °C ↙	 7 4 °C ↙	
Ísafjörður 4 2 °C ←	 3 2 °C ↙	 1 4 °C ↙	 -1 4 °C ↙	 0 5 °C ↙	
Akureyri 5 3 °C ↘	 0 0 °C ○	 0 2 °C ↓	 -1 2 °C ↙	 -1 2 °C ↙	
Egilsstaðir 4 6 °C ↙	 1 1 °C ↙	 -1 4 °C ↓	 1 5 °C ↓	 0 5 °C ↓	
Kirkjubæjarklaustur 9 6 °C ↖	 3 2 °C ↙	 3 2 °C ↖	 5 1 °C ↙	 5 2 °C ↙	
Hveravellir 3 6 °C ↙	 3 2 °C ↗	 2 3 °C ↙	 -1 6 °C ↙	 -1 7 °C ↙	

Fedasz Dental Hungary


your specialist in dental tourism

Save 50-70% on Dental Treatment in Hungary

Dentistry - Dental Laboratory - Hotel on-site!

Contact us now!
☎ **0036 70 942 9573**
info@fedaszdental.hu

Pondus



Geljan



Barnalán



Verðlækkun!

Öll rúnstycki á 99 kr.

BJÖRNSBAKARI
Sími: 561 1433

www.bjornsbakari.is

mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30
 laugardaga 8.00 - 16.00
 sunnudaga 9.00 - 16.00

Austursirönd 14 • Hringbraut 35
 Fálkagata 18

HVAD ER AÐ FRÉTTA?

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og itarlega umfjöllun um málefni liðandi stundar.

f Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook

Garndagar

2. - 13. maí



20%

afsláttur af öllu garni
og hannyrðavörum

A4

Ánægjulegt að hafa uppfyllt kröfur

Eiríkur P. Jörundsson hlaut glæpasagnaverðlaunin Svartfuglinn fyrir bókina Hefndarenglar. Lýsir samfélagi í fortíð og nútíð. Vinnur að nýrri glæpasögu.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Eiríkur P. Jörundsson hlaut glæpasagnaverðlaunin Svartfuglinn fyrir sögu sína Hefndarenglar sem Veröld gefur út. Samkeppnin um Svartfuglinn er ætluð höfundum sem hafa ekki áður sent frá sér glæpasögu. Höfundarnir Yrsa Sigurðardóttir og Ragnar Jónasson stofnuðu til verðlaunanna og skipuðu dómnefndina ásamt Bjarna Þorsteinsyni, útgáfustjóra Veraldar.

Eiríkur starfar sem safnstjóri Byggðasafns Reykjanesbæjar. Hann er höfundur bókarinnar Þar sem land og haf haldast í hendur – Súðavíkurhreppur að fornu og nýju sem kom út fyrir rúmum tveimur árum. Hefndarenglar er fyrsta skáldsaga hans. Söguþráðurinn er í stuttu máli á þá leið að blaðamaðurinn Sölvi er sendur til æskustöðva sinna, Súðavíkur, til að leita fréttu af morði sem framið hefur verið í þorpinu. Samhliða því aðstoðar hann ungu blaðakonuna Ísold sem vinnur að frétt um misnotkun á ungum stúlkum í undirheimum Reykjavíkur.

Þegar Eiríkur er spurður hvort



Verðlaun eins og þessi gefa nýjum höfundi mikinn byr undir báða vængi, segir Eiríkur. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

HÍÐ DIMMA ÞEMA BÓKARINNAR ER HINS VEGAR HVERNIG VALD SEM FYLGIR RÍKIDÆMI GETUR VERIÐ MISNOTAÐ TIL ILLRA VERKA.

það hafi komið honum á óvart að hreppa Svartfuglinn segir hann: „Ég var orðinn býsna sáttur við það sem mér hafði tekist að gera, en ég gekk alls ekki að því vísu að vinna. Aðstandendur Svartfuglsins settu

þann skilmála að ef ekkert handrit myndi fullnægja kröfum þá yrði enginn sigurvegari það árið. Mér finnst ánægjulegt að hafa uppfyllt þær kröfur sem gerðar voru.

Verðlaun eins og þessi gefa nýjum höfundi mikinn byr undir báða vængi. Góðir höfundar sem senda frá sér fyrsta skáldverk sitt eiga til að tynast. Þarna er nýjum höfundi gefið tækifæri og keppnin ýtir við fólki. Ég er til dæmis ekki viss um að ég hefði farið af stað með þennan krimma á þessum tíma nema vegna keppninnar. Ég las frétt um

hana þann 31. ágúst 2017 og ákvað 1. september að láta slag standa og drífa í því að skrifa glæpasögu.“

Söguleg skáldsaga á borði Hefndarenglar er fyrsta skáldverkið sem kemur út eftir Eirík en ekki það fyrsta sem hann skrifar. „Ég skrifaði sögulega skáldsögu sem ég var eiginlega búinn með þegar ég sá frétt um þessa keppni. Núna liggur hún á borðinu hjá útgáfustjóranum hjá Veröld.“

Eiríkur segist vera glæpasagnaunnandi. „Ég hef alltaf haft gaman af glæpasögum og glæpasagnabáttum. Eins og með allt sem nýtur vinsælda læðist þar með alls konar rusl, en þarna eru líka vel skrifaðar bækur sem eru góðar samfélagslýsingar. Í minni bók er ég ekki bara að draga fram ráðgátu og morð heldur lýsa samfélagi í fortíð og nútíð. Það er baksvið sögunnar. Hið dimma þema bókarinnar er hins vegar hvernig vald sem fylgir ríkidæmi getur verið misnotað til illra verka, um það fjalla báðir þræðir sögunnar sem söguhetjurnar tvær þurfa að leysa úr.“

Önnur glæpasaga

Eins og söguhetjan Sölvi er Eiríkur fæddur í Súðavík. „Ég kláraði fyrsta vetur þar í skóla og fluttist þá þaðan með fjölskyldunni, en hef alltaf haft sterka tengingu við þorpið. Ég er kominn úr Djúpinu langt aftur í ættir og foreldrar mínir höfðu mjög sterk tengsl við staðinn. Ég reyni að draga fram í bókinni hvernig þessi litlu samfélög okkar hafa oft mátt þola mikil aföll. Rétt áður en við fluttum urðu þar þrjár bátsskaðar í röð. Ég held að foreldrum mínum hafi þótt nóg komið þegar þau höfðu misst ár eftir ár nána vini í sjóslysum. Ég er líka að sýna fram á

Magnað söguvið

Í umsögn dómnefndar um verðlaunahandritið segir: Í grípandi og liprum texta tekst



höfundinum að veita góða innsýn í veruleikann í litlu samfélagi sem orðið hefur fyrir miklu áfalli. Sagan er spennandi frá upphafi til enda og söguviðið magnað. Samhliða megin-söguþræðinum liggur

annar um undirheima Reykjavíkur þar sem misnotkun, mis-kunnarleysi og ofbeldi ráða ríkjum. Áhrifarík og haganlega samansett saga sem heldur lesandanum föngrum allt fram að óvæntum sögulokunum.

andstæður sem fylgja því að búa við nyrsta haf. Sumrin eru algjör paradís en veturnir geta breyst í helvíti, eins og hendi sé veifað, bæði til sjós og lands.“

Eiríkur er kominn af stað með næstu glæpasögu með sömu tveimur aðalpersónum. „Ég hef fundið að fólki finnst þetta vera sterkar sögupersónur sem er mikilvægt í svona bókum. Þær halda áfram í næsta ævintýri og þá munu lesendur væntanlega kynnast hinni ungu Ísold betur og hennar sögu.“

Listasalur Mosfellsbæjar

auglýsir eftir umsóknum fyrir sýningarárið 2020

Listasalur Mosfellsbæjar er fjölnota salur í hjarta Mosfellsbæjar, staðsettur inn af Bókasafni Mosfellsbæjar. Sýningar standa að jafnaði um fjórar vikur og er salurinn lánaður endurgjaldslaust.

Sótt er um rafrænt á www.bokmos.is/listasalur

Umsjónarmaður Listasalarins velur úr umsóknum í samstarfi við Menningarmálanefnd Mosfellsbæjar. Við val er tekið mið af fjölbreytni og frumleika. Umsóknarfrestur er til 1. júní 2019.

Listasalur Mosfellsbæjar
Kjarni
Þverholt 2
270 Mosfellsbær

s: 566 6822
listasalur@mos.is
www.bokmos.is/listasalur
www.facebook.com/listasalurmoso



Töfrabókin

BÆKUR

Harry Potter og viskusteinninn

★★★★★

J.K. Rowling

Þýðandi: Helga Haraldsdóttir
Útgefandi: Bjartur
Fjöldi síðna: 291

Það eru tuttugu ár síðan fyrsta Harry Potter bókin, Harry Potter og viskusteinninn, eftir J.K. Rowling kom út á íslensku og ekki þarf að fara mörgum orðum um vinsældirnar. Harry Potter og félagar hans urðu vinir barna og unglunga sem fylgdu þeim samviskusamlega allt til loka bókaflokksins. Bókaforlagið Bjartur stefnir á endurútgáfu á bókaflokknum og fyrsta bókin er komin, Harry Potter og viskusteinninn.

Nú, tuttugu árum eftir að bókin kom út á íslensku, er forvitnilegt að lesa aftur verkið sem hafði svo töfrandi áhrif á ungmenni um allan heim. Í stuttu máli þá flokkast Harry Potter og viskusteinninn til klassískra barnabókmennta. Hún er skemmtileg og spennandi, sneisafull af óvæntum atburðum og furðulegum og stundum ógnvekjandi verum. Aðalpersónurnar eru svo einfaldlega ómótstæðilegar, og þar fer Harry Potter vitanlega fremstur í flokki, ásamt vinum sínum Ron og Hermione.

Veröld galdrana

Í skáldsögum hafa munadjarlaus börn sem búa við illan kost ákveðið forskot á aðrar persónur því samúð lesandans er með þeim frá upphafi, þau þurfa ekki að ávinna sér hana. Þetta á við um Harry Potter, sem



sefur í kompu, fullri af kóngulóm, undir stiganum á heimili móðursystur sinnar og eiginmanns hennar og gengur í notuðum flikum af hinum ofurdekraða og mjög svo þreytandi Dudley frænda sínum. Lesandinn stendur allt frá byrjun með Harry og fær snemma að vita að aðalpersónan er ekkert venjulegt barn. „Það verða skrifaðar bækur um Harry, hvert einasta barn í okkar heimi

mun þekkja nafn hans,“ segir ein persóna bókunnar snemma í verkinu. Þar er verið að spá fyrir frægd hans í galdraheimum, en orðin eiga jafnt við um frægd hans í bókmenntasögunni. Þannig reyndist Rowling þarna merkilega sannspá um velgengni sína og sögupersónu sinnar.

Harry Potter og viskusteinninn er bók fyrir alla þá sem trúa á mátt myndunarafslins og geta auðveldlega séð fyrir sér töfraheima. Rowling höfðar til þessara eiginleika sem ungir lesendur hafa í svo ríku mæli. Eins og á við um allar verulega góðar barnabækur þá höfðar þessi bók þó ekki síður til þeirra fullorönu sem hefur tekist að varðveita barnið í sér. Einnig þeir munu hrifast við lesturinn og gleyma sér í veröld galdrana.

Baráttan við illskuna

Harry Potter er galdradrengur í galdraskóla, fær að nota galdrastaf og eignast meira að segja huliðsskikkju og spilar fótbolta þar sem hann svífur í loftinu á galdrakústi. Hann stundar nám í alls kyns galdrafögum en þarf einnig að takast á við andstæðinga, eins og skólalabróður sinn Draco sem leggur sig fram við að gera honum lífið leitt.

Það er ekkert undarlegt að æska heimsins hafi fallið fyrir þessu

söguefni. Sagan er full af alls kyns undrum og stórmerkjum. Lesandinn veit aldrei fyrirfram hvað muni gerast. Í einum kafla birtast draugar skyndilega, þar á meðal einn sem er klæddur pipukraga og sokkabuxum, og í öðrum kafla þurfa Harry og félagar að takast á við fjögurra metra fjallatröll. Allt er það þó næstum meinleysilegt í samanburði við hina hrollvekjandi illsku sem lesandinn kynnist í gegnum lýsingar á Volde-mort sem drap foreldra Harrys og

vill hann einnig feigan. Um leið finnur lesandinn skjól hjá andstæðingi hans, hinum góða Dumbledore skólalastjóra Hogwartsskólans.

Eins og þeir vita sem gleypst hafa í sig allan bókaflokkinn þá er baráttan milli góðs og illis rétt að hefjast!

Kolbrún Bergþórsdóttir

NIDURSTAÐA: Fyrsta Harry Potter bókin er klassík sem öll börn eiga að hafa aðgang að. Bók sem er full af töfrum.

INKASSODEILDIN HEFST Í DAG

LAUGARDAGUR 4. MAÍ

16.00 Leiknir R. – Magni
16.30 Þór – Afturelding

SUNNUDAGUR 5. MAÍ

14.00 Þróttur R. – Njarðvík
14.00 Víkingur Ó. – Gróttá
14.00 Fjölnir – Haukar
14.00 Keflavík – Fram

Allir á völlinn!



INKASSO
DEILDIN



OPIN VINNUSTOFA

Það verður opin vinnustofa hjá mér að Lyngási 7-9 næsta laugardag og sunnudag (4. og 5. maí) frá klukkan 13-17.

Verið velkomin.

HAUKUR DÓR VINNUSTOFA · LYNGÁSI 7-9 · GARÐABÆ

Hvað? Hvenær? Hvar? Laugardagur

hvar@frettabladid.is

Listahátíð barna í Reykjanesbæ

Hvað? Fjölbreytt dagskrá
Hvenær? 12.00-17.00
Hvar? Duus Safnahús og nágrenni þess. Fjölskylduratleikur, Fjöla tröllastelpan, Sápukúlufjör með Sirkus Íslands, Danskennsla, Lilli klifurmús og Mikki refur og ótal fleiri atriði.

Fjölskyldustund

Hvað? Fjórufurð
Hvenær? 13.00

4. MAÍ

Þjóðleikhúsið 551 1200 • leikhusid.is

Ronja Ræningjadóttir Stóra sviðið

Sun 05.05	kl. 13:00	U	Lau 18.05	kl. 13:00	Alu	Sun 26.05	kl. 13:00	Ö	Lau 8.6	kl. 13:00	Alu
Sun 05.05	kl. 16:00	U	Lau 18.05	kl. 16:00	Alu	Sun 26.05	kl. 16:00	Alu	Lau 8.6	kl. 16:00	Alu
Sun. 12.05	kl. 13:00	U	Sun. 19.05	kl. 13:00	Ö	Sun 2.6	kl. 13:00	Alu			
Sun. 12.05	kl. 16:00	U	Sun. 19.05	kl. 16:00	Ö	Sun 2.6	kl. 16:00	Alu			

Einræðisherrann Stóra sviðið

Lau 04.05	kl. 19:30	Ö	Mið 08.05	kl. 19:30	
